



## **MA ritgerð**

### **Félagsráðgjöf til starfsréttinda**

**Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í**

**æsku af hálfu kvenna**

**Áhrif á líf og líðan karlkyns þolenda**

Hilmar Jón Stefánsson

**Leiðbeinandi: Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir**  
**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD**

**Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku af hálfu kvenna**

***Áhrif á líf og líðan karlkyns þolenda***

Hilmar Jón Stefánsson

171281-5479

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda

Leiðbeinandi: Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Desember 2013

Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku af hálfu kvenna –  
áhrif á líf og líðan karlkyns þolenda

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í félagsráðgjöf til starfsréttinda  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Hilmar Jón Stefánsson, 2013

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland, 2013



## Útdráttur

Á Íslandi má áætla að um 17% barna hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur og að um 7% gerenda kynferðisofbeldis gagnvart börnum á Íslandi séu konur. Vísindalegt gildi þessarar rannsóknar er fyrst og fremst að stuðla að aukinni þekkingu á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum og varpa ljósi á afleiðingar kynferðisofbeldis kvenna gagnvart ungum drengjum. Viðtöl voru tekin við fimm karlmenn á aldrinum 30 til 65 ára sem höfðu verið misnotaðir kynferðislega af konum í æsku. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að enginn af viðmælendunum sagði frá kynferðisofbeldinu fyrir 18 ára aldur. Flestir þeirra þögðu langt fram á fullorðinsárin með tilheyrandi skömm og sektarkennd. Allir viðmælendurnir greindu frá mikilli vanlíðan á fullorðinsaldri, til að mynda þunglyndi, kvíða, félagsfælni, sjálfskaðandi hegðun, lélegri sjálfsmynd, að þeir ættu erfitt með að setja öðrum mörk og ættu í erfiðleikum með kynlíf og nán sambönd.

## **Abstract**

It is estimated that in Iceland approximately 17% of children under the age of 18 have been subjected to sexual abuse and 7% of sexual abusers are female. The aim of this study was to increase the understanding of sexual abuse and its effects on young boys abused by women. Five male victims of female sexual offenders were interviewed for the study. The participants were between the ages of 30 and 65 at the time of the interviews and had all been sexually abused by women in childhood. The study's main findings were that none of the study participants attempted to disclose the sexual abuse before the age of 18. Most of the study participants withheld disclosure well into adulthood and suffered the associated shame and guilt. All of the participants had suffered immense emotional pain in adulthood and among the difficulties the participants mentioned were depression, anxiety, social phobia, self-destructive behavior, poor self-image, difficulties in setting boundaries and difficulties with sex and intimate relationships.

## Formáli

Verkefni þetta er unnið sem 30 eininga lokaverkefni til meistaragráðu og starfsréttinda í félagsráðgjöf við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Meistaraverkefni þessu er ætlað að vera framlag í baráttu gegn kynferðisofbeldi gagnvart börnum og til að vekja athygli á drengjum sem þolendum kynferðisofbeldis. Ég vil þakka öllum þeim sem studdu mig við vinnslu þessa verkefnis. Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir var leiðbeinandi minn við verkefnið og færi ég henni bestu þakkir fyrir gott samstarf og faglega leiðsögn. Jóhanni B. Loftssyni sálfræðingi og Ingólfi Harðarsyni þakka ég fyrir aðstoð við að nálgast viðmælendur. Ingólfur hefur einnig verið hjálplegur í gegnum allt ferlið og fyrir það er ég honum gríðarlega þakklátur. Sérstakar þakkir fá þátttakendur rannsóknarinnar fyrir hugrekkið sem þeir sýndu, án þeirra hefði rannsóknin ekki orðið að veruleika. Ég vil óska þeim alls hins besta og til hamingju með þann árangur sem þeir hafa náð í gegnum alla sína vinnu. Fyrir yfirlestur vil ég þakka Jóhönnu Ýr Jónsdóttir og Sigríði Stephensen Pálsdóttur sem hefur alltaf verið mér ótrúleg hvatning. Jóhanni Guðna Reynissyni færi ég sérstakar þakkir fyrir faglegan og vandaðan prófarkalestur. Síðast en ekki síst vil ég þakka fjölskyldu minni og eiginkonu, Sísí Ástþórsdóttur, fyrir ómetanlegan stuðning og umburðarlyndi sem þau hafa sýnt mér í gegnum námið og fyrir að hafa endalausa trú á mér.





## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>4</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>9</b>
1.1 Tilgangur og markmið rannsóknar .....	10
1.2 Uppbygging ritgerðar .....	10
<b>2 Fræðileg umfjöllun</b> .....	<b>13</b>
2.1 Almenn skilgreining .....	13
2.1.1 Lagaleg skilgreining á kynferðisofbeldi.....	15
2.2 Tíðni .....	16
2.3 Kenningar.....	18
2.3.1 Mismunandi flokkun kenninga.....	19
2.3.2 Lýsandi kenning um ferli kynferðisofbeldis þar sem gerandinn er kona .....	20
2.4 Konur sem gerendur kynferðislegs ofbeldis .....	23
2.4.1 Hlutfall kvenkyns gerenda kynferðisofbeldis .....	23
2.4.2 Formgerðarflokkun kvenkyns gerenda .....	25
2.4.3 Rannsóknir er varða kvenkynsgerendur kynferðisofbeldis.....	28
2.4.4 Áhrif kynjahlutverka.....	29
2.4.5 Notkun lygamæla í rannsóknum og meðferð .....	31
2.5 Afleiðingar kynferðisofbeldis .....	33
2.5.1 Kenning um afleiðingar kynferðisofbeldis.....	34
2.5.2 Samanburður á þolendum og öðrum.....	35
2.5.3 Samanburður á afleiðingum eftir kyni þolenda .....	37
2.5.4 Afleiðingar kynferðisofbeldis þegar gerandinn er kona .....	37
2.5.5 Verða þolendur að gerendum? .....	39
2.6 Rannsóknarspurningar .....	42
<b>3 Aðferð</b> .....	<b>43</b>
3.1 Framkvæmd .....	44

3.2 Þátttakendur.....	44
3.3 Siðferðileg álitamál .....	45
3.4 Úrvinnsla gagna og framsetning niðurstaðna .....	45
<b>4 Niðurstöður .....</b>	<b>47</b>
4.1 Upplifun á kynferðisofbeldinu .....	47
4.1.1 Verknaðurinn .....	48
4.1.2 Upplifun á kynferðisofbeldinu.....	50
4.2 Að segja frá kynferðisofbeldinu .....	51
4.2.1 Ástæðan fyrir þögninni .....	52
4.2.2 Aðdragandinn .....	53
4.2.3 Upplifun þeirra af því að segja frá kynferðisofbeldinu.....	54
4.3 Afleiðingar vegna kynferðisofbeldisins á líf og líðan.....	55
4.3.1 Líðan .....	56
4.3.2 Nám .....	58
4.3.3 Tengsl þolenda við börnin sín .....	58
4.3.4 Flótti.....	59
4.3.5 Kynlíf.....	60
4.4 Samskipti við maka/konur .....	62
4.5 Fordómar .....	64
4.6 Bataferli/Bati/Framtíðarsýn.....	67
<b>5 Umræða .....</b>	<b>69</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>77</b>
<b>Viðauki 1 – Viðtalsvísir .....</b>	<b>83</b>
<b>Viðauki 2 – Upplýsingar til þátttakenda rannsóknarinnar .....</b>	<b>85</b>
<b>Viðauki 3 – Upplýst samþykki.....</b>	<b>89</b>

## 1 Inngangur

Kynferðislegt ofbeldi (KOF) gagnvart börnum er málefni sem hefur verið mikið rannsakað undanfarna áratugi og óhætt er að fullyrða að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sé til staðar í öllum samfélögum. Það hefur hinsvegar verið erfiðara að meta umfang KOF gagnvart börnum þar sem rannsóknir gefa oft mismunandi niðurstöður en algengast er að tíðnin mælist undir 10% hjá drengjum og 10% til 20% meðal stúlkna (Pereda, Guilera, Forns, og Gómez-Benito, 2009). Á Íslandi má áætla að um 17% barna hafi verið beitt KOF fyrir 18 ára aldur, 23% stúlkna og 8% drengja, eða einn drengur á móti hverjum þremur stúlkum (Hrefna Ólafsdóttir, 2011).

Þegar kyn gerenda KOF er skoðað kemur í ljós að í flestum tilfellum eru karlar gerendur. Á hverju ári hafa þó að meðaltali 3,6% skjólstæðinga Stígamóta verið beittir KOF af konu í æsku (Stígamót, e.d.). Samkvæmt niðurstöðum Hrefnu Ólafsdóttur (2011) má áætla að 7 % gerenda KOF gagnvart börnum á Íslandi séu konur.

Þegar rannsakandi var að velja viðfangsefni fyrir rannsóknina og velti upp hugmyndum við Gylfa Jónsson félagsráðgjafa kom til tals hugmynd að rannsókn sem Gylfi ætlaði að gera ári fyrr. Gylfi hafði verið í sambandi við Jóhann B. Loftsson sálfræðing sem vissi um hugsanlega viðmælendur. Rannsakanda fannst tilvalið að halda áfram með hugmynd Gylfa og þótti spennandi vinkill á viðfangsefnið að fjalla um kvenkynsgerendur. Rannsakandi á nokkra vini, bæði konur og karlmenn, sem eru þolendur KOF í æsku en ekkert þeirra hefur sagt honum frá KOF í æsku þar sem gerandinn var kona. Rannsakandi telur vera þörf á þessari rannsókn og valdi viðfangsefnið vegna skorts á umræðu í samfélaginu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart drengjum og kvenkynsgerendum í kynferðisafbrotum. Eftir að hafa lesið yfir íslenskar B.A. og M.A. ritgerðir í hinum ýmsu fræðigreinum um kynferðisbrot uppgötvaði rannsakandi að það er merkilega lítið fjallað um kvenkynsgerendur KOF. Þessi hópur virðist afskiptur vegna þess að hann er í minnihluta. Á Íslandi hefur einungis ein kona verið dæmd fyrir kynferðisbrot á Íslandi. Það var árið 2007 en hún braut gagnvart fullorðinni vinkonu sinni. Vonandi munu niðurstöður þessarar rannsóknar verða skref í

að opna umræðuna um þessi mál og vekja áhuga hjá öðrum til frekari rannsókna á þessu málefni.

### **1.1 Tilgangur og markmið rannsókna**

Markmið rannsóknarinnar er í fyrsta lagi að gefa karlkyns þolendum rödd sem veitir okkur innsýn í hvernig karlar hafa upplifað afleiðingar kynferðisofbeldis á líf sitt þegar þeir voru drengir sem og fullorðnir. Í öðru lagi er markmiðið með rannsókninni að opna umræðuna um kvenkyns gerendur í kynferðisafbrotum gagnvart börnum.

Meginrannsóknarspurningin, sem leitast var við að svara, var: Hvernig hafa karlmenn, sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi af konum í æsku, upplifað afleiðingar þess í æsku og á fullorðinsárum?

Vísindalegt gildi rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í að stuðla að aukinni þekkingu á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum og varpa ljósi á afleiðingar kynferðisofbeldis í æsku á drengi þegar gerandinn er kona. Niðurstöðurnar munu vonandi gefa tilefni til að þróa frekari spurningar og skilgreina fleiri málefni fyrir nánari rannsóknir á viðfangsefninu.

### **1.2 Uppbygging ritgerðar**

Ritgerðin skiptist í fimm meginhluta; inngang, fræðilega umfjöllun, framkvæmd rannsókna, niðurstöður og að lokum umræður. Fræðilegi hluti ritgerðarinnar hefst á umfjöllun um skilgreiningar á kynferðislegu ofbeldi, mismunandi flokkun út frá alvarleika brota og kynferðisbrot út frá íslenskum lögum. Því næst verður fjallað um helstu tíðnirannsóknir á kynferðisofbeldi og mismunandi áhrifavalda á niðurstöður rannsókna og samanburð milli rannsókna. Í umfjöllun um kenningar verður fjallað um mismunandi flokkun kenninga og kenningu um ferli kynferðisofbeldis þar sem gerandinn er kona. Þar á eftir verður ítarleg umfjöllun um konur sem eru gerendur kynferðisofbeldis, skoðað verður hversu hátt hlutfall gerenda eru konur og hvað er einkennandi fyrir konur sem beita börn kynferðislegu ofbeldi. Fræðilega hlutanum lýkur svo með greinargóðri umfjöllun um afleiðingar kynferðisofbeldis á þolendur. Fyrst verður fjallað um kenningu um afleiðingar kynferðisofbeldis og gerð grein fyrir helstu afleiðingum þess á þolendur. Að lokum er fræðileg úttekt á því hvort miklar líkur séu til þess að þolendur verði gerendur síðar meir. Á eftir fræðilegri umfjöllun verður farið yfir framkvæmd

rannsóknar, þar sem rannsóknaraðferð verður kynnt. Þar á eftir verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og að lokum er umræðukafli þar sem helstu niðurstöður verða dregnar saman og tillögur að áframhaldandi rannsóknum á þessu sviði settar fram.



## 2 Fræðileg umfjöllun

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um fræðilegan bakgrunn og ýmis sjónarhorn á kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum. Í fyrsta kafla verður umfjöllun um mismunandi skilgreiningar á kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Í öðrum kafla er samantekt á helstu niðurstöðum rannsókna um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum bæði á Íslandi og erlendis. Í þriðja kafla verður stutt umfjöllun um mismunandi flokkun kenninga og farið nánar í kenningar um kynferðisofbeldi þar sem gerandinn er kona. Í fjórða kafla, sem er síðasti kafli í fræðilegri umfjöllun, verður fjallað um afleiðingar kynferðisofbeldis á þolendur.

### 2.1 Almenn skilgreining

Kynferðislegt ofbeldi er hugtak sem nær yfir hverskonar athæfi sem brýtur gagnvart barni á kynferðislegan hátt. Það felur meðal annars í sér að barn er látið horfa á kynferðislegar athafnir eða klámfengið efni, óviðeigandi káf á kynfærum eða nálægt þeim bæði innan og utan klæða, nauðgun, kynferðismök óháð vilja barnsins, sífjaspell, barnaklám og þegar barn er neytt út í vændi. Kynferðisleg athöfn, sem ekki er samþykki fyrir, er kynferðislegt ofbeldi. Börn geta ekki veitt samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum sem þau hafa ekki aldur eða þroska til að skilja. Þar af leiðandi getur barn aldrei gefið samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum við fullorðinn einstakling (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Umboðsmaður barna, e.d; Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 2009).

Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2003) beitir forsjáraðili barn kynferðislegu ofbeldi þegar hann lætur það sinna kynferðislegum þörfum sínum eða annarra eða misbýður því með kynferðislegum athugasemdum eða athöfnum. Þar er KOF skipt í þrjá flokka eftir alvarleika athafna: 1) Samfarir og/eða munnmök. 2) Þukl innan klæða á kynfærum. 3) Þukl utan klæða á kynfærum eða nálægt þeim, annars konar kynferðisleg hegðun í návist barns, sem sagt klámfengnar athugasemdir, teknar myndir af barni í kynferðislegum tilgangi og horft á kynfæri barns, kynferðislegar athafnir eða klámefni viðhaft í návist barns.

Þannig getur KOF verið athæfi sem felur ekki í sér snertingu, svo sem sýnipörf, gægjubörf, óviðeigandi kynferðislegt tal við barn, að sýna barni klámfengið efni, að taka myndir eða myndbönd af börnum í kynferðislegum stellingum eða láta þau horfa á aðra í kynferðislegum athöfnum, þar á meðal sjálfsfróun (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Sigríður Björnsdóttir, 2011).

*Blátt áfram* eru grasrótarsamtök sem hafa unnið að forvörnum og fræðslu um KOF gagnvart börnum síðan 2004. Markmið þeirra er að fræða börn og fullorðna um KOF og hvað sé hægt að gera til að reyna að fyrirbyggja það. Samkvæmt skilgreiningu þeirra er KOF hvers kyns kynlífsathafnir þar sem barn á í hlut og valdajafnvægið er ójafnt vegna aldurs- eða þroskamunar. Um getur verið að ræða einstakan atburð eða viðvarandi ástand sem varir í mánuði eða ár (Sigríður Björnsdóttir, 2011). Með þessari skilgreiningu getur barn, sem er yngra en 18 ára, verið gerandi gagnvart öðru barni sé valdamunur á þeim til dæmis vegna aldursmunar.

Þegar fræðimenn eru að rannsaka KOF gagnvart börnum þarf að aðgreina þá sem hafa verið beittir KOF og þá sem hafa ekki þá reynslu. En þar sem KOF nær yfir margskonar birtingarmyndir kynferðislegs ofbeldis, reynist oft erfitt að draga línuna og finna sameiginlega skilgreiningu sem hægt er að nota fyrir ólíka menningarheima. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst samstaða um slíka skilgreiningu eru ákveðnir sameiginlegir þættir í flestum þeirra. Þessir þættir eru eftirfarandi: 1) Aldur þolanda þegar KOF á sér stað. 2) Kynferðislegar athafnir sem KOF felur í sér og þá sérstaklega hvort um snertingu sé að ræða eða ekki. 3) Aldursbil milli þolanda og geranda. 4) Hvort þvingunum eða hótunum hafi verið beitt. Það er einnig algengt að skilgreiningarnar taki tillit til tíðni brotanna og hver tengsl milli þolandans og geranda séu. Þrátt fyrir að flestir rannsakendur séu sammála um þessi atriði er munur á hvernig ýmis efnisatriði eru útfærð (Hulme, 2004).

Það er gríðarlegur munur á tíðnitölum um KOF gagnvart börnum eftir því hvaða skilgreiningar á KOF eru notaðar og gerir það samanburð milli rannsókna erfiðan. Í aðalatriðum eru flestir sammála um skilgreiningu KOF en það reynist erfiðara þegar umræðan fer á grúa svæðið. Er í lagi að foreldrar gangi um naktir heima hjá sér? Á hvaða aldri er í lagi fyrir börn að fara í sturtu með foreldrum sínum? Er hægt að flokka kynferðisleiki meðal jafnaldra sem KOF?



### 2.1.1 Lagaleg skilgreining á kynferðisofbeldi

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálinn, var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur af Alþingi tveimur árum síðar. Barnasáttmálinn er sá mannréttindasamningur sem hefur verið staðfestur af flestum þjóðum. Hann felur í sér viðurkenningu á því að börn þurfa á sérstakri vernd að halda og eru með sjálfstæð réttindi. Barnasáttmálinn var loks lögfestur hér á landi þann 20. febrúar 2013 og ber Íslandi skylda að fara eftir honum í orði og gjörðum. Samkvæmt 19. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013 eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, þar með talið KOF og viðeigandi stuðningi (Umboðsmaður barna, e.d.).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á lögum með það að markmiði að vernda stöðu barna. Árið 2007 voru yfirgripsmiklar breytingar gerðar á kynferðisbrotakafla hegningarlaga. Má þar fyrst nefna rýmkun á skilgreiningunni um nauðgun sem tekur nú tillit til fleiri tilvika en áður, til dæmis ef viðkomandi getur ekki spornað við verknaðinum vegna andlegs ástands eða ölvunar. Refsingar voru þvingdar og kynferðislegi lágmarksaldurinn hækkaður um eitt ár eða úr 14 ára upp í 15 ára. Sjá má hversu alvarlegum augum er litið á þessi brot út frá refsiramma grófustu brotanna (Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011). Í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 er kveðið á um að sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, getur átt yfir höfði sér allt að 16 ára fangelsi og þessi brot fynast ekki með tímanum. Vegna breytinga á fyrningarreglum kynferðisbrota gagnvart börnum fynast alvarlegustu brotin ekki eins og áður var og fyrningartími vægari brota hefst ekki fyrr en barnið hefur náð 18 ára aldri (Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011). Þessar lagabreytingar eru mikilvægar fyrir þolendur KOF þar sem rannsóknir sýna að algengt sé að (58%) börn segi ekki frá KOF sem þau verða fyrir en flestir, eða 88%, segja einhverjum frá reynslu sinni á fullorðinsárum. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur (2011) voru algengustu ástæðurnar fyrir því að segja ekki frá a) að þora því ekki þar sem skömmin var of mikil, b) að eiga erfitt með að setja athæfið í samhengi við að það væri refsivert og c) að finnast sökin vera sín (Hrefna Ólafsdóttir, 2011).

## 2.2 Tíðni

Kynferðisbrot gagnvart börnum hafa verið mikið rannsökuð undanfarna áratugi og það hefur átt þátt í vitundarvakningunni sem hefur átt sér stað. Virðist óhætt að fullyrða að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sé vandamál sem má finna í öllum löndum. Það hefur hinsvegar verið erfiðara að meta umfang KOF gagnvart börnum þar sem rannsóknir gefa oft mismunandi niðurstöður (Maniglio, 2009; Pereda o.fl., 2009). Samkvæmt nýlegum yfirlitsrannsóknnum, sem bera saman fjölmargar niðurstöður tíðnirannsókna út frá aðferðafræði sem hefur verið notuð í þeim, koma svipaðar tíðnitölur út úr viðtölum og spurningakönnunum. Báðar aðferðir hafa sína kosti og galla og því þarf að meta það fyrir hverja rannsókn fyrir sig hvor aðferðin verður fyrir valinu út frá markmiðum rannsóknar, tímamma og fjármagni. Í spurningakönnunum, sem er ætlað að mæla tíðni KOF í æsku, er venja að notast sé við aðra af tveimur aðferðum. Fyrri aðferðin felur í sér að þátttakendum er gefin skilgreining á KOF og í kjölfarið eru þeir spurðir út í reynslu sína. Ef viðkomandi svarar spurningu um reynslu játandi fylgja oft nánari spurningar. Ef viðkomandi hefur reynslu af KOF í æsku en tengir ekki við skilgreiningu rannsakanda um KOF gefst viðkomandi ekki tækifæri að koma reynslu sinni á framfæri. Í seinni aðferðinni eru margar spurningar um mismunandi athæfi sem fela í sér KOF. Þessi aðferð er meira lýsandi og gefur fleiri þátttakendum tækifæri til að svara þeim spurningum. Það kemur því ekki á óvart að þessi aðferð skilar hærri tíðni en sú fyrri. Þessi munur er líklega útskýrður með því að almenn skilgreining rannsakanda er ekki endilega sú sama og svarandi hefur um sína reynslu. Einnig gefa fleiri spurningar þátttakendum meira svigrúm til að rifja upp fortíðina og gefa til kynna eftir hvers konar reynslu rannsakandinn leitar (Hulme, 2004).

Finkelhor (1994) gerði yfirlitsrannsókn sem náði yfir rannsóknir sem framkvæmdar voru á rúmlega 20 ára tímabili í 21 landi. Þrátt fyrir mismunandi niðurstöður og aðferðafræði voru dæmi um KOF gagnvart börnum í öllum rannsóknunum. Samkvæmt niðurstöðum Finkelhor höfðu að minnsta kosti 3% karla og 7% kvenna verið beitt KOF í æsku. Í þeim rannsóknnum, þar sem tíðnin var hæst, höfðu 36% kvenna í Austurríki og 29% karla í Suður-Afríku verið beitt KOF í æsku. Svipuð rannsókn var endurtekin 2007 þar sem niðurstöður 39 rannsókna frá 21 landi voru skoðaðar og bornar saman við fyrri niðurstöður Finkelhors. Í meginráttum voru niðurstöðurnar svipaðar en það sem var frábrugðið var að sumar rannsóknir, sem Finkelhor skoðaði, sýndu engin tilfelli, eða

mjög lágt hlutfall um KOF gagnvart börnum vegna þröngrar skilgreiningar sem notast var við á KOF, meðal annars í Kína. Þar að auki sýndu tvær rannsóknir meira en 50 % tíðni um KOF gagnvart börnum, í Suður-Afríku og í Bandaríkjunum. Nýlegri rannsóknir voru líklegri til að leiða í ljós hærra hlutfall drengja, sem höfðu verið beittir KOF, eða 10% til 20% en þó var algengast að tíðnin væri undir 10% hjá drengjum og milli 10% til 20% meðal stúlkna. Athyglisvert er að tíðnin var á milli 30% til 40% hjá stúlkum í tæplega þriðjungu rannsókna (Pereda o.fl., 2009). Það er algengt meðal karlkyns þolenda að þeir segja ekki frá KOF og afneita að það hafi haft áhrif á þá. Þar af leiðandi leita þeir sér síður aðstoðar vegna afleiðinga KOF (Holmes, Offen og Waller, 1997).

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi til að meta umfang og þróun á KOF gagnvart börnum. Hér verður umfjöllun um tvær slíkar rannsóknir. Eins og þegar hefur komið fram gerði Hrefna Ólafsdóttir (2011) viðamikla tíðnirannsókn á KOF gagnvart börnum um síðustu aldamót. Úrtakið var 1500 manna slembiúrtak úr þjóðskrá þar sem einstaklingum á aldrinum 18 til 60 ára var sendur spurningalisti. Skilgreiningin á KOF var við og í framhaldinu fylgdu með nánari spurningar um tengsl við gerandann, fjölda skipta og alvarleika. Notast var við eftirfarandi skilgreiningu:

„Með kynferðislegri misnotkun er átt við allt kynferðislegt samneyti milli barna og fullorðinna. Athæfi, sem ávallt er óviðeigandi milli barna og fullorðinna, hvort um er að ræða einstakan atburð eða langvarandi kynferðislega misnotkun. Oft er notað orðið sifjaspell (e. incest) sem þýðir kynferðisleg samskipti milli þeirra sem eru tengdir blóðböndum. Spurningarnar í þessari könnun eiga við um allar tegundir kynferðislegrar misnotkunar fullorðinna á börnum og unglíngum.“

(Hrefna Ólafsdóttir, 2011. bls. 244-245).

Í kjölfarið fylgdu spurningar um KOF og hvort viðkomandi hefði reynt af KOF í æsku. Einungis þeir sem svöruðu játandi voru hvattir til að svara nánari spurningum (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Í þeim tilfellum, sem þátttakandi er ekki með sömu skilgreiningu á KOF og rannsakandi, er viss áhætta að hafa einungis eina spurningu til að meta KOF í æsku. En með því að hafa skilgreininguna um KOF víða og margar nánari spurningar í kjölfarið er dregið úr vanköntum aðferðarinnar (Hulme, 2004). Svarhlutfall þátttakenda var í lægri kantinum, eða um 50%, en niðurstöðurnar gefa góðar vísendingar um afleiðingar og umfang KOF hjá börnum á Íslandi. Samkvæmt þeim niðurstöðum höfðu 17% barna á Íslandi verið beitt KOF fyrir 18 ára aldur. Þegar

kynjahlutföllin voru skoðuð höfðu 23% stúlkna og 8% drengja eða einn strákur á móti hverjum þremur stelpum orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Pereda o.fl., 2009; Pérez-Fuentes o.fl., 2013).

Seinni rannsóknin, sem fjallað verður um, er spurningakönnun sem var lögð fyrir nemendum í öllum framhaldsskólum á Íslandi árið 2004. Rúmlega 9.000 nemendur á aldrinum 16 - 19 ára tóku þátt í könnuninni. Skilgreiningin á KOF í rannsókninni var víð, í samræmi við íslenska löggjöf og flokkuð eftir alvarleika líkt og hjá Barnaverndarstofu. Til að meta hvort svarendur hefðu orðið fyrir KOF í æsku voru notaðar fimm spurningar sem gáfu til kynna hversu alvarleg brotin voru. Samkvæmt niðurstöðunum hefur tæplega þriðjungur þátttakenda, 35,7% stúlkna og 17,8% drengja, orðið fyrir KOF fyrir 18 ára aldur (Asgeirsdóttir, Sigfusdóttir, Gudjonsson og Sigurdsson, 2011). Í þessari rannsókn þarf þátttakandi ekki sjálfur að skilgreina reynslu sína sem KOF til að hún flokkist sem slík. Þar er ekki spurt beint út í hvort viðkomandi telji sig hafa orðið fyrir KOF heldur er spurt um sérstök atvik sem flokkast undir KOF (Hulme, 2004). Hins vegar, þegar KOF er skoðað út frá flokkun alvarleika brota, hafa 11,2% þátttakenda orðið fyrir alvarlegu KOF (káf á kynfærum gegn vilja) og 5,6% fyrir mjög alvarlegu KOF (kynferðismök gegn vilja) fyrir 18 ára aldur (Asgeirsdóttir o.fl., 2011).

### 2.3 Kenningar

Sálfræði og afbrotafræði eru þær fræðigreinar sem hafa verið hvað afkastamestar við að rannsaka glæpi og frávíkshæðun. Innan fræðasamfélagsins hefur verið ákveðin afneitun gagnvart því að konur geti verið gerendur KOF. Kenningar, sem eru til um KOF, hafa flestar verið þróaðar með karlkyns gerendur í huga en tilraunir hafa verið gerðar til að færa kenningarnar beint yfir á kvenkyns gerendur með misjöfnum árangri (Harris, 2010).

Samkvæmt rannsókn um kynferðislega þvingun (e. sexual coercion) hjá konum og körlum beittu konur og karlmenn kynferðislegri þvingun í svipuðum mæli. Kynferðisleg þvingun getur falið í sér a) áframhaldandi tælingu eftir höfnun, b) að efast um kynhneigð viðkomandi, c) hótanir, d) að nota áfengi eða vímuefni og e) að nota líkamlegan styrk eða hótun um ofbeldi. Áhættumat var þróað með karlmenn í huga en spáði ekki fyrir um þessa hegðun hjá konunum. Sérstaklega kom fram að hægt væri að spá fyrir um kynferðislega þvingun hjá körlum gagnvart konum út frá kynferðislegum yfirráðum og

félagslegu kynferði (e. sociosexuality) sem felur í sér vilja til skyndikynna og óformlegs og ópersónulegs kynlífs. En hjá konum var það aðallega kynferðisleg hvatvísi en einnig fjandskapur í garð karla sem spáði fyrir um kynferðislega þvingun kvenna gagnvart körlum (Schatzel-Murphy, Harris, Knight og Milburn, 2009).

Rannsóknir hafa sýnt að reynsla af KOF í æsku var algeng hjá bæði konum og körlum sem notuðu kynferðislega þvingun. Það kom einnig á óvart að „kvenlegir“ eiginleikar (e. hyperfemininity) eins og vera tilfinningarík, blíðlyndi og að sýna skilning gagnvart tilfinningum annarra, voru líklegri til að vera til staðar hjá konum sem notuðu kynferðislega þvingun (Schatzel-Murphy o.fl., 2009; Schatzel-Murphy, 2011). Það virðist vera erfiðara að sjá konur fyrir sér beita kynferðislegri þvingun og stundum eru settar fram útskýringar um að þær séu að reyna að hegða sér eins og karlmenn eða séu veikar á geði. En það virðist ekki vera rétt vegna þess að ákveðnir áhættuþættir auka líkurnar á því að kona noti kynferðislega þvingun en áhættuþættirnir eru ekki þeir sömu og hjá karlmönnum. Þrátt fyrir að konur og karlar hegði sér á svipaðan hátt geta verið ólíkar ástæður á bak við hegðunina. Þar af leiðandi er varhugavert að yfirfæra kenningar, sem hafa verið þróaðar til að skýra hegðun karla, á hegðun kvenna (Rossegger o.fl., 2009; Schatzel-Murphy o.fl., 2009; Schatzel-Murphy, 2011).

### **2.3.1 Mismunandi flokkun kenninga**

Ward og Hudson (1998) flokkuðu kenningar um KOF í þrjú svið út frá mismunandi áhersluatriðum og hlutverki viðeigandi þátta í að útskýra hegðunina. Fyrsta stigs kenningar eru fjölþáttakenningar (e. multifactoral) sem fela í sér alhliða útskýringar á KOF út frá mörgum samverkandi þáttum og hvernig þeir geta þróað út í tilhneigingu til að fremja kynferðisbrot. Þessir þættir geta bæði verið líffræðilegir og umhverfisþættir og eru byggðir á fyrirliggjandi rannsóknarniðurstöðum um KOF. Annars stigs kenningar eru þáttakenningar þar sem áherslan er á einn sérstakan þátt sem er talinn sérstaklega mikilvægur til að útskýra þróunina á KOF. Þriðja stigs kenningar eða svokallaðar smættarkenningar (e. micro theories) eru sjaldgjæfari en þær fela í sér lýsandi greiningu á afbrotuferlinu sjálfu. Þær eru þróaðar út frá nákvæmum lýsingum frá gerendum um hegðun, hugsanaferli, hvatningu og félagslega þætti sem tengjast afbrotuferlinu (Harris, 2010)

### 2.3.2 Lýsandi kenning um ferli kynferðisofbeldis þar sem gerandinn er kona

Kenningar um KOF eru flestar byggðar á rannsóknum um karlkyns gerendur og það hefur lítið verið gert til að móta kenningar sérstaklega fyrir konur sem fremja kynferðisglæpi (Harris, 2010). Gannon, Rose og Ward (2008) hafa sett fram kenningu byggða á viðtölum við 22 konur í Bretlandi sem voru í fangelsi fyrir kynferðisbrot. Þolendur þeirra voru samtals 38 talsins, 9 fullorðnir og 27 börn og kynjaskiptingin var 13 karlkyns þolendur og 25 kvenkyns þolendur. Helmingur kvennanna braut af sér með karlmanni og af þeim voru fimm þvingaðar af karlmanni til að gera það (e. male coerced). Þessi kenning lýsir afbrotaferlinu hjá kvenkyns gerendum. Kenningunni er skipt niður í þrjá fasa (e. phase) sem skiptast þannig: Í fyrsta fasa eru bakgrunnspættir, annar fasinn nær yfir tímabilið fyrir afbrotið og þriðji fasinn yfir afbrotatímabilið sjálft.

#### *Fasi I – Bakgrunnspættir*

Fyrsti fasinn felur í sér bakgrunnspætti sem voru áhrifavaldar í þróun persónuleika og manngerð gerendanna. Bakgrunnshfasinn hefur fimm víddir: 1) Fjölskylduaðstæður í æsku. Þar er horft út frá tengslum við foreldra, uppeldisaðferðum foreldra og samheldni fjölskyldunnar. 2) Mótunarárin einkennast af ofbeldi og/eða vanrækslu, hvort sem um er að ræða andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. 3) Aðlögunarhæfni (e. lifestyles outcomes) miðast við hversu vel viðkomandi tekst að takast á við aðstæður sem koma upp í lífinu og vinna úr erfiðleikum úr æskunni. Slæmur félagsskapur og ofbeldisfull viðhorf eru áhættuþættir fyrir lélega aðlögunarhæfni en félagslegur stuðningur hefur verndandi áhrif. 4) Varnarleysisþættir (e. vulnerability factors) sem er skipt niður í eftirtalin fjögur atriði: a) aðlögunarhæfni, b) félagslegan stuðning, c) persónuleika og d) geðheilsu. 5) Streituvaldandi þættir snemma á fullorðinsárum eins og að vera þolandi ofbeldis í nánum samböndum (Gannon o.fl., 2008).

#### *Fasi II – Tímabilið fyrir afbrotið*

Annar fasinn er tímabilið fyrir afbrotið. Þar eru skoðaðir 12 mánuðir fyrir KOF og þá sérstaklega tímabilið rétt fyrir afbrotið. Konurnar koma inn í þennan fasa eftir að hafa verið í mjög streituvaldandi aðstæðum. Þær hafa þróað með sér áhættuþætti sem auka líkur á kynferðislegri afbrotahegðun. Þetta óstöðuga líferni stendur oft yfir í sex mánuði fyrir afbrotið og einkennist af heimiliserjum, fjárhagserfiðleikum, aukinni ábyrgð vegna umönnunarhlutverks barna eða veikra ættingja og afbrotahegðun. Það er í þessu

umhverfi sem konurnar byrja að skipuleggja og setja sér takmark með kynferðisofbeldinu (Gannon o.fl., 2008).

Takmarkið er skilgreint út frá undirliggjandi ástæðum bak við verknaðinn og er skipt í þrjá flokka sem eru: a) kynferðisleg örvun, b) nánd og c) annað.

Í fyrsta lagi eru það konur sem eru að leitast við að fullnægja eigin kynferðislegum þörfum. Hugsanir þeirra einkennast af því að þolandinn sé eins og fullorðinn, hegði sér kynferðislega og sé að daðra. Þær geta verið einar að verki eða í samvinnu við karlmann (Gannon o.fl., 2008).

Í öðru lagi eru það konur sem leitast eftir nánd og hlýju við þolanda eða samgeranda. Það er munur á þeim sem voru einar að verki eða samgerandi stýrði ferlinu. Þær sem voru einar nutu nándarinnar við þolandann og höfðu ríkjandi viðhorf um að hann væri þroskaður miðað við aldur eða að hann þyrfti á þeim að halda. En þær sem voru þvingaðar af karlmanni nutu nándarinnar en einnig yfirráða karlmannsins. Hugsanir þeirra voru litaðar af réttlætingu um að þolandinn væri svo ungur að hann myndi ekki eftir þessu eða að með því að taka þátt þá væru þær að minnka skaðann fyrir þolandann miðað við að hann væri einn með karlkyns gerandanum (Gannon o.fl., 2008).

Í þriðja lagi eru önnur takmörk en það geta verið tilfelli þar sem KOF var notað í hefndarskyni eða til að niðurlægja viðkomandi einstakling eða hópinn sem hann tilheyrir. Ríkjandi viðhorf hjá þeim var að þær ætluðu ekki að láta fólk komast upp með ákveðna hegðun og voru að veita því makleg málagjöld fyrir misgjörðir sínar. Aðrar í þessum hópi voru að sækjast eftir fjárhagslegum ávinningi, til dæmis með því að neyða einhvern út í vændi (Gannon o.fl., 2008).

Það, hvernig konurnar skipuleggja glæpinn, er skipt upp í þrjár gerðir skipulagningar. Þær eru: a) Óbein skipulagning, b) stýrð skipulagning og c) skýr skipulagning. Óbein skipulagning á við þegar konan virðist ómeðvitað hagræða aðstæðum á þann hátt að það auki líkur á líkamlegri eða tilfinningalegri nánd við þolandann. Stýrð skipulagning er þegar karlmaður stýrir skipulagningunni og misnotkuninni sjálfri en konan fylgir fyrir mælum frá honum vegna mótstöðuleysis (e. passivity) eða mikils ótta. Skýr skipulagning er þegar konan skipuleggur kynferðisofbeldið vandlega og meðvitað. Sumar konurnar, sem virtust beita kynferðisofbeldi sjálfviljugar, fóru ekki í gegnum neitt skipulagningarferli (Gannon o.fl., 2008).

### *Fasi III – Brotatímabilið*

Þriðji fasinn lýsir mismunandi nálgunum að brotinu, kynferðisofbeldinu sjálfu og tímanum strax eftir afbrot. Nálgunin felur í sér hvaða aðferð gerandinn notar til að nálgast þolandann og hvernig það tengist skipulagningunni og takmarkinu í fyrri fasa. Gerandinn notaði fjórar meginnálganir sem eru: a) Móðurleg nálgun (e. maternal approach), b) móðurleg nálgun en fráhverf (e. maternal avoidant), c) árásgjörn nálgun (e. aggressive approach) og d) verkleg nálgun (e. operationalized approach) (Gannon o.fl., 2008).

Móðurleg nálgun felur í sér að gerandinn nálgast þolanda á þvingandi hátt en án þess að vera árásgjörn (e. aggressive). Konan reynir ekki að koma í veg fyrir að hún beiti KOF og nálgast þolandann oftast beint. Algengar réttlætningar eru að barnið sé proskað og geti tekið eigin ákvarðanir. Þessi aðferð er algeng meðal þeirra kvenna sem brjóta einar gagnvart unglingsstrákum en er einnig notuð af þeim sem brjóta af sér með öðrum (Gannon o.fl., 2008).

Móðurleg en fráhverf nálgun á við um konur sem reyna að koma í veg fyrir KOF en vegna þvingana frá ofbeldisfullum meðgeranda nálgast þær þolendur með þvingunum en án þess að vera árásgjörn. Þessi hópur kvenna reynir að réttlæta afleiðingar þolanda fyrir sér, upplifir mikla vanlíðan og litla kynferðislega örvun (Gannon o.fl., 2008).

Árásgjörn nálgun er lýsandi fyrir konur sem brjóta kynferðislega gagnvart fullorðnum og gera það gjarnan í hóp. Þegar KOF á sér stað þá er það notað til að refsa þolanda, til dæmis fyrir að halda framhjá eða fyrir að hafa beitt einhvern KOF. Gerendurnir virtust ekki hafa neinn áhuga á kynferðislega hlutanum í afbrotinu heldur var það einungis hluti af refsingunni sem þeir voru að veita (Gannon o.fl., 2008).

Verklega nálgunin á við þegar gerandinn stundar mansal eða neyðir barn til að stunda vændi og telur KOF nauðsynlegt til að nálgast markmið sitt. Barnið er þannig brotið niður til þess að hægt sé að hafa fjárhagslegan ávinning af því (Gannon o.fl., 2008).

### *Afbrotaferlið*

Afbrotaferli þátttakenda í fyrrgreindri rannsókn Gannon o.fl. (2008) var mátað inn í kenninguna um kynferðislegt ofbeldi af hálfu kvenna gagnvart börnum út frá



upplýsingum úr viðtölum. Þá kom í ljós að hægt var að flokka allar konurnar nema fjórar í þrjú sameiginleg ferli. Þær fjórar, sem ekki var hægt að staðsetja í neinu ferli, gáfu ekki nógu ítarlegar upplýsingar í viðtalinu til að það væri hægt. Tæplega helmingur þátttakenda (9 konur) var með skýra skipulagningu og einbeittan brotavilja. Þær brutu gagnvart fullorðnum, börnum ýmist einar eða í samstarfi við karlmenn en voru ekki þvingaðar af þeim. Ferlið hjá fjórum konum einkenndist af óbeinni skipulagningu. Þær voru óskipulagðar, með litla sjálfstjórn, hvatvísar og voru almennt ekki búnar að skipuleggja að brjóta af sér rétt fyrir afbrotið. Fimm konur reyndu að komast hjá því að brjóta af sér og tóku ekki þátt í skipulagningunni sjálfri en var stýrt af þvingandi samgeranda (Gannon o.fl., 2008).

## **2.4 Konur sem gerendur kynferðislegs ofbeldis**

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum þar sem gerandinn er kona var talið vera svo sjaldgjæft að lengi vel var litið fram hjá því af vísindasamfélaginu (Saradjian, 2010; Wijkman, Bijleveld og Hendriks, 2010). Á Íslandi hafa kvenkynsgerendur í kynferðisbrotum lítið sem ekkert verið rannsakaðir. Í námsritgerðum um kynferðisbrot er aðallega fjallað um kynferðisbrot þar sem karlmenn eru gerendur. Jafnvel í ritgerðum sem fjalla um tíðni og afleiðingar kynferðislegs ofbeldis er oft ekki nema ein setning eða ein lítil málsgrein um kvenkynsgerendur. Sú umfjöllun er oft og tíðum á þann veg að karlmenn séu í miklum meirihluta eða sjaldgjæft sé að kvenmenn fremji slíka glæpi.

### **2.4.1 Hlutfall kvenkyns gerenda kynferðisofbeldis**

Í nýlegri bók, „Hinn launhelgi glæpur“, fer lítið fyrir umfjöllun um konur sem gerendur í kynferðisbrotum. En samkvæmt niðurstöðum Hrefnu Ólafsdóttur (2011) má áætla að 7 % gerenda KOF gagnvart börnum á Íslandi séu konur. Stígamót hefur haldið utan um tölfræðilegar upplýsingar um skjólstæðinga sína til fjölda ára og birtir þær reglulega í ársskýrslum sínum. Þegar kyn gerenda er skoðað kemur bersýnilega í ljós að í flestum tilfellum eru karlar gerendur í málum skjólstæðinga Stígamóta. En á hverju ári hafa 1,2% til 5,6%, eða að meðaltali 3,6% skjólstæðinga Stígamóta, verið beittir KOF í æsku af konu. Í þeim tólf ársskýrslum, sem finna má á heimasíðu samtakanna, liggja fyrir upplýsingar um kyn gerenda í níu. Það er ekki hægt að segja með vissu hve margar konur eru þarna að verki vegna þess að í sumum tilfellum gætu þær verið taldar oft en einu sinni milli ára en samtals eru 115 gerendur merktir sem konur (Stígamót, e.d.).

Samkvæmt erlendum rannsóknum er algengt að á bak við hvern kvenkyns geranda séu mörg fórnarlömb (Saradjian, 2010; Wijkman o.fl., 2010).

Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir (2007) gerðu rannsókn á íslenskum kynferðisbrotamönnum út frá svörum brotþola sem leituðu til Stígamóta á tilteknu tímabili. Þátttakendur voru 84 konur og 10 karlar, samtals 94 einstaklingar sem greindu frá jafnmörgum gerendum. Í flestum tilfellum var um karla að ræða sem gerendur en í 8,5% tilvika voru gerendurnir konur. Erlendis hafa svipaðar rannsóknir sýnt töluvert hærra hlutfall, eða að á bilinu 3% til 52% þolenda hafi verið beittir kynferðislegu ofbeldi af konum. Rannsóknir á þolendum hafa sýnt hærri tíðni kvenkynsgerenda en rannsóknir þar sem þátttakendur eru þekktir gerendur. Í rannsóknum á gerendum er hlutfall kvenna á bilinu 1,5% til 8,3% (Saradjian, 2010).

Viðamikil rannsókn var gerð til að áætla tíðni KOF gagnvart drengjum í Suður-Afríku. Spurningalisti var lagður fyrir tæplega 270 þúsund nemendur í 1191 skóla og af þeim voru tæplega 127 þúsund drengir á aldrinum 11 til 19 ára. Þegar rannsóknin var gerð náði skilgreiningin á nauðgun einungis yfir nauðgun gagnvart konu eða stúlku. Ef dreng var nauðgað var hægt að kæra gerandann fyrir ósiðlega árás (e. indecent assault) en við slíku athæfi er töluvert vægari refsing en nauðgun. Það var ekki fyrr en árið 2007 sem skilgreiningin á nauðgun var víkkuð og nær núna yfir allar nauðganir, óháð kyni þolandans. Þess vegna var spurt hvort viðkomandi hefði orðið fyrir þvingaðri kynlífsathöfn (e. forced sex without consent) síðastliðið ár. Þar að auki var spurt hver tengsl gerandans væru við þolanda og um kyn gerandans. Í ljós kom að 9% drengja höfðu orðið fyrir þvingaðri kynlífsathöfn síðastliðið ár og hlutfallslega flestir voru í yngsta aldurshópnum. Nokkuð hátt hlutfall 10 ára drengja hafði verið beitt KOF síðastliðið ár, eða 14%. Á meðal þeirra sem voru 18 ára, þegar spurningalistinn var lagður fyrir, höfðu 44% einhvern tímann orðið fyrir þvingaðri kynlífsathöfn. Þegar kyn gerandans var skoðað höfðu 32% þeirra, sem svöruðu spurningunni, verið misnotuð af karlmanni, 41% af konum og 26% af báðum kynjum (Andersson og Ho-Foster, 2008).

Það er ekki einsdæmi að svona há tíðni kvenkynsgerenda mælist. Í Bandaríkjunum svöruðu 17 þúsund fullorðnir könnun þar sem var meðal annars spurt út í ofbeldi og vanrækslu í æsku. Konur voru með hærri tíðni KOF í æsku sem fól í sér snertingu og er það í samræmi við aðrar rannsóknir (Finkelhor, Hotaling, Lewis og Smith, 1990). Nokkuð

stór hluti fólks hafði orðið fyrir KOF í æsku, eða 16% karla og 25% kvenna. En þegar kyn gerenda var skoðað reyndist kvenkynsgerandi koma við sögu í 40% tilfella hjá körlum og í 6% tilfella hjá konum (Dube o.fl., 2005).

Hér hefur verið fjallað um tvær erlendar rannsóknir sem sýna hátt hlutfall af kvenkynsgerendum. Erfitt getur reynst að mæla hlutfall kvenkynsgerenda nákvæmlega og það eru ekki allar rannsóknir sem sýna svona hátt hlutfall. Þó gefa þessar rannsóknir vísbendingar um að hlutfall kvenkyns gerenda geti verið vanmetið. Cortoni og Hanson (2005) gerðu yfirgripsmikla og áreiðanlega rannsókn með því að skoða gögn um þekktu gerendur og þolendur í rannsóknnum frá Bandaríkjunum, Englandi, Ástralíu og Kanada. Samkvæmt niðurstöðum þeirra eru konur ábyrgar fyrir 4% til 5% kynferðisglæpa og er hlutfall kvenna því ein á móti hverjum 20 karlkyns gerendum.

#### **2.4.2 Formgerðarflokkun kvenkyns gerenda**

Lengi var talið að gerendur KOF væru oftast ókunnugir karlmenn sem lokkuðu ungar stelpur með sér til að misnota þær en með aukinni þekkingu, meðal annars með rannsóknnum, er vitað að gerandinn er oftast einhver innan fjölskyldunnar eða tengdur henni vináttuböndum (Colson, Boyer, Baumstarck og Loundou, 2013; Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Gerðar hafa verið margar rannsóknir á gerendum til að finna atriði sem aðgreina þá til að flokka meggi gerendur eftir einkennum. Þessir flokkar eru síðan notaðir í meðferðarstarfi og í forvarnarstarfi. Margir flokkar eru því til yfir karlkynsgerendur sem eru byggðir á fjölda rannsókna. Sömu sögu er ekki að segja af flokkun kvenkyns gerenda eftir einkennum í formgerð (e. typology). En þrátt fyrir takmarkað magn rannsókna hafa mismunandi formgerðir aðstoðað fræðimenn og meðferðaraðila við að skilja fjölbreytileikann hjá þessum konum (Harris, 2010).

Formgerðarflokkun kynferðisgerenda skiptir einstaklingum niður í undirflokkar sem eru byggðir á einkennum gerenda, afbrotsins og þolenda. Á síðastliðnum áratugum hafa verið skilgreindir nokkrir flokkar kvenkyns gerenda og eru margir með svipuð þemu. Hér verður aðallega fjallað um rannsókn Matthews, Mathews og Speltz (1991) sem hefur náð mestri útbreiðslu meðal fræðimanna. Formgerðarflokkun þeirra byggir á djúpvíðtölum við 16 konur sem hafði verið vísað í meðferðarúrræði fyrir konur sem beita kynferðisofbeldi. Samanlagður þolendahópur þeirra var einn fullorðinn og 44 börn, allt frá ungabörnum til unglinga, 64% voru stelpur en 36% drengir. Konur, sem brjóta

kynferðislega gagnvart börnum, voru flokkaðar í þrjár formgerðir. Hér að neðan verður fjallað um þessar formgerðir.

#### *Konur sem líta á sig sem kennara/elskhuga*

Fyrsti flokkurinn er kennara-/elskhugaformgerð. Þær sem voru í honum áttu erfitt með að líta á hegðun sína sem glæp vegna þess að það var ekki illska á bak við verknaðinn. Þær töldu sig vera að kenna börnunum um kynlíf í gegnum samræður og leiki. Í þeim tilfellum, sem þolandinn var unglingur, litu þær á hann sem jafningja sögðust þær vera ástfangnar af honum (Matthews o.fl., 1991). Það, sem er einkennandi við þessar konur, er að þær brjóta nánast eingöngu gagnvart unglingsstrákum sem eru ekki tengdir þeim blóðböndum. Þær telja sig vera í ástarsambandi við þá eða líta á sig sem leiðbeinanda þeirra. Þær telja þá vera jafningja sína og viljuga þátttakendur í stað þolenda. Algengt er að þær séu í valdastöðu gagnvart þeim, annað hvort vegna aldursmunar eða hlutverks sem þær gegna (t.d. kennarar eða barnfóstrur). Minni líkur eru á að þær hafi verið beittar KOF í æsku þegar þær eru bornar saman við konur í öðrum flokkum (Harris, 2010).

#### *Konur sem misnota ung börn*

Konurnar, sem féllu undir þessa tegund gerenda, höfðu allar verið einar að verki þegar kynferðisofbeldið hófst. Þessar konur misnotuðu ung börn, oftast sín eigin en stundum börn utan fjölskyldunnar. Þær voru sjálfar líklegar til að vera þolendur KOF frá unga aldri, oft af hálfu fleiri en eins fjölskyldumeðlims eða ættingja og KOF virtist vera viðloðandi fjölskyldur þeirra (Matthews o.fl., 1991).

Þessar niðurstöður eru í samræmi við nýlegri rannóknir sem áætla að yfir 60% kvenna, sem beita KOF, hafi alist upp við líkamlegt ofbeldi og vanrækslu eða KOF í æsku (Colson o.fl., 2013). Þær áttu erfitt með tengslamyndun við jafnaldra og fengu útrás með því að leggja hendur á yngri fjölskyldumeðlimi. Á unglingsárum reyndu þær að mynda tengsl við aðra í gegnum kynlíf þrátt fyrir að njóta þess ekki. Á sama tíma fóru þær að leita huggunar í mat, tóbak og áfengi. Þetta mynstur hélt áfram fram í fullorðinsárin og allar höfðu þær reynslu af óheilbrigðum og hættulegum samböndum við karlmenn. Þær upplifðu svo mikla þrá fyrir ást og athygli að þær gerðu nánast allt til að halda í karlmennina (Matthews o.fl., 1991). Líklegra er að gerendur í þessum flokki hafi

kynferðislegar fantasíur um börn og sýni aðra kynferðislega frávíkshæðun ásamt því að beita líkamlegu ofbeldi samhliða kynferðisofbeldinu (Harris, 2010).

#### *Konur sem eru þvingaðar af karlmanni*

Konur sem féllu undir þessa formgerð voru mjög viljalausar (e. passive) og upplifðu sig vanmáttugar í nánnum samböndum. Þær aðhylltust allar hefðbundin kynjahlutverk þar sem konan er heima og maðurinn er fyrirvinnan. Þær óttuðust eiginmenn sína og þeir voru með völdin á heimilinu. Þær giftu sig allar ungar og voru með takmarkaða reynslu af vinnumarkaði. Þær höfðu verið beittar KOF í æsku, engin þeirra sagði frá því á meðan á því stóð og allar voru þær hræddar við karlmenn. Þær óttuðust allar að geta ekki fundið sér annan maka þannig að þær héldu í sambandið þrátt fyrir ofbeldi og erfiðleika. Þær þráðu allar vernd og að einhver sæi um þær. Andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi var hluti af samböndum þeirra. Óreiðan í lífi þeirra jókst með tímanum og eiginmenn þeirra urðu grófari og kröfuharðari. Það var sameiginlegt í öllum þessum málum að eiginmennirnir byrjuðu að misnota börn og virkjuðu síðan með sér í kynferðisofbeldið. Ein af níu konum tók þátt sjálfviljug, ein gerði það sem henni var sagt en upplifði mikla togstreitu og vanlíðan. Í fimm tilfellum þurftu átök að eiga sér stað til að þær tækju þátt. Þrjár af þessum konum byrjuðu síðan seinna að beita börnin KOF án þvingana frá karlmanni (Matthews o.fl., 1991).

Aðrir fræðimenn hafa aðgreint konur út frá því hvort þær eru þvingaðar af karlmanni eða hvort þær eru meðgerendur með karlmanni. Þær, sem eru þvingaðar til KOF, eru drifnar áfram af ótta við að verða sjálfar beittar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu karlmannsins. Hins vegar er talið að þær, sem eru meðgerendur, taki virkari þátt í misnotkuninni og geti byrjað að beita KOF að eigin frumkvæði (Gannon o.fl., 2008; Harris, 2010). Ef miðað er við konur, sem eru einar að verki, er líklegra að á bak við konur í þessum flokki séu fleiri þolendur, að þær hafi bæði brotið gegn stúlkum og drengjum og að þær tengist þeim fjölskylduböndum (Vandiver, 2006; Wijkman o.fl., 2010).

Þróun skilgreininga á tegundum kvenkyns gerenda er skammt á veg komin. Þær rannsóknir, sem hafa verið gerðar, eru flestar byggðar á litlum úrtökum. Því þarf að gera fleiri rannsóknir með stærri úrtökum til að meta betur tegundir kvenkynsgerenda (Vandiver og Walker, 2002; Vandiver, 2006). Margar rannsóknir hafa sýnt að hátt hlutfall

kvenna, sem beita KOF, eru einnig haldnar geðröskunum. En varast ber að draga of miklar ályktanir af því, vegna þess að margar af þessum konum hafa verið í meðferð vegna geðsjúkdóma þar sem þær hafa sagt frá KOF sem þær beittu og voru í kjölfarið tilkynntar til barnaverndaryfirvalda (Colson o.fl., 2013; Vandiver og Walker, 2002). Gerendurnir falla þó ekki allir undir ákveðna flokka og þó flesta þeirra, sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisofbeldi og verið rannsakaðir, megi flokka eftir ákveðnum einkennum, þarf það ekki endilega að vera að gerendur, sem ganga, lausir muni passa í þá flokkun (Sandler og Freeman, 2007).

#### **2.4.3 Rannsóknir er varða kvenkynsgerendur kynferðisofbeldis**

Nýlega var gerð greining á niðurstöðum rannsókna, í alþjóðlegum gagnasöfnum, um KOF þar sem gerandinn var kona sem framkvæmdar voru á tímabilinu janúar 1984 til desember 2011. Síðar voru frá rannsóknir sem voru: a) Með færri en 10 þátttakendur, b) sem fjölluðu um einstök mál (e. case studies), c) sem voru einungis með gögn um sakfellingar og d) ef umfjöllun um þær var á öðru tungumáli en ensku. Með þessari aðferð fækkaði rannsóknunum úr tæplega 5 þúsund niður í 61 rannsókn, þar af voru 42 rannsóknir framkvæmdar eftir síðustu aldamót. Hér verður fjallað um helstu niðurstöður þessarar yfirlitsrannsókna (Colson o.fl., 2013).

Áfengis- og vímuefnamisnotkun virðist hafa minna vægi í KOF af hálfu kvenna en áður hefur verið talið. Af þeim 27 rannsóknum þar sem spurt var um áfengis- og vímuefnamisnotkun glímdu 32,7 % kvenkyns gerenda við þann vanda (Colson o.fl., 2013).

Vísbendingar eru um að konur velji sér frekar þolendur út frá eigin kynhneigð en þegar um ung börn er að ræða virðist kyn þolenda skipta minna máli (Saradjian, 2010). Þá virðast tækifæri og aðgengi þeirra að börnum skipta meira máli (Colson o.fl., 2013; Vandiver og Walker, 2002). Niðurstöður flestra rannsókna sýndu að konur misnoti fremur drengi en stúlkur (Berliner og Elliott, 2002; Colson o.fl., 2013; Sandler og Freeman, 2007) sérstaklega í tilfellum þar sem gerandinn er ekki þvingaður af meðgeranda (Vandiver, 2006).

Eins og áður hefur komið fram er mjög algengt að konur, sem beita KOF, hafi orðið fyrir KOF í æsku en rúmlega 60% þeirra hafa slíka reynslu. Algengt er að ofbeldið hafi byrjað þegar þær voru mjög ungar og að gerandinn hafi verið innan fjölskyldunnar,

oftast foreldri (Colson o.fl., 2013). Það er líklegra að KOF sem þær upplifðu hafi verið grófara, staðið yfir í lengri tíma og haft alvarlegri afleiðingar en hjá þeim karlkyns gerendum sem voru beittir KOF í æsku (Colson o.fl., 2013 ; Wijkman o.fl., 2010).

Þvert á það, sem er almennt talið, fremja fleiri konur fyrsta brot sitt einar (66,7%) en með öðrum geranda. Samkvæmt rannsóknum var einungis í þriðjungi tilfella annar gerandi með konunni og eru þar með talin tilfelli án þvingana, þar sem konan og karlmaðurinn voru samgerendur (Colson o.fl., 2013; Heil, Simons og Burton, 2010). Samkvæmt Wijkman o.fl. (2010) brjóta tveir þriðju kvenkyns gerenda af sér með öðrum geranda. Þessi munur gæti verið útskýrður með hækkandi hlutfalli af ungum kvenkyns gerendum í nýrri rannsóknum sem eru líklegri til að vera einar að verki (Colson o.fl., 2013).

Það er algeng mýta að KOF þar sem gerandinn er kona sé skaðlaust eða skaðminna en þar sem gerandinn er karl. Í samanburði Vandiver (2006) er almennt líklegra að karlkyns gerandi sé ofbeldisfullri en kvenkyns gerandi kynferðisofbeldis. Hins vegar er líklegra að líkamlegum þvingunum og ofbeldi sé beitt ef kona og maður eru saman að verki heldur en ef gerandinn er einn. Samkvæmt rannsókn Wijkman o.fl. (2010) beitti fjórðungur kvenna alvarlegu líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi eins og niðurlægingu, barsmíðum eða hálstaki samhliða kynferðisofbeldi. Margar rannsóknir sýna að hlutfallið er jafnvel hærra meðal kvenkyns gerenda sem nota líkamlegt ofbeldi samhliða KOF en það var á bilinu 35,4% - 53,7% eða að meðaltali 44,3% (Colson o.fl., 2013).

Tæplega helmingur kvenkyns gerenda í þessum rannsóknum glímdi við geðsjúkdóm, þunglyndi og/eða voru greindarskertar (Colson o.fl., 2013). Líklegt er að þátttakendur í þessum rannsóknum séu ekki þverskurður af kvenkyns gerendum, þar sem úrtök flestra rannsóknanna komu frá heilbrigðiskerfinu eða úr fangelsum. Einnig er líklegt að KOF komist síður upp hjá kvenkyns gerendum sem ekki eru með geðsjúkdóma eða greindarskerðingu (Colson o.fl., 2013; Merino, 2010; Vandiver og Walker, 2002).

#### **2.4.4 Áhrif kynjahlutverka**

Samkvæmt hefðbundnum staðalímyndum kynjanna getur reynst erfitt að líta á konur sem gerendur kynferðisofbeldis og karlmenn sem þolendur. Rannsakendur gera oft ekki ráð fyrir að gerendur KOF geti verið konur. Þegar konur eru gerendur kemst KOF síður upp vegna þess að það fer oft fram í skjóli hefðbundinnar barnaumönnunar eða er

túlkað sem óviðeigandi ástúð (Denov, 2001; Matthews o.fl., 1991; Miller-Perrin og Perrin, 1999; Nelson, 1994). Eins og áður hefur komið fram voru skilgreiningar á kynferðisofbeldi lengi kynbundnar, þar sem karl nauðgaði konu eða misnotaði stúlku kynferðislega. Í Kanada var nauðgun skilgreind út frá því að gerandinn væri karl og þolandi kona fram til ársins 1983. Kona gat einungis verið dæmd fyrir nauðgun ef hún aðstoðaði karl við að nauðga annarri konu. Þar var einnig gert ráð fyrir að þolendur sífjaspells væru stúlkur en ekki drengir (Nelson, 1994). Svipaða sögu er að segja frá Englandi og Bandaríkjunum en lögin verða sífellt minna kynbundin (Reid, 1997). Þó þarf ekki að vera að lögnum sé framfylgt í samræmi við þessar breytingar. Þegar mál koma inn til lögregluþfirvalda hafa hugmyndir þeirra, sem vinna málið, töluverð áhrif á stefnu þess. Þar af leiðandi má ætla að þeir, sem túlka lögin, hafi áhrif á hvort mál fari í eðlilegan farveg út frá lögum og eðli máls (Nelson, 1994).

Samkvæmt rannsóknum á dómskerfinu hafa konur verið líklegri til að fá vægari dóma en karlmenn fyrir sambærilega glæpi, en samkvæmt þeim fá karlar að meðaltali 12 mánaða lengri dóma en konur (Reid, 1997).

Dómsmálaráðuneytið í Bandaríkjunum gaf út skýrslu um kynferðisglæpi gagnvart ungmennum sem voru vistuð á betrunarstofnunum (e. juvenile correctional facilities) á vegum sveitarfélaga eða ríkisins. Þegar mál þar sem starfsmenn koma við sögu voru skoðuð kom í ljós að konur voru ábyrgar fyrir 113 (45%) af staðfestum kynferðisbrotum gagnvart ungmennum sem voru vistuð á stofnunum. Það sem er áhugavert við þessa rannsókn er hvernig brugðist var við brotum starfsmanna. Í atvikum þar sem gerandinn var karlmaður voru 43% handteknir og/eða ákærðir fyrir afbrotin á meðan einungis 34% kvenkynsgerenda fengu sömu meðferð. Samkvæmt þessum niðurstöðum eru meiri líkur á að konur, sem verða uppvísar af því að beita KOF, sleppi við lagalegar afleiðingar heldur en í málum þar sem gerandinn er karlmaður (Beck, Harrison og Guerino, 2008). Hafa ber í huga að brot, sem gerast á milli starfsmanna og vistmanna, eru flokkuð í skýrslunni sem kynferðislegt misferli (e. sexual misconduct) og kynferðislegt áreiti. Það er erfitt að greina eðli brotanna og hvort það geti útskýrt þennan mun á viðbrögðum eftir kyni gerandans.

Margir hafa sett fram þá tilgátu að konur, sem fremji glæpi, fái sérstaka meðferð innan réttarkerfisins vegna herraþemennsku þeirra sem eru þar við völd. Sumir hafa sýnt



fram á að þeim sé veittur afsláttur af refsingu vegna hlutverks þeirra sem umönnunaraðila barna, vegna geðheilsu þeirra og vegna þess að lítið sé á þær sem fórnarlömb. Ef þær eru eina fyrirvinnan á heimilinu getur það einnig verið ástæða til afsláttar af refsingu, þrátt fyrir að það séu engin sérstök ákvæði um slíka meðferð í lögum (Reid, 1997). Aðrir hafa sýnt fram á að það, að vera umönnunaraðili barna, hafi meiri áhrif á vægi dóma hjá körlum en konum. Þeir karlar, sem ekki sinna fjárhaglegum skyldum sínum gagnvart börnum sínum, eru líklegri til að fá þyngri dóma. Það gæti verið vegna þess að dómarrar geri mismunandi kröfur gagnvart kynjunum út frá hefðbundnum kynjahlutverkum (Freiburger, 2009). Ef svo er ættu konur að fá þyngri dóma fyrir kynferðisbrot og þá sérstaklega gagnvart börnum. Embry og Lyons (2012) gerðu samanburð á dómum fyrir kynferðisbrot út frá kynjum. Karlar fengu þyngri dóma að meðaltali fyrir kynferðisbrot og þegar brot voru flokkuð eftir alvarleika þeirra.

Hugmyndir um konur gera ráð fyrir að þær séu kynferðislega óvirkar (e. female sexual passivity) og að kynferðisofbeldi sem þær beiti sé skaðlaust. Slíkar hugmyndir geta þannig haft áhrif á þyngd dóma. Tilhneiging til að líta framhjá alvarleika kynferðislegs ofbeldis sem beitt er af hálfu kvenna eða gera lítið úr afleiðingum slíks ofbeldis fyrir þolendur þeirra. Þetta á sérstaklega við um tilfelli sem einkennast af „fantasíuhugmyndum“ þar sem kona misnotar ungan dreng. Það er þekkt að lögreglumenn, eða sambærilegir aðilar, sem sjá um meðferð afbrotamála dáist að útliti kvenkyns gerenda og telji unga stráka, sem slíkar konur hafi misnotað, vera heppna, jafnvel í málum þar sem þolendur eru allt niður í 5 ára aldur. Jafnvel þó að slíkt hugarfar komi í ljós í viðtölum við lögreglumenn er ekki hægt að sjá það í lögregluskýrslum sem þeir gerðu um málin (Nelson, 1994).

#### **2.4.5 Notkun lygamæla í rannsóknum og meðferð**

Erfitt getur reynst að meta tíðni og eðli afbrotahegðunar enda geta verið margar ástæður fyrir því. Ein helsta ástæðan er að hegðunin er ólögleg og það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir viðkomandi að segja heiðarlega frá afbrotum sínum. Jafnvel þó að margir afbrotamenn, þar á meðal kynferðisafbrotamenn, séu tilbúnir að ræða afbrot sem þeir hafa verið teknir fyrir er ekki líklegt að þeir séu jafn tilbúnir að ræða fyrir afbrot. Til að bregðast við því hafa fræðimenn notað lygamælispróf (e. polygraph) í meðferðarvinnu og rannsóknum. Það eru til mismunandi gerðir af lygamælisprófum sem

eru hönnuð til að mæla sérstaka þætti. Í lygamælisprófum eru notuð mælitæki sem fylgjast náið með líkamlegum viðbrögðum einstaklinga við ákveðnum spurningum. Til eru fimm gerðir af spurningalistum sem eru notaðir í meðferðarvinnu með kynferðisofbeldismönnum sem verða ekki nánar til umfjöllunar í þessu verki. Það hefur tíðkast í langan tíma, að minnsta kosti frá árinu 1988, að notast við lygamælispróf í rannsóknum um KOF þar sem gerandinn er karlmaður. Slíkar rannsóknir hafa sýnt fram á að með notkun lygamælis kemur í ljós að menn eru yfirleitt yngri en þeir segjast hafa verið þegar afbrotahegðunin byrjaði. Það koma yfirleitt í ljós fleiri þolendur og fleiri kynferðisbrot en þeir hafa sagt frá upphaflega. Fangar, sem voru í meðferð vegna kynferðisbrota, sögðust að meðaltali hafa verið búnir að beita tvo þolendur KOF og fjölda brota hafa verið 12. Með því að notast við lygamælispróf hækkaði meðaltalið upp í 18 þolendur og 137 brot (Heil o.fl., 2010).

Þar að auki getur notkun lygamælisprófa á gerendum kynferðisofbeldis sýnt fram á meiri sveigjanleika milli mismunandi afbrotahegðunar gerenda. Rannsóknir hafa sýnt að 64% til 66% karlanna, sem hafa verið teknir fyrir sífjaspell, hafa einnig brotið gegn óskyldum börnum. Þessar niðurstöður hefðu ekki komið í ljós nema með aðstoð lygamælisprófa og það ætti því að vera rökrétt skref að auka notkun lygamæla í rannsóknum á konum sem eru gerendur KOF. Með því væri hægt að fá nákvæmari gögn um hlutfall kvenna sem eru þvingaðar til þátttöku af karlmanni og um fjölda þolenda þeirra (Heil o.fl., 2010).

Samkvæmt opinberum gögnum um konur, sem dvöldu í fangelsi fyrir KOF og voru í meðferð sem fól meðal annars í sér notkun lygamælis, var um þriðjungur þeirra sem beittu KOF ekki einar heldur einungis með samgeranda og 9% beittu KOF bæði einar og með samgeranda. Eftir að konurnar voru látnar taka lygamælispróf fækkaði í fyrri hópnum úr 35% niður í 12% og fjölgaði í þeim seinni úr 9% upp í 36% (Heil o.fl., 2010). Með því að notast við lygamælispróf kom annað afbrotamynstur í ljós.

Eins og áður hefur komið fram hafa fyrri rannsóknir gefið til kynna að konur séu í upphafi þvingaðar til þátttöku í KOF gagnvart börnum en seinna brjóti þær af sér einar. Meðal þeirra kvenna, sem viðurkenndu að hafa bæði verið einar að verki og með samgeranda í lygamælisprófi, viðurkenndu 65% að hafa framið KOF fyrir viðkomandi brot með samgeranda. Af þeim þremur konum, sem höfðu samkvæmt opinberum

skýrslum verið þvingaðar til að taka þátt í KOF af karlmanni, viðurkenndu allar að hafa áður framið KOF einar fyrir brot sín með karlmanni (Heil o.fl., 2010). Þetta er í samræmi við niðurstöður Colson o.fl. (2013), þar sem meirihluti kvenkyns gerenda eru einar að verki þegar þær fremja sitt fyrsta kynferðisbrot. Samkvæmt þessum niðurstöðum ætti ekki að gera ráð fyrir að konur, sem virðast vera þvingaðar til þátttöku, hafi aldrei fyrir framið KOF sjálfviljugar og einar.

## 2.5 Afleiðingar kynferðisofbeldis

Fyrstu rannsóknir á afleiðingum KOF voru flestar gerðar á fullorðnum einstaklingum sem höfðu verið þolendur slíks ofbeldis í æsku. Þær hafa verið vel til þess fallnar að kanna eðli og tíðni langtímaafleiðinga KOF í æsku þótt þær hafi einnig ýmsa annmarka. Rannsóknum hefur fjölgað sem unnar eru út frá gögnum um börnin sjálf, foreldra þeirra og skráð af meðferðaraðilum þeirra. Í þessum rannsóknum hafa komið fram afleiðingar kynferðisofbeldis sem eru einkennandi fyrir börn, eins og til dæmis afturhvarf (e. regressive behavior). Einnig hafa komið fram upplýsingar um hvernig börn vinna úr áföllum, hvernig þroskastig barnsins getur haft áhrif á birtingarmynd afleiðinga, tengsla milli geðheilsu og áfalla í æsku og áhrifa verndandi þátta eins og stuðnings fjölskyldu eða nærumhverfis. Þessar rannsóknir hafa reynst mikilvægar fyrir þróun inngripa og meðferðarúræða fyrir þolendur KOF (Kendall-Tackett, Williams og Finkelhor, 1993).

Þolendur KOF glíma oft við langvarandi og þrálátar afleiðingar sem geta þróast út í félagsleg vandamál og líkamlega og tilfinningalega sjúkdóma. Margir þættir geta haft áhrif á afleiðingar KOF og má þar nefna aldur og þroska barns, aldursmun á þolanda og geranda og tengsl barns við geranda, tíðni og eðli brota, lengd tímabils sem KOF stendur yfir, viðbrögð umhverfisins þegar upp kemst um KOF og hvort barnið hafi verið beitt öðru ofbeldi samhliða KOF (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2003; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Kynferðislegar athafnir sem fela í sér samræði eða önnur kynferðismök (í munn, endaparm eða leggöng) hafa í för með sér meiri og alvarlegri afleiðingar heldur en kynferðislegar athafnir sem ekki eru eins grófar (Kendall-Tackett o.fl., 1993). Það hefur einnig sýnt sig að mikilvægur áhrifaþáttur á afleiðingar hjá þolanda kynferðislegs ofbeldis er sá stuðningur sem hann fær í kjölfarið þegar upp kemst um KOF sem og aðlögunarhæfni hans (Asgeirsdóttir, Gudjonsson, Sigurdsson og Sigfusdóttir, 2010; Kendall-Tackett o.fl., 1993). Þolendur, sem eru með hátt sjálfsmat,

stuðning foreldra, með jákvætt viðhorf til skóla og taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi, eru líklegri til að vinna betur úr áfallinu og sýna þar af leiðandi færri neikvæðar afleiðingar KOF (Asgeirsdóttir o.fl., 2010; Asgeirsdóttir o.fl., 2011).

### 2.5.1 Kenning um afleiðingar kynferðisofbeldis

Finkelhor og Browne (1985) settu fram kenningu sem hefur verið notuð til að skýra afleiðingar KOF á þolendur. KOF hefur áhrif á hugræna og tilfinningalega heimssýn barna og veldur áfalli sem brengrar sjálfsmýnd og tilfinningalega getu þeirra. Samkvæmt kenningunni er mismunandi hvernig börn upplifa áfallið og voru settir fram eftirtaldir fjórir þættir: a) Áfallatengd kynlífsvæðing (e. traumatic sexualization), b) svik (e. betrayal), c) hjálparleysi (e. powerlessness) og d) stimplun (e. stigmatization). Finkelhor og Browne (1985) útfærðu þessa þætti á eftirfarandi hátt:

1. Áfallatengd kynlífsvæðing: Þegar KOF hefur mótandi og brennguð áhrif á kynvitund þolenda getur það leitt til þess að þolandi fari að sýna óviðeigandi kynlífshegðun og myndi neikvæða tengingu við kynlíf sem getur valdið kynlífsvandamálum. Einnig getur orðið ruglingur á kynvitund og kynheilbrigði þolanda.
2. Svik: Þolendur geta upplifað svik af hálfu geranda og annarra fullorðinna sem þolandi telur að hafi átt að vernda sig eða styðja þegar upp komst um brotið. Það eykur líkur á því að þolandinn eigi erfitt með tengslamyndun og að treysta öðrum. Þolandi getur farið að einangra sig, sýna andfélagslega hegðun og leiðst út í afbrot.
3. Hjálparleysi: Þolendur geta upplifað hjálparleysi við að komast ekki úr aðstæðum og/eða eru í stöðugum ótta við áframhaldandi brot. Þegar barn finnur til dæmis fyrir hjálparleysi í kjölfar KOF getur það haft áhrif á upplifun þess á eigin getu til að stjórna eigin lífi. Algengar afleiðingar, sem hægt er að rekja til hjálparleysis, eru fælni, ofurviðkvæmni, líkamlegar kvartanir, þunglyndi, sjálfsvígshegðun og námsörðugleikar. Þar að auki getur það orðið til þess að þolendur verði varnarlausir gagnvart fólki sem reynir að ráðskast með eða skaða þá og það eykur líkurnar á enn fleiri áföllum.

4. Stimplun: Hér er átt við það þegar þolendur tileinka sér viðhorf sem hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra út frá hugmyndum sem gerandinn kemur inn hjá þeim eða neikvæðum hugmyndum sem samfélagið hefur um þolendur. Algengt er að þolendur KOF finnist að þeir hljóti vera einir um slíka reynslu og aðrir myndu afneita þeim ef þeir vissu af því. Algengar afleiðingar eru vímuefnaneysla, afbrot, sjálfsskaði, sektarkennd, skömm og léleg sjálfsvirðing.

Þessi kenning er síðan notuð til að útskýra hvernig upplifun á áfallinu getur haft áhrif á birtingarmynd afleiðinga. KOF getur brenglað heimssýn barna, skert hæfni þeirra til að takast á við aðstæður og leitt til vanlíðunar (e. internalization problems) og/eða hegðunarerfiðleika (e. externalization problems) (Finkelhor og Browne, 1985).

### **2.5.2 Samanburður á þolendum og öðrum**

Það getur reynst vel að bera saman þolendur KOF við einstaklinga sem hafa ekki reynslu af KOF í æsku. Í samanburði barna sem hafa verið beitt KOF og þeirra, sem hafa ekki þá reynslu, er algengasta afleiðing KOF sú að barn sýni kynferðislega hegðun, enda oft talin vera sú afleiðing sem er einna mest einkennandi fyrir þolendur KOF (Kendall-Tackett o.fl., 1993). Óviðeigandi kynferðisleg hegðun lýsir sér þannig að barnið hefur óeðlega mikla kynferðislega vitneskju eða sýnir kynferðislega tilburði til að mynda í leik (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Þolendur kynferðisofbeldis á barnsaldri eru líklegri en börn, sem hafa ekki verið beitt KOF í æsku (e. nonclinical children), til að vera kvíðnir, þunglyndir, með áfallastreituröskun, hlédrægir (e. withdrawn behavior), með líkamlegar kvartanir og afturhvarf (t.d. að byrja aftur að pissa undir eða taka frekjuköst). Einnig eru þeir líklegri til að vera með hegðunarerfiðleika eins og mótþróa eða árásargirni heldur en samanburðarhópurinn. Þeir eru einnig líklegri til að strjúka að heiman sem og að glíma við skólatengd vandamál. Það reyndist algengt hjá báðum hópum að vera með lága sjálfsvirðingu enda geta legið þar að baki ótal ástæður. En samkvæmt flestum rannsóknum hafa þolendur KOF verið með fleiri einkenni eins og þau, sem hafa verið talin upp hér að ofan, en jafnaldrar þeirra sem hafa ekki slíka reynslu (Kendall-Tackett o.fl., 1993).

Erfitt getur verið að greina hvort börn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi þar sem þau sýna oft svipuð einkenni og börn sem búa við annarskonar ofbeldi (Ólöf Ásta Farestveit

og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Þegar þolendur KOF hafa verið bornir saman við börn sem sækja geðheilbrigðisþjónustu af öðrum ástæðum (e. nonabused clinical children) þá eru þolendur KOF í flestum tilfellum með færri einkennum. Það hefur hins vegar komið fram að líklegra sé að þolendur KOF séu með einkennum um áfallastreituröskun og sýni óeðlilega kynferðislega hegðun. Þó ber að fara varlega í túlkun þessara niðurstaðna þar sem börnunum í samanburðarhópnum var vísað í meðferð vegna geðrænna vandkvæða (Kendall-Tackett o.fl., 1993). Mörg af þessum einkennum geta verið tilkomin af ólíkum ástæðum en ef barn sýnir kynferðislega hegðun, sem er óviðeigandi miðað við aldur, ætti sérstaklega að athuga hvort um sé að ræða KOF.

Til að átta sig á algengi afleiðinga þarf að athuga hversu oft þolendur sýna ákveðin einkennum. Það getur hjálpað meðferðaraðilum að greina og meðhöndla þolendur KOF. Mikill munur getur verið á algengi einkenna milli rannsókna en með því að reikna vegið meðaltal hefur komið í ljós að ákveðin einkennum komu oftast fram hjá 20% til 30% þolenda. Ef skoðað er meðaltal einkenna hjá þolendum voru samkvæmt yfirlitsrannsókn Kendall-Tackett o.fl. (1993), 32% með einkennum áfallastreituröskunar, 35% með lágt sjálfssálit, 38% sýndu lauslætishegðun og 37% almenna hegðunarerfiðleika. Birtingarmynd afleiðinga KOF getur verið mismunandi eftir þroskastigi einstaklinga sem gæti útskýrt lágt hlutfall þegar allir aldurshópar eru skoðaðir saman.

Þegar tíðni afleiðinga var flokkuð eftir aldurstigum voru niðurstöður meðal rannsókna í meira samræmi og nákvæmari. Meðal barna á leikskólaaldri voru algengustu afleiðingar kvíði, martraðir áfallastreituröskun, vanlíðan (e. internalization), hegðunarerfiðleikar (e. externalization), og óviðeigandi kynferðisleg hegðun. Fyrir börn á grunnskólaaldri voru algengustu einkennin að vera óttaslegin, almenn geðræn vandkvæði, árásargirni, námsörðugleikar, hegðunarerfiðleikar og afturhvarf. Algengast var meðal unglunga að sýna eftirfarandi einkennum: a) Þunglyndiseinkennum sem fela í sér sjálfsvígshægðun, b) að draga sig í hlé, c) líkamlegar kvartanir, d) afbrotahægðun og e) vímuefnamisnotkun. Sum einkennum voru algeng meðal margra aldursbila, meðal annars þunglyndi, martraðir, hlédrægni, geðræn vandkvæði (e. neurotic mental illness), árásargirni, kynlífserfiðleikar og afturhvarf (Kendall-Tackett o.fl., 1993).

### 2.5.3 Samanburður á afleiðingum eftir kyni þolenda

Þegar kyn þolenda var skoðað virtust flestar rannsóknir sýna að birtingarmynd afleiðinga getur verið ólík eftir kyni þolenda. Þar sem algengara er að einkenni karla séu meira út á við, oft í formi hegðunarvandkvæða, á meðan það er algengara að konur leiti inn á við og þær upplifi vanlíðan (Asgeirsdóttir o.fl., 2011; Kendall-Tackett o.fl., 1993; Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2011). Þótt meiri líkur séu á að afleiðingar karla beinist frekar út á við er það einstaklingsbundið og á ekki við um alla karla eða öfugt (Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2011). Hins vegar þegar vímuefnamisnotkun, geðræn vandkvæði og fjölskyldutengd vandmál eru skoðuð glíma bæði kyn þolenda við svipað hegðunarmynstur og vandamál á fullorðinsárunum (Dube o.fl., 2005). Þó að birtingarmyndir afleiðinga geti verið ólíkar ætti ekki að gera ráð fyrir að afleiðingar meðal karla séu meiri eða minni en hjá konum með svipaða reynslu (Holmes o.fl., 1997).

Samkvæmt niðurstöðum Lisak (1994) er algengt að karlmenn, sem hafa verið beittir KOF í æsku, upplifi reiði, einangrun og vandamál tengd karlmenskunni. Þegar afleiðingar eru flokkaðar eftir kyni gerandans er jafn algengt meðal karla og kvenna að upplifa svik, ótta, sektarkennt og sjálfsásökun. Til samanburðar við karlmenn, sem voru misnotaðir af öðrum karlmanni, eru örlítið meiri líkur (10%) á að þeir karlmenn, sem voru misnotaðir af konu, eigi í erfiðleikum með kynvitund og að þeir þrói með sér neikvæðari sjálfsmýnd. Hins vegar eru töluvert meiri líkur á að þeir muni eiga í erfiðleikum með að stofna til heilbrigðra jafningjatengsla og upplifi meiri skömm og niðurlægingu en þeir sem voru misnotaðir af karlmanni. Það var einnig algengt meðal þeirra að færa hjálparleysið, sem þeir upplifðu þegar KOF átti sér stað, yfir á aðra kima lífsins. Sérstaklega meðal þeirra karlanna sem voru misnotaðir af konu í æsku og birtist það meðal annars í erfiðleikum við að nálgast konur kynferðislega á fullorðinsárunum.

### 2.5.4 Afleiðingar kynferðisofbeldis þegar gerandinn er kona

Það kemur ekki á óvart að meirihluti þolenda segir að KOF þar sem gerandinn var kona hefði verið skaðlegt og haft neikvæð áhrif á líf þeirra og líðan. Og það, sem meira er, þeir viðmælendur, sem höfðu bæði reynslu af því að hafa verið þolendur karla og kvenna, töldu að KOF þar sem kona hafði verið gerandi væri skaðlegra (Denov, 2004).

Samkvæmt öðrum rannsóknum er hættan á neikvæðum afleiðingum fyrir karlkyns þolendur svipuð, óháð kyni gerandans (Dube o.fl., 2005).

Algengt er að þolendur þar sem gerandinn er kona segi ekki frá reynslunni vegna þess að þeir óttast að þeim sé ekki trúað eða að þeir skammist sín fyrir að hafa verið beittir KOF af konu sem er jafnvel móðir þeirra. Miklum meirihluta þolenda hafði ekki verið trúað þegar þeir sögðu frá reynslu sinni (Nelson, 1994; Tsopelas, Tsetsou, Ntounas og Douzenis, 2012). Viðbrögð fagaðila þegar þolandi segir frá KOF þar sem gerandinn er kona geta verið áhrifavaldur á úrvinnslu afleiðinga. Þegar fagaðili er ekki styðjandi í hlutverki sínu með því að gera lítið úr afleiðingunum eða með því að trúa ekki frásögn þolandans geta viðbrögðin aukið á neikvæðar afleiðingar sem síðan leiðir til þess að þolandi upplifir að það sé verið að brjóta á sér aftur (Denov, 2003). Eins og áður hefur komið fram eru gerendur í flestum tilfellum nánir þolanda, svo sem skyldmenni, en einnig er algengt að þeir séu nágrannar eða barnfóstrur. Rannsóknir hafa gefið til kynna að þolendur þar sem gerandinn er kona séu líklegri til að upplifa sektarkennd en í þeim tilfellum þar sem gerandi er karl. Það gæti verið vegna togstreitu, sem skapast hjá þolanda, þegar meginumönnunaraðili misnotar aðstöðu sína. Vegna tilfinninga gagnvart geranda virðist það reynast auðveldara að kenna sjálfum sér um KOF og taka ábyrgð á því þegar gerandinn er kona (Tsopelas o.fl., 2012).

Svo virðist sem afleiðingar meðal þolenda séu svipaðar þegar um kvenkynsgeranda er að ræða eins og karlkynsgeranda. Samkvæmt mati þolenda þar sem gerandinn var kona voru eftirtaldar afleiðingar algengar hjá báðum kynjum: a) Erfiðleikar í samskiptum við konur, b) vímuefnamisnotkun, c) þunglyndi, d) sjálfskaðandi hegðun, e) ótti við að verða gerendur gagnvart öðrum börnum og f) kynlífstengd vandamál (Denov, 2004; Dube, o.fl.,2005). Afleiðingar virðast vera mjög svipaðar og í þeim tilfellum þar sem gerandi er karl eins og þegar hefur komið fram. En þegar um kvenkynsgeranda er að ræða eru meiri líkur á ruglingslegri sjálfsmynd. Þolendur geta upplifað ofsareiði gagnvart konum sem kemur fram í hugsunum eða hegðun og erfiðleikum í samskiptum við konur. Þegar þolandi og gerandi eru af sama kyni er líklegra að þolendur upplifi óöryggi varðandi kynvitund og kynhneigð (Denov, 2004; Tsopela o.fl., 2012). Engar rannsóknir gefa til kynna að KOF gagnvart börnum þar sem gerandinn er kona sé minna skaðlegt heldur en þegar gerandinn er karl (Tsopelas o.fl., 2012).



### 2.5.5 Verða þolendur að gerendum?

Rannsóknir hafa sýnt að hátt hlutfall gerenda kynferðisofbeldis segjast sjálfir hafa verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku (Hindman og Peters, 2001). Margir hafa dregið þá ályktun að það að vera þolandi KOF leiði til þess að viðkomandi verði gerandi seinna meir. Þessi mýta getur dregið sérstaklega úr kjarki karlkyns þolenda til að segja frá reynslu sinni. Þar af leiðandi getur dregið úr möguleikum þeirra til að fá aðstoð og viðeigandi meðferðarúrræði. Í langtímarannsókn þar sem 224 karlkyns þolendum var fylgt eftir yfir ákveðið tímabil, í 7 til 19 ár, kom fram að af þessum 224 þolendum voru 26 karlar (12%) handteknir fyrir kynferðislega misnotkun gagnvart börnum. Í flestum tilfellum (73%) var um eitt tilfelli að ræða en sjö einstaklingar höfðu brotið ítrekað af sér á löngu tímabili. Þessi hópur var einnig líklegri til að stunda annarskonar afbrotahegðun, sérstaklega ofbeldisbrot (Salter o.fl., 2003). Samkvæmt þessum niðurstöðum eru minni líkur á því að þolendur verði gerendur heldur en áður hefur verið talið (Becker og Murphy, 1998; Glasser o.fl., 2001). Þar af leiðandi má ætla að flestir, sem verða fyrir KOF í æsku, þrói ekki með sér kynferðislega hegðun gagnvart börnum. Hins vegar virðist ákveðinn hópur vera líklegri en aðrir til að verða gerendur kynferðisofbeldis. Í rannsókn Salters o.fl. (2003) voru sameiginlegir þættir í æsku drengja greindir sem mætti flokka sem áhættuþætti fyrir kynferðisbrot seinna á lífsleiðinni. Það var algengt meðal drengja í þessum hópi að æska þeirra einkenndist af líkamlegri vanrækslu og skorti á eftirliti af hálfu foreldra. Það var einnig algengara að þeir hefðu ítrekað orðið vitni að alvarlegu líkamlegu ofbeldi innan fjölskyldunnar. Þeir voru líklegri til að hafa skaðað dýr og til að hafa verið misnotaðir kynferðislega af konu (Salter o.fl., 2003). Þó hafa aðrir talið það vera áhættuþátt að vera þolandi KOF í æsku þar sem gerandinn er karl. Kynferðisbrotamenn, sem hafa verið þolendur KOF í æsku, virðast vera líklegri til að brjóta gegn yngri þolendum og vera með kynferðislegar hugsanir gagnvart börnum heldur en kynferðisbrotamenn sem hafa ekki verið þolendur KOF í æsku (Nunes, Hermann, Renee Malcom og Lavoie, 2013).

Það er áhugavert að alvarleiki KOF, fjöldi gerenda, tímalengd sem þolendur bjuggu með gerendum eða tengsl þolenda við gerendur reyndust ekki vera áhættuþættir þess að þeir yrðu gerendur (Salter o.fl., 2003). Það má velta því upp hvort mögulega séu ekki aðrir áhættuþættir heldur en að vera þolandi KOF, sem hafi meira vægi í því hvort að einstaklingur verði gerandi. Svipuð rannsókn var gerð þar sem fram komu gjörólíkar

niðurstöður en í henni voru einnig einstaklingar sem upplifðu líkamlegt ofbeldi og vænrækslu í æsku. Þolendur KOF í æsku voru álíka líklegir til að hafa verið handteknir fyrir kynferðisbrot og þolendur vanrækslu í æsku. Bæði þolendur kynferðislegs ofbeldis og þolendur vanrækslu voru þó ólíklegri en þeir, sem voru þolendur líkamlegs ofbeldis í æsku, til að verða handteknir fyrir kynferðisbrot. Þátttakendur, sem höfðu verið þolendur KOF í æsku, voru ekki í neinu tilfelli handteknir fyrir kynferðisbrot gagnvart barni. Í flestum tilfellum voru þeir teknir fyrir að stunda vænda (Widom og Ames, 1994).

### *Notkun lygamæla í meðferðarvinnu með gerendum*

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er svo gróft afbrot að það getur reynst erfitt að horfast í augu við að slík brot eigi sér stað í raunveruleikanum. Fólk fer gjarnan að leita að ástæðu fyrir annars óútskýranlegum verknaði. Þegar rannsóknir hófust á gerendum kynferðisbrota kom í ljós að nokkuð hátt hlutfall þeirra höfðu sjálfir orðið fyrir KOF í æsku og sumir gerendur reyndust hafa orðið fyrir KOF í æsku þrátt fyrir að muna það ekki. En með aðstoð dáleiðslumeðferðar og áherslu á bældar minningar hefur komið í ljós að sumir þeirra, sem sögðust ekki hafa orðið fyrir KOF í æsku, virtust jafnvel hafa slíka reynslu. Slíkar niðurstöður náðu fljótlega athygli fjölmiðla og í kjölfarið var þetta orsakasamhengi orðið að almenningsvitund (Hindman og Peters, 2001). Samkvæmt rannsókn þar sem kannað var viðhorf almennings um gerendur KOF héldu þátttakendur að 67% gerenda væru þolendur KOF í æsku (Fortney, Levenson, Brannon og Baker, 2007). Þessi viðhorf geta dregið úr karlkyns þolendum og gert það að verkum að þeir þori ekki að segja frá KOF sem þeir hafa verið beittir. Hætta getur verið á að þeir vilji frekar halda ofbeldinu leyndu en að eiga á hættu að vera stimplaðir kynferðisofbeldismenn gagnvart börnum (Sigurdardóttir, Halldorsdóttir og Bender, 2012).

Í fyrstu voru þessar frásagnir ekki dregnar í efa en síðar hófst notkun lygamælisprófa til að staðfesta frásagnir gerenda. Starfsmenn meðferðarstofnunar í Kanada höfðu efasemdir um réttmæti frásagna gerenda sem voru þar til meðferðar. Samningur var gerður við yfirvöld um að nota lygamæli við meðferðastarfið. Samkvæmt honum tóku gerendur þátt í meðferð sem fól meðal annars í sér notkun lygamælisprófa. Þeir fengu gegn því friðhelgi og voru því ekki dæmdir fyrir þau kynferðisbrot sem upp komst um í meðferðarvinnunni. Með þessu fyrirkomulagi voru gerendur heiðarlegri sem jók líkur á

árangri í meðferðinni og fleiri þolendur fengu tækifæri til að fá viðeigandi aðstoð. Þegar tölfræðin var borin saman við fyrri ár, þar sem ekki var notast við lygapróf, kom í ljós að fjöldi þolenda hjá hverjum geranda fyrir sig hækkaði að meðaltali frá 1,3 upp í 9 þolendur. Einnig var mun líklegra að gerendur hefðu brotið kynferðislega gegn öðrum börnum þegar þeir voru á unglingsárum. Meðal gerenda, sem fóru ekki í lygapróf, sögðu 21% frá KOF gagnvart öðru barni á unglingsárum en hlutfallið hækkaði upp í 71% meðal þeirra sem fóru í lygapróf. Þegar hlutfall gerenda, sem einnig voru þolendur KOF í æsku, var skoðað nánar reyndist meirihluti gerenda, sem ekki fóru í lygapróf, hafa slíka reynslu. En með því að notast við lygapróf fækkaði gerendum, sem voru þolendur KOF í æsku, úr 67% niður í 29% (Hindman og Peters, 2001). Þetta hlutfall er í betra samræmi við niðurstöður rannsókna um almenna tíðni KOF í æsku (Finkelhor, 1994; Pereda o.fl., 2009). Þessi rannsókn hefur verið framkvæmd þrisvar sinnum, árin 1988, 1994 og 1999, með nánast sömu niðurstöðum í hvert sinn. Tvennt var sérstaklega áhugavert við niðurstöður rannsóknarinnar frá árinu 1994. Í fyrsta lagi var spurt út í kyn þolenda sem ekki var gert í hinum rannsóknunum. Meðal gerenda, sem fóru ekki í lygapróf, var kynjaskipting þolenda 83% stúlkur og 17% strákar á meðan kynjahlutföll þolenda voru nánast jöfn meðal þeirra sem fóru í lygapróf (Hindman og Peters, 2001). Því má álykta að gerendur viðurkenni síður KOF gagnvart drengjum en stúlkum. Í öðru lagi kom upp óvenjuleg staða í fámennu úrtaki ungmenna. Þar voru 6 drengir sem höfðu verið fundnir sekir fyrir kynferðisbrot. Fimm af þessum drengjum sögðu frá KOF sem þeir höfðu verið beittir í æsku og þeir voru í meðferðavinnu sem gekk út frá því að þeir væru þolendur. Hinsvegar kom í ljós, eftir að þeir hófu sömu meðferð, að allir fimm strákarnir höfðu gert sér upp KOF í æsku. En sá sem hafði ekki greint frá því að hann væri þolandi KOF viðurkenndi áralanga kynferðislega misnotkun af hendi móður sinnar. Taka ber fram að þeir fengu friðhelgi og var þannig tryggt að þeir fengju ekki þyngri dóma (Hindman og Peters, 2001).

Þannig má ætla með töluverðri vissu að gerendur kynferðisofbeldis eigi það til að vanáætla fjölda þolenda, stórlega ýkja reynslu um eigið KOF í æsku og að þeir séu líklegir til að hafa verið byrjaðir að brjóta kynferðislega gagnvart börnum á unglingsaldri (Hindman og Peters, 2001). Þrátt fyrir að það sé mögulega hærra hlutfall þolenda, sem verði gerendur heldur en í almennu þýði, má ekki gleyma að langflestir þolendur eiga ekki eftir að misnota aðra kynferðislega (Hindman og Peters, 2001; Salter o.fl., 2003).

## 2.6 Rannsóknarspurningar

Eins og áður hefur komið fram er markmið rannsóknarinnar í fyrsta lagi að gefa karlkyns þolendum rödd með því að fá innsýn í hvernig karlar hafa upplifað afleiðingar kynferðisofbeldis á líf sitt þegar þeir voru drengir sem og fullorðnir. Í öðru lagi er markmiðið með rannsókninni að opna umræðuna um kvenkynsgerendur í kynferðisafbrotum gagnvart börnum.

Meginrannsóknarspurningin, sem leitast var við að svara í þessari rannsókn, er: Hvernig hafa karlmenn, sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi af konum í æsku, upplifað afleiðingar þess í æsku og á fullorðinsárum?

Einnig var leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hver voru viðbrögð annarra þegar/ef karlmennirnir reyndu að segja frá misnotkuninni? Hvað gerði það að verkum að karlmennirnir sögðu frá? Hvað varð til þess að karlmennirnir leituðu sér aðstoðar?

### 3 Aðferð

Hér verður fjallað um rannsóknaraðferð og framkvæmd rannsóknarinnar. Rannsóknaraðferðin, sem notuð var í rannsókn þessari, var eigindleg. Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á lýsandi gögnum, skrifuðu eða töluðu máli og sýnilegri hegðun. Gengið er út frá þeirri forsendu að öll viðhorf og allar aðstæður séu verðugt rannsóknarefni. Reynt er að skilja viðmælendur út frá þeirra eigin bæjardryrum og hvaða merkingu það gefur eigin upplifunum og lífi. Rannsakandinn á að hafa sem minnst áhrif á viðhorf og skoðanir viðmælandans. Því þarf hann að vera tilbúinn að setja til hliðar sínar eigin hugmyndir um lífið og leyfa viðmælendum sínum að tjá sig á eigin forsendum. Niðurstöðurnar eru huglægt mat þeirra sem koma við sögu í rannsókninni og þarf rannsakandinn að beita innsæi og skapandi hugsun (Taylor og Bogdan, 1998). Til eru margar aðferðir innan eigindlegra rannsóknaraðferða en í þessari rannsókn voru notuð opin viðtöl.

Í opnum viðtölum (djúpvíðtölum) eru ekki notaðar fyrirfram ákveðnar spurningar en oftast er rannsakandinn með viðtalsvísi til að styðjast við. Markmiðið er að fá viðmælendur til að segja frá sínum hugmyndum og viðhorfum með eigin orðum. Þar sem þessi rannsókn beindist að því að öðlast innsýn í líf og líðan karlmanna sem hafa verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku þar sem gerandinn var kona nýttist eigindlega rannsóknaraðferðin vel enda byggist hún á upplifun einstaklinga sem verið er að skoða (Rannveig Traustadóttir, 1993). Rannsakandinn þarf að beita virkri hlustun og reyna að setja sig inn í aðstæður þátttakandans. Þar sem viðtalið er ekki staðlað getur það tekið óvænta stefnu. Því þarf að rannsakandinn að vera vel vakandi og vera tilbúinn að grípa tækifærin sem gefast í viðtalinu. Slík viðtöl eru mjög gagnleg þegar leitast er við að djúpstæðan skilning á viðfangsefninu. Oft er gott að viðtalið líkist venjulegu samtali frekar en formlegu viðtali. Þrátt fyrir það á rannsakandinn að passa sig á að vera ekki með leiðandi spurningar eða hafa of mikil áhrif á svör viðmælandans (Esterberg, 2002).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru mjög góðar til að ná dýpri skilningi á rannsóknarefninu. Hins vegar er ekki hægt að alhæfa út frá gögnunum yfir á aðra en

viðkomandi viðmælendur en hægt er að nota niðurstöðurnar sem vísbendingu og þróa spurningalista eða kenningar út frá þeim (Esterberg, 2002).

### 3.1 Framkvæmd

Undirbúningur fyrir rannsóknina hófst í maí 2013 og framkvæmd lauk í nóvember sama ár. Rannsakandi var í samskiptum við Jóhann Loftsson sálfræðing vegna undirbúnings rannsóknarinnar. Jóhann kom rannsakanda í samband við einstakling, Ingólfur Harðarson, sem hefur starfað í sjálfshjálparsamtökum fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Ingólfur sá um að hafa samband við hugsanlega þátttakendur þegar leyfi frá Vísindasiðanefnd og Persónuvernd var staðfest. Rannsakandi fékk leyfi fyrir rannsókninni frá Vísindasiðanefnd (VSNb2013090004/03.07) og tilkynnti hana til Persónuverndar (S6394/2013).

Rannsakandi var með viðtalsvísi (sjá viðauka 1) sem stuðst var við í viðtölunum. Viðtölin voru tekin upp á stafrænt form og afrituð í tölvu til greiningar. Til að koma í veg fyrir að hægt væri að rekja viðtölin til viðmælenda var nöfnum, staðsetningum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum breytt við afritun gagna yfir í tölvutækt form. Samtals voru gögnin, sem aflað var í þessari rannsókn, nótur úr fimm viðtölum og lengd þeirra var á bilinu 47 mínútur til 104 mínútur, samtals 390 mínútur (6,5 klst.).

### 3.2 Þátttakendur

Þátttakendur voru 5 karlmenn á aldrinum 30 til 65 ára sem höfðu verið misnotaðir kynferðislega af konu í æsku. Þeir kláruðu allir grunnskóla en enginn þeirra hefur lokið stúdentsprófi. Þeir hafa unnið við sjómennsku, iðngreinar, tónlist, rekið eigið fyrirtæki og starfað innan heilbrigðisgeirans. Þeir eiga allir börn og hafa verið giftir eða verið í langtímasamböndum að einum undanskildum.

Forsendurnar fyrir valinu á þátttakendunum voru að þeir þurftu að vera karlmenn, eldri en 18 ára og hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi í æsku af konum. Þátttakendurnir þurftu að treysta sér til að tala um þá reynslu. Til að reyna að draga úr neikvæðum afleiðingum í kjölfar viðtalsins var skilyrði að þátttakendurnir hefðu leitað sér aðstoðar vegna afleiðinga ofbeldisins hjá fagaðila og/eða hafa verið virkir í sjálfshjálparhópi fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

Vegna eðlis rannsóknarefnisins og með hagsmuni þátttakenda að leiðarljósi kom tengiliður rannsakanda upplýsingablaði (sjá viðauka 2) til hugsanlegra þátttakenda. Með því var tryggt að þeir, sem hættu við þátttöku áður en viðtal færi fram, þyrftu ekki að hitta rannsakanda. Þeir einstaklingar, sem vildu taka þátt í rannsókninni, fengu eyðublað með upplýstu samþykki (sjá viðauka 3) með lýsingu á markmiðum rannsóknarinnar, tilgangi og hvernig rannsóknin væri framkvæmd. Staðsetning viðtala var ákveðin í samráði við þátttakendur um það umhverfi sem þeim þótti ákjósanlegt.

### 3.3 Siðferðileg álitamál

Þátttakendur geta farið í tilfinningalegt uppnám við þátttöku í rannsókn sem þessari. Ef það hefði gerst hefði Ingólfur Harðarsson, sem var tengiliður rannsakanda við þátttakendur, séð um að koma viðkomandi í samband við fagaðila sem veitti honum viðeigandi stuðning. Rannsakandi hefði greitt kostnað fyrir viðtalstíma hjá Jóhanni B. Loftssyni sálfræðingi ef þörf hefði verið fyrir þátttakendurna að fara í stuðningsviðtöl í kjölfar tilfinningalegs uppnáms. Einnig var í boði að hafa samband beint við leiðbeinanda, dr. Freydísi Jónu Freysteinsdóttir félagsráðgjafa og ábyrgðarmann rannsóknarinnar, eða Jóhann B. Loftsson.

Þátttaka í rannsókninni hafði ekki beinan ávinning í för með sér fyrir þátttakendur en getur fyrst og fremst stuðlað að aukinni þekkingu á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum og afleiðingum á líf þeirra. Ef þátttakendur upplifa að reynsla þeirra eigi eftir að hjálpa öðrum mun það líklega hafa jákvæð áhrif á þá. Þátttaka þolendanna getur mögulega verið ákveðið skref í bataferli þeirra við að rjúfa leyndina og þöggunina sem einkennir oft kynferðislegt ofbeldi.

### 3.4 Úrvinnsla gagna og framsetning niðurstaðna

Þegar öflun gagna var lokið var hafist handa við að greina viðtölin. Viðtölin voru lesin nokkrum sinnum yfir til að leita að mynstri í gögnunum. Nokkur meginþemu voru dregin fram, sem voru sameiginleg með viðmælendunum og mikilvægir þættir í lífi þeirra. Nánar verður sagt frá meginþemum í niðurstöðukafla.





## 4 Niðurstöður

Í kaflanum verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar en þær byggja á sameiginlegum þáttum, sem komu í ljós hjá viðmælendum við úrvinnslu gagnanna, og dregnir voru saman í nokkur þemu. Þemun skiptast í sex yfirþemu og svo í undirþemu. Þemun sem um ræðir eru eftirfarandi:

1. Upplifun á kynferðisofbeldinu sem síðan er skipt í tvö undirþemu; a) verknaðurinn og b) upplifunin.
2. Að segja frá kynferðisofbeldinu sem síðan er skipt í þrjú undirþemu; a) ástæðan fyrir þögninni, b) aðdragandinn, sem sagt hvað varð til þess að þeir sögðu frá og c) upplifun þeirra af því að segja frá.
3. Afleiðingar vegna kynferðisofbeldisins á líf og líðan. Þetta er stærsta þemað og skiptist í fimm undirþemu; a) líðan, b) námsörðugleikar, c) flótti, d) tengsl við börn, e) kynlíf.
4. Samskipti við maka/konur.
5. Fordómar sem inniheldu tvö undirþemu byggð á mýtu um a) karlmennsku og b) að þolendur verði að gerendum.
6. Bataferlið.

Eins og áður hefur komið fram var nöfnum, staðsetningum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum breytt en við sumar tilvitnanir verður ekki gefið upp nafn, þrátt fyrir að allir viðmælendur hafi fengi dulnefni, til að tryggja að ekki sé hægt að rekja niðurstöður til tiltekinna einstaklinga.

### 4.1 Upplifun á kynferðisofbeldinu

Fyrsta þemað inniheldur tvö undirþemu. Fyrsta undirþema nefnist „verknaðurinn“ og felur í sér lýsingu á KOF þar sem gerandinn er kona, tengsl milli þolanda og geranda og lýsingu á geranda og afbrotahæðuninni. Næsta undirþema er upplifun á

kynferðisofbeldinu sem nær yfir upplifun viðmælenda á KOF og hvaða skilning þeir lögðu í reynsluna þegar þeir voru ungir.

#### 4.1.1 Verknaðurinn

Það var algengast að viðmælendur hefðu verið á aldrinum 7 til 11 ára við fyrsta brot þar sem gerandinn var kona en í einu tilviki var viðmælandinn 3 til 5 ára við fyrsta brot. Tíðni brotanna var frá því að vera eitt skipti upp í að vera daglegt áreiti í mörg ár en í flestum tilfellum var um nokkur skipti að ræða. Oftast var um gróft KOF að ræða sem fól meðal annars í sér að bera kynfæri sín fyrir framan barnið, káf innan klæða á kynfærum barns/geranda og munnmök. Aðspurður lýsir einn viðmælandi hvernig móðir sín beitti sig KOF í æsku:

... ég bara vakna allt í einu við eitthvað og ég er allur blautur og þá sat hún á rúmstokknum og þóttist ekkert hafa verið að gera og spurði: Er ekki allt í lagi og ég spurði: Af hverju eru ég allur blautur hérna? [Hún svarar] ég veit það ekki, þetta var bara svona ... en svo líka margt margt annað ... hún var alltaf að sýna mér kynfærin á sér ... uuuu síðan voru munngælur og bara eitthvað, og snertingar, og gekk aldrei lengra en það ... en fyrir mig þá fannst mér þetta svo mikil truflun, þetta var svo óeðlilegt og óvenjulegt ....

Tveir viðmælendanna voru fórnarlömb kvenkynsgeranda sem var nágrenni þeirra og í báðum tilfellum var einnig brotið gagnvart stúlku á sama tíma. Annar segir frá mörgum tilvikum yfir ákveðið tímabil, sem hann man ekki hvað var langt, þar sem nágrennakona brýtur kynferðislega gagnvart honum og þar af nokkrum sinnum með stúlku:

... ég 11 ára þegar það gerist ... og [gerandinn] bjó í sama húsi og ég ... hún var mikið heima og ég var að koma við hjá henni og ... og ég man líka eftir einni stelpu á svipuðum aldri og ég, sem var að koma þarna líka, hún var að fá okkur til að gera alskonar hluti og ... síðan var hún að gefa okkur vín ... hún var að láta okkur strjúka sér og henda sér upp á hana og hún háttaði sig, hún var að fá mig, í eitt skipti, að nóttu til niður til sín, hún gaf mér vín þar, og látandi mig strjúka sig, kyssandi mig og ... þá er ég að tala um sleik ....

Þegar einn af viðmælendum var 10 ára var hann ásamt stúlku á svipuðum aldri lokkaður á afvikinn stað af konu í kringum tvítugt. Konan var að láta börnin gera kynferðislega hluti hvort við annað:

... það er kona, sem mér fannst vera kona, sem kannski hefur verið, einhversstaðar 18, 20 ára og fer með mig [á stað] og stelpu sem er ári eldri en ég, og hérna, hún hafði einhver tök og einhver vald á okkur og beitti okkur engum hótunum eða þvingunum, ég meina, stelpan klæddi sig bara úr

strax ... ég var ekki svona tilkippulegur í þetta sko ... ég man bara alltaf eftir því að hérna ... ég tengi þetta alltaf rosalega við hérna, kloflykt

Þrátt fyrir að gerandinn hafi ekki verið með neinar snertingar sjálf segist hann hafa áttað sig á því seinna að hún hafi verið að upplifa eitthvað kynferðislegt í gegnum þau.

Það er sameiginlegt með öllum gerendum að það eru fleiri en einn þolandi sem gerendur þeirra hafa brotið gagnvart og í tveimur tilvikum hafði viðkomandi kona brotið gagnvart strák og stelpu samtímis.

Þegar tengsl viðmælenda við kvenkynsgerendur eru skoðuð kemur í ljós að í tveimur tilvikum er gerandi innan fjölskyldunnar, móðir annars vegar og systir hins vegar. Tveir viðmælendur segja frá nágrannakonum sem höfðu brotið kynferðislega gagnvart þeim og einn segir frá að gerandinn í hans tilfelli hafi verið ókunnug kona. Í báðum tilvikum þar sem gerandinn er innan fjölskyldunnar telja viðmælendur að því fylgi mikil skömm. Þrátt fyrir að annar þeirra sé óhræddur við að tala um sig sem þolanda kynferðisofbeldis í dag þá vill hann ekki segja hver gerandinn er:

... fólk vill ótrúlega oft vita hver þetta var, sem ég deili ekki skiluru ... þetta er eitthvað svona djúpstæðara og aðeins erfiðara ... líka einhvern veginn skrýtið og flókið, þegar þetta er fjölskyldumeðlimur ... en ég hef alveg sagt að það hafi verið kona ....

Það er áhugavert að út frá frásögn viðmælenda er hægt að sjá að minnsta kosti fjórar af fimm kvenkyns gerendum hafa skipulagt kynferðisbrot sín fyrirfram. Í frásögn eins viðmælenda kemur fram að hann viti um fleiri drengi, sem voru á sama reki og hann (7 til 10 ára), sem lentu í sama kvenkynsgeranda. Hún hagræddi aðstæðum til að geta verið ein með honum og notaði tækifærið til að misnota hann, eins og fram kemur í þessari frásögn:

... hún hringdi heim og gaf [mér] tíma ... og það var eins og hún hafi verið að búa til tíma til þess að geta verið ein með manni, [...] ekki á svæðinu og enginn annar fullorðinn einstaklingur nálægt ... og svo var manni sagt eitthvað í þá veruna að [...] kemur eftir einhverjar mínútur eða eitthvað og á meðan gekk hún á lagið ....

Sumar konurnar voru mjög varkárar til að reyna koma í veg fyrir að það kæmist upp um þær, eins og kom fram hjá einum viðmælenda:

... sko þetta var svo lúmskt ... hún ætlaði sér aldrei að verða gripin við neitt sko, þetta var bara gert þegar við vorum tvö heima, kannski kom mér á óvörum, ég var sofandi eða eitthvað ....

Kvenkynsgerendurnir reyna að koma í veg fyrir að þolendurnir segi frá með því að gefa þeim áfengi, réttlæta KOF sem eðlilega hegðun eða banna þeim að segja frá. Aðspurðir hvernig kvenkynsgerendurnir komu fyrir út á við sögðu sumir að þær hefðu verið stressaðar og yfirgangssamar. Ein þeirra hafði sagst sjálf vera þolandi og útskýrði hegðun sína út frá því. Einn viðmælandanna lýsir sínum geranda og hegðun hennar á eftirfarandi hátt:

... elskuleg, góðlátleg ... þú sást þetta ekkert utan á henni, nei ... þú myndir ekki giska á þetta ... ég skil þetta þannig að móðir mín ... hafi verið ... pedófill --- uuu þetta er skrítið að segja þetta en ... þetta er rosalega útsmogin veiklun ... ég hef oft hugsað þetta ... þetta er svona blanda af þessu og síðan einhverri svona sýniþörf ... þetta var eins [og] obsession hjá henni ... þetta beindist að karlkyns ekki kvenkyns ... aðallega gegn mér, af því að það var auðveldast en [barnagirndin] kom líka bara í öðru ... gagnvart öðrum strákum [í hennar umsjón] ....

#### **4.1.2 Upplifun á kynferðisofbeldinu**

Allir viðmælandurnir tala um hve erfitt það var að takast á við KOF og setja það sem gerðist í samhengi. Sumir áttuðu sig ekki almennilega á því hvað var að gerast vegna aldurs en gerðu sér grein fyrir því á unglingsárunum og olli það þeim töluverðu hugarangri. Þegar móðir eins brýtur gagnvart honum eru brotin framin í skjóli daglegrar umönnunar og lýsir hann upplifun sinni á þennan hátt:

... það sem ég skildi ekki, þá var ég sjö ára ... ég áttaði mig ekki á því, ég hélt að þvo kynfæri væri bara að þvo kynfæri, skiluru, ég túlkaði það ekkert meira ... ég túlkaði það sko ekki einu sinni sem brot ... og þetta ágerist eftir því sem ég varð eldri ... þegar maður er ungur þá skilur maður ekki ... svona vissa hluti og maður kann ekki að greina á milli, hvað er fikt? hvað er blíða? og hvað er einhver örvun? eða... girnd? ... er eitthvað sem kemur seinna, kannski ekki fyrr en maður fer að fá hvolpavitið ....

Aðrir segja að þeir hafi verið of ungir til að átta sig almennilega á því hvað var í gangi en vissu að það væri ekki rétt. Þeir upplifðu mikið áfall og einn viðmælandinn lýsir því hvernig hann upplifði tilfinningalega aftengingu við líkamann. Annar „fraus“ og lýsir því með eftirfarandi orðum:

... í hvert einasta skipti þá bara fraus ég, algjörlega, kom bara út eins og spýtukall, ef svo má að orði komast, alveg eins og jökull, og bara fann bara ekki neitt, engar tilfinningar ....

Og annar lýsir áfallinu svona:

... en það bara eins og hausinn á mér öskraði ... allt þetta augnablik í kringum þetta, og ég réð ekkert við hugsanir, ég réð ekkert við tilfinningar eða neitt sko, ég var gjörsamlega, svona einhver konar yfirbugaður, svona andlega ....

Allir nema einn tala um að hafa orðið fyrir kynferðislegri örvun á meðan KOF átti sér stað og segja frá mikilli innri togstreitu sem það olli þeim. Einn tengir lykt af kynfærum kvenna við KOF og það hefur valdið honum mikilli truflun. Annar viðmælandi lýsir togstreitunni og afleiðingunum sem ofbeldið hafði í för með sér á eftirfarandi hátt:

... þú ert á móti því að þetta gerist en verður jafnvel fyrir einhverri örvun og það er „complex“ sem að getur orðið að viðbjóði sem beinist þá gegn þér sjálfum ... þú færð kannski standpínu ... og þar með verður standpína eitthvað ógeðslegt, af því að þetta ruglast allt saman ... barnið eða unglingurinn sem er að ná þessum fyrsta þroska, hann er bara ekki búin að setja hlutina í samhengi, sem verður til þess að þetta skemmir rómantík og sakleysi og samband karls og konu sem á að vera fallett ....

Tveir viðmælendur voru einnig með reynslu af KOF þar sem gerandinn var karlkyns. Annar þeirra telur ekki vera mun á þessum atvikum en virðist þó taka meiri ábyrgð á KOF þar sem gerandinn er kona og segir:

... ég [er] 11 að verða 12 ára, þú veist, bara svona byrjaður að hafa meiri áhuga ... þess vegna var þetta spennandi ... þess vegna fannst mér ég [vera] hálf ábyrgur fyrir þessu ... þetta er svona enn önnur mýtan ... það breyttist rosa margt, ert ekkert að höndla þetta ....

Hinsvegar taldi einn þátttakandinn vera eðlismun á KOF þar sem gerandinn var kona og lýsir því á þennan hátt:

... margfalt meiri skömm og niðurlæging sem fylgir því ... það var einhver svona annar sársauki einhvern veginn ... að þetta væri, bara það að kona gæti beitt karlmann kynferðislegu ofbeldi ... það var bara svo óraunverulegt ....

#### 4.2 Að segja frá kynferðisofbeldinu

Að segja frá kynferðisofbeldinu er annað þemað og er skipt niður í þrjú undirþemu. Allir viðmælendur eiga það sameignlegt að hafa ekki sagt frá KOF þegar þeir voru ungir og því er fyrsta undirþemað ástæðan fyrir þögninni. Aðdragandinn er annað undirþemað

og er átt við hvað varð til þess að þeir sögðu frá eftir þessa löngu þögn. Að lokum verður tekin saman upplifun þeirra af því að segja frá KOF og hvernig viðbrögð þeir fengu þegar þeir sögðu frá reynslu sinni.

#### 4.2.1 Ástæðan fyrir þögninni

Það er sameiginlegt með öllum viðmælendum að enginn þeirra sagði frá kynferðisofbeldinu sem þeir urðu fyrir af hálfu kvennanna á meðan á því stóð. Einn sagði reyndar frá ofbeldi á því tímabili en gerandinn var karlmaður í því tilviki og samkvæmt viðmælenda vildi hann einungis vernda bræður sína fyrir gerandanum. Aðspurðir hver ástæðan væri fyrir þögninni nefna þeir allir gríðarlega skömm sem meginástæðu, eins og endurspeglast í þessum orðum:

... stórfjölskyldan vissi ekkert af þessu ... en sko þetta var svo mikil skömm fyrir mig og það er eðli þessa mála ... að það er niðurbrot á sjálfsmati og börnin taka á sig einhverja sekt ... og mér þótti náttúrulega vænt um móðir mína og ég gat ekki sagt nokkrum manni frá þessu ....

Viðmælendur virtust hafa reynt að gera lítið úr reynslunni eða taka ábyrgð á henni líkt og Eypór gerði:

... þetta gerðist ekki, þetta var ekki neitt, eða þetta var mér að kenna eða það er allt annað en það var brotið á mér, einhvern veginn, útaf skömminni ....

og Bragi hafði svipaða sögu að segja:

... já ég meina maður tekur bara ábyrgð á þessu sjálfur, og þá er ég að meina, þá byrjar maður að taka ábyrgðina, skömmina og þetta, þetta kemur mjög fljótt ... og þá, þetta er bara svipað og þeir sem alast upp í alkóhólisma, þeir eru ekkert að blaðra um það, pabbi var að berja mömmu eða mamma barði pabba ....

Sumir vildu segja frá þegar þeir voru ungir en óttuðust afleiðingarnar ef þeir gerðu það eins og endurspeglast í orðum Arons:

... sko ég hefði viljað á þessum tíma að þetta hefði ekki verið svona mikið tabú ... ef að ég hefði kvartað undan þessu, og staðið á því þá hefði ég verið sendur á Breiðavík, ekkert annað ....

Það komu upp aðstæður hjá þeim öllum þar sem makar eða vinir voru að segja þeim frá eigin reynslu af KOF en enginn af þeim sagði frá sinni reynslu á því tímabili. Nokkrir af þeim leituðu sér aðstoðar hjá sálfræðingum, prestum eða hjónabandsráðgjöfum en voru

þó ekki tilbúnir að deila reynslu sinni af KOF á þeim tíma. Skömmin var yfirsterkari þörfinni til að segja frá KOF og tveir viðmælendur gerðu lítið úr reynslu sinni eins og kom fram hjá Daða:

... ég giftist konu sem varð fyrir kynferðisofbeldi, og hérna ... ég í rauninni, þegar ég heyri söguna hennar, þá datt mér ekki í hug að segja mína sögu því að mér fannst hún vera svo lítil ....

Jafnvel í aðstæðum sem ættu að teljast vera öruggar til að tala um erfiða reynslu gat skömmin verið mjög sterk eins og kemur fram í frásögn Arons þegar hann fer til geðlæknis vegna afleiðinga KOF:

... ég bannaði honum að skrá allt niður... ég borgaði honum bara svart og ég sagði honum að ég yrði bara að koma á einhverjum tímum sem enginn vissi af mér og hann gerði þetta allt eins og ég bað hann um ... en það er ekki til nein record um þetta og neinir fælar og vegna þess að ég hreinlega bannaði það ....

Aðrar ástæður fyrir þögninni voru meðal annars sektarkennd, umræða í samfélaginu um að þolendur verði seinna að gerendum og til að vernda börnin sín frá því að verða fyrir aðkasti.

#### **4.2.2 Aðdragandinn**

Flestir viðmælenda þögðu yfir KOF langt fram á fullorðinsárin. Sumir ætluðu með leyndarmálið með sér í gröfina en kvölin var orðin svo mikil að það var jafnvel annað hvort að segja frá eða enda líf sitt. Má segja að ávallt hafi gerst eitthvað afdrifaríkt í lífi þessara einstaklinga sem varð til þess að þeir sögðu einhverjum frá KOF og byrjuðu að leita sér aðstoðar. Einn var á barmi taugaáfalls og annar lenti í lífshættulegu slysi sem hann taldi að hefði gert honum erfitt að flýja sjálfan sig. Hann lýsir því vel hvernig varnarmúrarnir sem hann var búinn að reisa hrundu í kjölfar slyss sem hann lenti í og hann stóð frammi fyrir því að segja frá leyndarmálinu sem hann ætlaði að taka með sér í gröfina eða fremja sjálfsvíg:

... þetta [slys] mitt, svona innan gæsalappa, þá bjargaði það lífi mínu ... ég bara hafði ekkert að flýja, sársaukinn var mikill og ég gat ekki varið mig ... ég gat ekkert annað, ég gat ekki haldið frontinum, þetta er sko tvöföld vinna ... þurfa alltaf að vera eitthvað annað [en maður er] og passa uppá að ekkert nálgist mann ... þarna bara hrundi allt, þarna varð ég bara að gjöra svo vel að ... það er bara komið að því ....

Þrír af viðmælendunum sögðu frá KOF í kjölfarið á sjálfskoðun og 12 spora vinnu í sjálfshjálparsamtökum. Í einu tilvikinu hætti viðmælandi ungur að drekka og segir frá KOF sem hann var beittur í æsku í 12 spora vinnunni eins og kemur fram í frásögn hans:

... ég var samt einhvern veginn einbeittur í því að, vilja bara eignast nýtt líf og hætta að drekka og þetta er náttúrulega mesta tabú í heimi að fara að ræða þetta ... bara við það að ræða þennan atburð, þá hélt ég í rauninni að þá væri ég búinn að útkljá það mál ... af því að það var bara svo mikil spennulosun og eitthvað magic í því að tala um þetta ....

Hinsvegar var erfiðara fyrir annan viðmælanda að segja frá en sá var búinn að halda þessu leyndu í mörg ár þrátt fyrir langa edrúmennsku. Hann óttaðist að missa tókin á lífi sínu ef hann myndi ekki segja frá ofbeldinu og vinna í afleiðingunum, eins og fram kemur í frásögn hans:

... ég lokaði á það, ég læsti á það gjörsamlega, algjörlega, enda fékk ég alveg að líða fyrir það ... ég má ekki skilja neitt eftir, þessi svörtustu og dýpstu leyndarmál sem maður ætlaði að taka með sér í gröfina ... þetta eru leyndarmálin sem munu jafnvel koma mér aftur í neyslu og drepa mig ... eins og enska máltakið segir: you are as sick as your secrets ....

#### **4.2.3 Upplifun þeirra af því að segja frá kynferðisofbeldinu**

Eins og áður hefur komið fram reyndi enginn að segja frá KOF þar sem gerandinn var kona á meðan á því stóð eða fljótlega eftir að það hætti. Flestir héldu þessu algjörlega leyndu þangað til að þeir gátu það ekki lengur vegna mikillar vanlíðunar. Oftast voru fyrstu tilraunir þeirra fólgnar í því að segja einhverjum nánum aðstandanda frá reynslu sinni en þeir töldu sig ekki hafa fengið þann stuðning sem þeir vonuðust eftir. Viðbrögð annarra voru ýmist á þann veg að viðkomandi vildi ekki vita af þessu, gerði lítið úr reynslunni eða hvatti þolandann til að hætta að hugsa um þetta og halda áfram með líf sitt.

Aron hélt KOF, sem hann upplifði í æsku, leyndu langt fram á fullorðinsárin. Hann upplifði ekki stuðning í fyrstu skiptin sem hann reyndi að ræða þessi mál sem varð til þess að hann dró sig aftur til baka í skelina sína. Eftirfarandi ummæli lét hann falla um það þegar hann reyndi að opna sig fyrir konunni sinni:

... hún var náttúrulega besti vinur minn svo ég sagði henni ýmislegt en henni var ógurlega illa við það, hún sagði bara að það á að grafa fortíðina og eitthvað svona, ég var búinn að segja henni að það væri eitthvað sem hefði komið fyrir mig sem ég vildi ekki tala um... og svo sat þetta alltaf í mér, að ég



gat ekki talað um þetta við hana, af því að hún, sem betur fer kemur frá svo eðlilegu heimili en hún svona sussaði á mig svolítið með þetta ....

Daði og Bragi eru sammála um að tímarnir, sem þeir ólust upp á, hafi haft mikið að segja varðandi viðbrögð fólks við viðkvæmum málefnum eins og KOF. Bragi tekur dæmi um að það hafi varla verið talað til dæmis um börn með Downs-heilkenni og samkynhneigð þegar hann er að alast upp. Eftir að Daði byrjaði að vinna í sjálfum sér í sjálfshjálparsamtökum fyrir þolendur kynferðisofbeldis sagði hann systur sinni frá reynslu sinni og fékk hlutlaus viðbrögð sem hljómuðu svona:

... já okey gerðist það og síðan var bara umræðan búin, eins og oft var með öll þessi felumál ... sko munstrið var alltaf að tala ekki um það ... hún tók enga afstöðu, sagði ekki neitt og spurði ekki neitt, hún bara, já það skiptir engu máli ....

Viðbrögð sem þessi voru ekki algild og á endanum fundu þeir allir einhvern sem þeir gátu leitað til og tekið sín fyrstu skref í átt að bata. Öllum viðmælendum fannst mjög erfitt að byrja að tala um reynslu sína af KOF í æsku. Þeir eru þó allir sammála um að það hafi verið ákveðinn léttir og frelsi sem fylgdi í kjölfarið og að ávextir erfiðisins væru þess virði.

... ég fer að ræða um þetta við [einstaklinga] ... það var gríðarlegur léttir að geta farið, losað sig við þetta, svo leitaði ég í [sjálfshjálparhóp fyrir þolendur KOF], sem betur fer og þá var maður svona meira meðvitaður að skoða þetta og ... já bara losna við þetta og skömmina og þessu sem fylgir því það var númer eitt ....

#### **4.3 Afleiðingar vegna kynferðisofbeldisins á líf og líðan**

Þeir voru allir sammála um að KOF, sem þeir urðu fyrir, hefði haft gífurleg áhrif á líðan þeirra og hvernig líf þeirra þróaðist. Allir töluðu mikið um skömmina sem fylgdi því að hafa verið misnotaðir kynferðislega af konu og hvernig það virðist oft vera að menn leitist við að viðhalda skömminni og öðrum neikvæðum tilfinningum með hegðun sinni. Allir þátttakendurnir hafa upplifað mikla vanlíðan á fullorðinsaldri sem felur meðal annars í sér a) þunglyndi, b) skömm, c) kvíða, d) félagsfælni, e) sjálfskaðandi hegðun, f) lélega sjálfsmynd, g) að eiga erfitt með að setja öðrum mörk, h) erfiðleika í kynlífi og i) erfiðleika í nánnum samböndum. Fjórða þemað er afleiðingar sem komu fram í viðtölunum og hefur fimm undirþemu; a) líðan, b) nám, c) tengsl við eigin börn, d) flótti og e) kynlíf.

#### 4.3.1 Líðan

Allir karlmennirnir, sem tóku þátt í þessari rannsókn, hafa glímt við skömm, kvíða og þunglyndi á einhverjum tímamarki. Þrátt fyrir að ekki noti allir viðmælendurnir orðið þunglyndi um andlegt ástand sitt tala þeir um mikla vanlíðan, tilfinningalega aftengingu, verkkvíða og sjálfsvígshögðun. Það var algengt að inn á milli tímabila, sem einkenndust af mikilli vanlíðan, upplifðu þeir tilfinningalegan doða og aftengingu. Bragi talar um að þrátt fyrir að hann hafi verið að reyna sitt besta hafi honum aldrei liðið vel og Aron lýsir líðan sinni svona:

... þetta kemur í sveiflum hjá mér, stundum fæ ég alveg ofboðslega verkfælni, stundum finnst mér gaman að vinna og svo bara alveg ROSALEG verkfælni ... og þá er það flokkað sem leti skiluru, en þetta er svona hálfgerð lömunarástand ....

Þeir tala allir um lélega sjálfsvirðingu og niðurbrot sem stundum kemur fram í því að þeir viðhalda slæmri líðan með hegðun sinni. Eyþór talar um að stundum þegar vel gangi hjá honum og honum fari að líða vel þá sækist hann í aðstæður sem brjóti hann niður:

... þá opnast á svona stjórnlausu hegðun hjá mér ... ég var ekki að halda framhá en ég var að búa til skrýtin tengsl sem er bara skortur á sjálfsnæringu ... þú getur ekki sagt við sjálfan þig að þú ert nógu góður, þú getur ekki klappað þér á bakið þegar þú ert búin að gera eitthvað gott, þess vegna leitar þú í eitthvað svona þegar þú ert í spennufalli ... síðan vaknar maður til meðvitundar og bíddu hvað er maður búinn að vera að gera, þetta er líka leið til að viðhalda spennu og skömm og sektarkennd og til að búa til leyndarmál ....

Aðspurður um afleiðingar KOF á líðan sína líkir Freyr þessu við að hann haldi áfram að beita sig ofbeldi þrátt fyrir að gerandinn sé löngu farinn eins og endurspeglast í orðum hans segist hann vera uppfullur af:

... skömm, gremju, hatri... mjög neikvæðum tilfinningum í garð geranda og maður hélt áfram að beita sjálfan sig massívu ofbeldi á mörgum sviðum ... maður neitar sér um mat, um svefn, að gera svona eðlilega hluti fyrir sjálfan sig eins og fara í ræktina, kaupa sér ný föt, skreyta heimilið sitt eða vera í einhverju uppbyggjandi sambandi við fjölskyldu sína eða eignast vini sem maður byggir upp samband með, hvað þá að fara að leita sér hjálpar, NEI ekki fræðilegur sko... þetta sat allt á hakanum í mjög langan tíma og lengi vel eftir að ég þigg hjálpina ....

Bragi lýsir upplifun sinni á sjálfum sér á eftirfarandi hátt:

Ég var núll og nix ... ég var alltaf að reyna að gera eitthvað í því, með því að vera duglegur í vinnu en alltaf að upphefja mig á einhverju öðru heldur en sjálfum mér... og leið ekkert vel... skömmin og... hvað á maður að segja, maður er þarna inni líkamanum, í þínu húsi og þetta lokað þar ... bara skíthræddur ....

Allir viðmælendurnir hafa upplifað einkenni sem falla undir áfallastreituröskun (PTSD) en enginn af þeim talar um slíka greiningu. Helstu einkennin, sem þeir nefna, eru ofurviðkvæmni fyrir áreiti og að vissar aðstæður hafi endurvakið slæmar tilfinningar sem þeir tengja við KOF í æsku. Sumir finna sérstaklega fyrir því þegar umræða um KOF verður í samfélaginu og upplifa þeir vanlíðan og reiði. Aron segir frá því þegar konan hans tók eftir því að hann varð alltaf svo æstur þegar slík umfjöllun var í gangi:

... hún tók eftir þessu að ég væri svona næmur fyrir þessu ... alltaf ef það var eitthvað í útvarpinu [um] svona ofbeldi ... þá hækkaði ég kannski eða æsist upp [og] æði um gólf ....

Freyr fann fyrir miklum sársauka þegar eitthvað í umhverfinu minnti hann á æsku sína og lýsir upplifun sinni með þessum orðum:

... í upphafi vinnu minnar og var byrjað í raun og veru fyrr, að stinga mig alveg ROSALEGA í hjartað ... að heyra barn gráta inni verslun eða útá götu ... að heyra einhver barnalög í útvarpinu sem kemur við þessa viðkvæmni í manni, eða eitthvað sem minnir mann á barnæskuna ... ég gat brotnað niður og svoleiðis grenjað úr mér augun ... [Það var eins og] einhver ofboðslegur sársauki væri að leitast við að komast út ....

Þátttakendurnir hafa allir sýnt sjálfsskaðandi hegðun, hugsað um sjálfsvíg eða gert sjálfsvígstilraunir. Einn þeirra var lengi að glíma daglegar við sjálfsvígshugsanir og lýsir þeim svona:

... í mörg ár þá vaknaði ég upp á hverjum einasta degi og reyndi að finna einhverja ástæðu fyrir því af hverju ég ætti EKKI að fremja sjálfsvíg ... ég var byrjaður oft í huganum að skipuleggja og undirbúa, hvert ég færi, hvernig ég myndi framkvæma það og hvernig ég gæti slökkt á mér með hjálp lyfja ... og mér flaug það einhvern tímann í hug að senda ákveðnum útvarpsmönnum á Bylgjunni sögu mína þannig að þeir gætu útvarpað því hvers vegna ég framdi sjálfsmorð ....

### 4.3.2 Nám

Allir þátttakendur tala um að hafa hætt snemma í námi. Bragi hætti í námi eftir grunnskóla en talar ekki sérstaklega um námserfiðleika. Allir hinir tala um erfiðleika í námi aðallega vegna einbeitingarskorts. Daða gekk vel í skóla áður en hann var beittur KOF en hann lýsir því svo að hann hafi í kjölfarið verið aftengdur sjálfum sér og upplifað einkenni áfallastreituröskunar í formi endurminninga sem skerti getu hans til náms. Hann lýsir því hvernig hann endurupplifði áfallið á eftirfarandi hátt:

... mér gekk svakalega illa í skóla eftir þetta ... þurfti að hafa miklu meira fyrir því og ég svona hikstaði ... ég var ekki til staðar ... ég náði ekki að einbeita mér, ég var svona læstur í einhverjum brengluðum hugsunarhætti ... ég er alltaf að fá flassbakk á hana og svo stelpuna, svona til skiptis og losnaði bara ekkert við það ....

Aron, Eypór og Freyr segja einnig frá því að þeir hafi átt erfitt með einbeitingu í námi og Freyr segir:

... skólagangan var algjört hell og lærdómur ... ég veit ekkert hvað það er að setjast niður og njóta þess að læra vegna þess að það var alltaf kvöð ... það var bara kvöl og pína ... hausinn á mér var bara lokaður, ég gat ekki tekið neitt inn, jú ég lærði náttúrulega að lesa og skrifa og reikna en ég var eftir á í öllu ....

### 4.3.3 Tengsl þolenda við börnin sín

Viðmælendurnir eiga allir börn nema einn þeirra og áttu þeir allir erfitt með að tengjast börnum sínum áður en þeir fóru að vinna í sjálfum sér. Eypór eignaðist barn eftir að hann var búinn að vera að vinna í afleiðingum af kynferðisofbeldinu í töluverðan tíma og hefur ekki átt erfitt með tengslamyndun við barnið. Aron, Bragi og Daði segja að þeir hafi verið andlega fjarverandi og tala um hversu erfitt það er að tengjast börnum sínum þegar maður er ekki tengdur sjálfum sér. Til dæmis lýsir Bragi þessu á eftirfarandi hátt:

... maður var bara að vinna og maður var ungur... og bara ekki tengdur sjálfum sér og náði ekki einu sinni að tengjast börnunum sínum eða neitt ... ég gerði allt sem ég gat... en leið aldrei vel... ég vissi að ég ætti að gera þetta og ... ég var alltaf að reyna mitt besta en mér leið aldrei neitt vel sjálfum ....

Freyr hefur aldrei eignast barn og á auðvelt með að umgangast börn í dag. Hinsvegar átti hann erfitt með það áður fyrr, sérstaklega áður en hann sagði frá reynslu sinni og á því tímabili þegar hann byrjaði að vinna í afleiðingum KOF.

#### 4.3.4 Flótti

Mismunandi er hvernig mennirnir reyndu að komast hjá því að horfast í augu við sjálfa sig og takast á við afleiðingar KOF. Flestir tala um að hafa leitað mikið í kynlíf en það verður reifað nánar í næsta kafla. Allir viðmælendurnir tala um að hafa leitað í áfengi og/eða vímuefni á einhverjum tímapunkti til að flýja tilfinningar sínar en ekki var alltaf um misnotkun á slíkum efnum að ræða. Í það minnsta tveir af viðmælendunum misstu tökin á neyslunni en náðu sér á strik og nota ekki vímuefni í dag. Annar þeirra lýsir því hvernig vímuefnin hjálpuðu honum að forðast að takast á við afleiðingar sínar og segir:

[Ég] byrjaði ungur að drekka ... bakkus tók mig bara heljartaki strax frá byrjun ... það má segja að eftir það hafi lífið snúist um að vera í vímu og forðast allar tilfinningar, forðast allan sársauka, forðast að horfast í augu við staðreyndir og bara forðast að horfast í augu við ... bara ALLT frá A til Ö, bara alveg sama hvar maður tekur niður ....

Aron fann hvernig það hjálpaði honum að fjarlægjast afleiðingar kynferðisofbeldisins með því að forðast gerandann og lýsir því á eftirfarandi hátt:

... það var svo skrýtið það var eins og því lengra sem ég fór frá [gerandanum], því lausari var ég undan þessum áhrifum ... ég fór náttúrulega mjög snemma að heiman ... hætti í skóla og svo fer ég á sjóinn ... ég fór í siglingar, ég fór út á land og stundum þá drakk ég mig alveg pissfullann ....

Það kemur mjög skýrt fram í orðum Braga að hægt er að velja margar leiðir til að reyna að flýja áhrif KOF en það hafi þó aðrar afleiðingar:

... ég var mikið í íþróttum og reyndi að vera í eins litlum tengslum við sjálfan sig eins og maður gat, vera húkkt á einhverju ... þú getur sótt vín, verið í íþróttum alla daga, svona orðið íþróttirnar ... þú getur leitað í mat [til að] drepa niður þessa tilfinningu, sumir fara í það að skera sig, meiða sig ... ég var þannig að ég vann rosalega mikið, flúði í vinnuna hjá mér....

Viðmælendunum reyndist erfitt að viðurkenna að KOF hafi haft mikil áhrif á þá og þeir voru í mikilli afneitun hvað afleiðingar varðaði. Það kom einnig fram í frásögn þeirra allra að þeir gerðu sér ekki grein fyrir hversu víðtækar afleiðingar KOF hafði fyrir en þeir fóru að vinna í sjálfum sér, eins og kemur fram í frásögn Daða:

... mér fannst ég bara vera eðlilegur ... ég sá ekki afleiðingarnar ... ég gat ekki bæði prófað að lifa eðlilega [og] hinsegin, þetta er eina munstrið sem fylgdi mér í lífinu, það sem mótaðist þarna sem bara barn ... ég fór í [12 sporasamtök] ... þá fer ég að fá alskonar skít uppúr tilfinningum, sem ég réð ekkert við ... þá fyrst eftir að ég kláraði [12 sporin] þá brotnaði ég niður ...

mér fannst þetta alltaf vera svo lítið en ég gerði mér grein fyrir því hversu stórt þetta var í lífsmunstrinu mínu ... gerði mér grein fyrir því hvað þetta hafði mótað og markað líf mitt sem einstakling ....

#### 4.3.5 Kynlíf

Ekki var spurt sérstaklega út í kynlíf þátttakenda en fjórir komu engu að síður inn á það. Þar af leiðandi mun einungis verða fjallað um reynslu þeirra fjögurra í þessu undirþema. Þeir hafa allir upplifað erfiðleika í kynlífi, bæði þegar þeir voru að taka sín fyrstu skref á því sviði sjálfir og seinna á lífsleiðinni.

Þeir lýsa því hvernig KOF opnaði fyrir þeim reynsluheim sem þeir voru ekki tilbúnir til að takast á við. Það varð til þess að sumir þeirra urðu mjög uppteknir af stelpum og kynlífi mjög ungir. Eyþór fékk mjög snemma þráhyggju fyrir stelpum og man eftir sér mjög ungum að kyssa stelpur í laumi. Á unglingsárunum fór hann að efast um kynhneigð sína, allt varð mjög kynlífstengt og lýsir hann því svona:

... ég verð alveg óvenju upptekinn af kynlífi og það verður mikil skömm í því að að vera hreinn sveinn ... það verður einhver svona fókuspunktur hjá mér, lífið snýst bara um það ... og mikið að velta því hvort að ég hefði kynferðislegan áhuga á karlmönnum ....

Daði talar um áhrifin sem KOF hafði á sig þegar hann var barn og unglingur. Hann sóttist mikið í klámefni á unglingsárunum og lýsir því hvernig samskipti hans við hitt kynið lituðust af reynslunni:

... það verður einhver nautn, ég fæ ekki fullnægingu ekkert svoliðis en það verður einhver breyting, eitthvað sem að gerir mig svona klikkaðan að það snýst allt um þetta ... kveikir lostann, sem ég hafði hvorki þroska eða skilning til að takast á við ... við vorum rosalega duglegir við að afla okkur klámblöðum, það bara átti huga manns allan ... allt í öllum samskiptum við stelpur það var eitthvað kynferðislegt, það gat ekki verið tilfinningalegt ....

Flestir tala um að það hafi reynst þeim mjög erfitt að nálgast kvenfólk og þegar það gerðist þá olli það þeim miklum kvíðaviðbrögðum sem Aron lýsir með þessum orðum:

[Ég] treysti mér ekki til þess að koma við konu eða neitt, vegna þess að þetta var eitthvað skítugt eða eitthvað ... ég setti þetta ekki í neitt samhengi, þannig að bara ef einhver kona kom við mig þá rann heitur eða ískaldur straumur af svita niður eftir bakinu og bolurinn var allt í einu orðinn blautur og ég fraus og ef einhver sýndi mér blíðuhót eða eitthvað, þetta var alveg lengi lengi í mörg ár ....

Það reyndist þeim flestum virkilega erfitt að taka sín fyrstu skref í kynlífi og flestir reyndu að forðast kvenfólk en þráin eftir að vera með kvenmanni var alltaf til staðar eins og kemur fram í frásögn Arons:

... síðan blundaði alltaf í mér að mér langaði að vera með kvenmanni ... en ég bara [gat] ekki komist í gegnum það að framkvæma þessa athöfn, þannig að ég var blindfullur ... en ég mundi ekkert eftir því, þetta var fyrsta reynslan, af því að ég bara gat ekki komist í gegnum að vera með meðvitund þegar ég var að gera þetta ....

Einnig var algengt að þeir gætu ekki stundað kynlíf vegna óttaviðbragða og því fylgdi gífurleg skömm og niðurbrot. Freyr átti mjög erfitt með nánd og lýsir því hversu erfitt það var þegar hann fraus með stelpu sem hann var hrifinn af á unglingsárunum:

... það var óhugnanlega erfitt ... ég var bara læstur, ég gat ekki neitt... ég sat bara á rúmstokknum og horfði bara niður á gólf... fullur af skömm... þetta var móment sem mér langaði að gufa af yfirborði jarðar og koma aldrei aftur --- þetta var mjög erfið reynsla ... og kynlíf fyrir mér, það átti sér alltaf stað undir áhrifum áfengis, þannig eru fyrstu árin mín í kynlífi ... það er ekkert sem heitir svona innilegheit eða einhver eðlileg nálgun eða neitt ....

Þrátt fyrir að Freyr hafi átt svona erfitt með nánd og kynlíf var hann alltaf að leita sér að nýjum rekkjunautum. Það kemur fram hjá öllum viðmælendum að þegar þeir komust loksins í gegnum hindranirnar við að geta stundað kynlíf, þá tók við stjórnleysi í kynlífi. Daði lýsir því sem verkfæri sem hann hafi ekki getað beislað og hafi sofið hjá út í eitt. Aron hefur svipaða sögu að segja:

... þá tekur við tímabil hjá mér ... voða skrýtið tímabil, þar sem ég verð allt í einu rosalega lauslátur sjálfur... þegar ég er kominn yfir þessa hindrun ... fyrst að geta bara komið við konu og svo að fara alla leið og svo að venjast því að stunda kynlíf ... þá fór lífið eiginlega bara að ganga út á það, að vera bara alltaf að gera það með sem flestum ....

Daði segir frá því hvernig hann hafi notað kynlíf sem flóttaleið en hafi alltaf átt erfitt með nándina í kynlífi:

... í samböndum vildi [ég] mikið kynlíf, þú veist það var bara lykillinn ... það var ekkert endilega það sem ég þurfti, ég var bara að deyfa sársaukann og hérna ... eftir kynlíf þá gat ég aldrei snert manneskjuna ... fælnin var svo svakaleg og kuldinn, ég bara gat ekki snert hana eftir þetta, það var bara eitthvað sem ég réð ekki við ....

Flestir af þeim tala um hversu einangrandi það hafi verið að bera svona þungt leyndarmál sem enginn mátti vita af. Sumir tala um að hafa upplifað sig eins og þeir væru eina veran í heiminum með þessa reynslu sem varð til þess að þeir einangruðu sig frá öðrum. Freyr lýsir þeirri upplifun sinni með eftirfarandi orðum:

... svo furðulegt að maður heldur að maður sé Palli einn í heiminum, þetta kom fyrir mig og hefur eiginlega ekki komið fyrir neinn annan ... að ég væri, liggur við, eini karlmaðurinn sem hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku af hendi kvenna ... eða bara kynferðisofbeldi yfir höfuð ... en það hefur nú annað komið á daginn ....

#### 4.4 Samskipti við maka/konur

Viðmælendurnir hafa allir glímt við sambandserfiðleika og verið í mörgum samböndum í gegnum tíðina. Sumir hafa verið giftir til fjölda ára en aðrir hafa alltaf átt erfitt með að tengjast konum eins og kemur fram í þessari frásögn:

... nánd við hitt kynið, það er bara sko stay away, algjörlega, ég hef aldrei verið í einhverju sem heitir langtímasambandi, ALDREI ... það er eins og það hafi einhver hluti af manni, í gegnum þetta ofbeldi, að það hafi bara verið tekið og RÚSTAÐ, svoleiðis gjörsamlega, algjörlega niður í duft ....

Það var hægt að greina reiði eða ótta gagnvart konum hjá þeim öllum á einhverjum tímapunkti og einn lýsir algjöru virðingarleysi sem hann bar fyrir konum þegar hann var ungur:

... öll sýn mín á kvenfólk, hún var alveg langt frá því að vera eitthvað sem heitir heilbriggt, eðlilegt, kona var bara eitthvað sem þú ferð með uppí rúm og svo notar þú hana að vild og síðan þegar þú ert búinn að gera það sem þú vilt gera þá tekur þú hana [og hendir] í ruslið ....

Þeir tala allir um að leita í brotin sambönd við maka sem hafa svipaðan bakgrunn og þeir sjálfir, sem sagt maka sem hafa alist upp við ofbeldi og/eða sem misnota vímuefni. Einn þátttakandi áttaði sig á því að hann hefur í gegnum tíðina átt erfitt með að greina og meta tilfinningar sínar og hefur þar af leiðandi stofnað til sambanda á röngum forsendum:

... það er svo skrytið hvernig fólk sem hefur orðið fyrir áföllum, hvernig það leitar hvort annað uppi ... ég á mjög auðvelt með að tengjast konum sem hafa orðið fyrir einhverskonar kynferðislegu ofbeldi og þá kemur upp eitthvað svona, manni langar til að gera eitthvað fyrir þær og maður ruglar saman samkennd eða langar mig bara til að sofa hjá henni eða ....



Annar talar um að hann hafi leitað í ofbeldissambönd til að viðhalda skömminni og segir:

... maður var veikur einstaklingur á þessum tíma þá sóttist ég í frekar veifar konur, þú veist, mjög grimmar, þær sáu alveg til þess að ég væri þessi aumingi sem ég trúði að ég væri sjálfur ... þannig að ég var að viðhalda ... skömminni og öllu sko, þá vantaði mér einhvern til að segja mér að ég væri þessi lélegi pappír, eins og ég trúði að ég væri ....

Eftir að þeir fóru að vinna í sjálfum sér tóku þeir flestir meiri ábyrgð á eigin lífi og áttuðu sig betur á því að hluti af vandamálinu lægi hjá þeim sjálfum, líkt og einn þátttakandi sem hér lýsir sjálfum sér í samböndum:

... ég var ógeðslega kaldur, alveg svakalega rúðustrikaður, gaf svaka lítið af mér, þetta snerist allt um mig og ég fann alltaf ástæður fyrir sársaukanum mínum, það var alltaf einhverjum öðrum að kenna hvernig mér leið en vildi aldrei horfa inná við ....

Aðrir viðmælendur hafa gengið í gegnum alvarleg ofbeldissambönd og segja frá því þar sem þeir eru þolendur ofbeldis í nánnum samböndum. Þrír þátttakendur segja frá ofbeldi sem gæti verið túlkað sem nauðgun. Hér er lýsing frá einum þeirra:

... svo hitti ég manneskju sem er voðalega hugguleg... en hún var... alveg ofboðslega frek... og eitthvað geggjuð ... ég reyndi nokkrum sinnum að slíta þessu sambandi ... þá hótaði hún mér ... öllu mögulegu ... einu sinni þá fór ég [út á land], ég bara flúði útaf henni, þá kom hún þangað og klæddi sig úr fötunum, sagði að ef ég myndi ekki taka hana þá myndi hún garga og hún sprautaði raksápu yfir allt hjá mér ....

Það er áhugavert að enginn viðmælendanna talar um að hafa orðið fyrir nauðgun en myndu eflaust gera það ef kynjunum væri snúið við, eins og kemur fram í þessari frásögn:

... ég hef alveg endað á því að sofa hjá manneskju, sem mig langaði raunverulega ekki, hún nauðgaði mér ekki en ... ég var búinn að segja nei og hún leitaði bara á mig og af því að ég örvaðist að þá hélt ég kannski að mér langaði til að sofa hjá henni ... ég þurfti að stoppa og hætta, það var alveg á mörkunum og ég held að ef að hún hefði verið karlmaður og ég kona... ég veit ekki ... ég hef kannski aldrei almennilega sett það í samhengi áður og kannski hefur það verið erfiðara fyrir mig útaf sögunni minni ....

Af frásögnum viðmælendanna að dæma hafa þeir verið með litla sjálfsvirðingu, sjálfsmynd þeirra verið brotin og þeir átt erfitt með að setja öðrum mörk. Þar af leiðandi hafa þeir ekki hlustað á sjálfa sig þegar mörk þeirra hafa verið rofin í gegnum tíðina sem

leiðir líkur að því að brotið hafi verið gegn þeim aftur. Eftirfarandi frásögn lýsir vel hvernig einn þátttakandinn hlustaði ekki á sjálfan sig í upphafi ofbeldissambands:

... það fara allar viðvörunarbjöllur inní mér í gang ... einhver rödd sem sagði við mann að ekki í samband við þessa konu ... í hvert einasta skipti sem við erum saman, þá er ég einhvern veginn lamaður alltaf fyrir framan hana, hálf freðinn og mér þykir það mjög skrýtið og óvenjulegt hvernig mér líður ... og hún í raun og veru var bara með mig eins og strengjabrúðu ....

Þessum málum fylgdi gífurleg skömm og niðurlæging. Einn þátttakandi sem hefur lent í mörgum áföllum í gegnum lífið hefur mikið hugsað um það af hverju hann er alltaf að lenda í þannig aðstæðum. Á tímabili var hann að velta því fyrir sér hvort að hann væri haldinn einhversskonar kvalalosta (masókisti) en komst að því að það gæti ekki verið vegna þess að þessu fylgdi alltaf gífurleg vanlíðan. Hann lýsir því hvernig hann bregst við erfiðum aðstæðum:

... ég ... bara varð eins og hundur ... og ég hef aldrei skilið þetta, því að mér líður svo illa af því að vera eins og hundur ... þetta er ekki meðvitað ástand að ég vilji, láta hana kúga mig ... þetta gerist þannig að ef einhver öskrar á mig eða eitthvað slíkt, þá fer allur kraftur úr mér ... þá er ég aftur orðinn 10 ára og þá kann ég ekki neina aðra lausn en að hlýða ....

#### 4.5 Fordómar

Viðmælendurnir virðast flestir hafa velt því fyrir sér að koma fram í fjölmiðlum. Sumum virtist þeir þurfa að afsaka þá ákvörðun að vilja það ekki. Aðrir treysta ekki fjölmiðlum eða samfélaginu til að fjalla um svona mál og óttast að börnin þeirra verði fyrir aðkasti ef þeir geri það. Eypór:

... ég treysti ekki fjölmiðlum til þess að fjalla um svona mál ... ég held að það sé rosa mikilvægt að vekja athygli á þessu af því að það er svo mikið, svona múgæsingur í allri umræðu einhvern veginn ... og það er bara svo erfitt að standa með fórnarlömbum ... það er svo erfitt að standa með fólki sem getur ekki staðið með sjálfum sér ... og fórnarlömb standa ekki með sér, gerendur standa með sér ....

Það virðist sem karlmennskuhugmyndir hafi áhrif á upplifun þeirra af því að vera þolendur og sumir telja sig ekki vera jafn frjálsa og kvenfólk til að tala um sig sem þolendur. Eins og kemur fram í frásögn Freys aðspurður hvort hann hafi sagt einhverjum frá KOF:

Nei nei nei nei, aldrei! engan! ÞÖGN punktur, þetta er eitthvað sem maður tekur með sér í gröfina... ég er ekki eins og kvenfólk sem fer í Stígamót og opnar fyrir þetta og leitar sér hjálpar, ég og mínir gerum það ekki, þetta virðist vera ríkjandi, allavega er það mín upplifun... að karlmenn taka þessa hluti með sér í gröfina... það virðist vera og það er hræðilegt, þetta er ekki rætt, þetta er tabú PUNKTUR málið dautt, það er ekkert en og ekkert ef og ekki neitt um það að segja, ég meina þó það hefði verið reynt að borga mér fyrir það... hefði komið með alla fjársjóði heimsins til þess að láta mann segja frá, NEI--- ég tala ekki um þetta ....

Bragi var með svipaða reynslu:

Nei ekki á þessum árum, það var bara ekki að ræða það... það kom aldrei upp sú hugsun, aldrei! ...þegar maður var tuttugu og eitthvað, vildi alls ekki fara að ræða um eitthvað svona, djöfulsins væl að tala um æskuna, ég meina... þetta er ekkert macho að viðurkenna það að þér hafi verið nauðgað mörgum sinnum og þú veist, þessi stimpill...

Það var greinilegt að hugmyndir viðmælenda um karlmennsku voru áhrifavaldar á upplifun þeirra. Daði átti til dæmis erfitt með að sjá fyrir sér að kona gæti verið kynferðisafbrotamaður og karlmaður þolandi þrátt fyrir að hafa slíka reynslu sjálfur:

... ég hélt að bara karlmenn misnotuðu, ekki konur, umræðan í þjóðfélaginu hefur verið síðan ég var barn, já hann misnotaði dóttir sína, hann misnotaði stjúpdóttir og þetta var umræðan og hérna ... en þá leit maður aldrei á að það gat verið á hinn veginn ... en það var aðalhugsunin sem bara kæfði það, að það gæti ekki skeð ... ég gat ekki tengt nema bara með sjálfum mér ... hugsunin sagði bara að þetta var svo lítið ... en ég sá ekki afleiðingarnar, hvað þær voru miklar ....

Aron hefur átt erfitt með að leita sér aðstoðar vegna þess að hann vildi ekki að neinn vissi af KOF. Í eitt skipti leitaði hann til ráðgjafa Stígamóta og það hjálpaði honum mikið. En vegna þess hve leyndin og skömmin var mikil þorði hann ekki að mæta til þeirra af ótta við að það gæti sést til hans. Mörgum árum seinna var Aron kominn í þrot vegna afleiðinga KOF ásamt því að vera þolandi ofbeldis í nánú sambandi og leitaði til Stígamóta. Hann lýsir þeirri heimsókn svona:

... þá segir þessi ráðgjafi við mig, að ég sé eitthvað ruglaður og ég eigi að bara að fara til geðlæknis og þau geti ekkert fyrir mig gert og svo framvegis ... ég vil ekki segja að ég hafi verið rekinn út en mér var sagt, á kurteisilegan hátt að þetta væri ekki staður fyrir mig, kannski vegna þess að ... þeim fannst þetta ofsalega erfitt að fá einhvern karlmann í viðtal þarna, því að þá voru konur fórnarlömb, svo kemur allt í einu einhver karlmaður, það hefði verið

skárta ef að ég hefði lent í einhverjum karlmanni ... þetta er tvöfalt taboo, það er karlmaður og gerandinn kona ....

En síðan segir Aron að hann viti í raun og veru ekki hver raunveruleg ástæða var fyrir þessum viðbrögðum og segir:

... ég held að hún hafi bara ekkert skilið í mér og kannski hefði ég ekkert skilið í mér ef ég hefði verið hún ... ég var mjög ... ef ég hefði verið stunginn með títiprjón þá er ég ekki viss um að ég hefði fundið mikið fyrir því. Ég var dofinn og var að reyna að grípa einhverja björgun ....

Það er ekki nóg með að Aron hafði upplifað ófagleg og niðurrífandi viðbrögð af hálfu Stígamóta í seinna skiptið sem hann leitaði þangað, heldur varð hann einnig fyrir fordómum af hálfu lögreglunnar eins og kemur fram í þessari frásögn:

... ég var búinn að reyna að fá vernd hjá lögreglunni fyrir þessari konu ... þeir reyndu nú að tala hana til ... það gekk nú ekkert allt of vel, það var líka sagt við mann, ert þú ekki fullfrískur karlmaður ...

Eyþór talar um eigin fordóma þegar hann er spurður hvort hann hafi leitað til Stígamóta eða í sambærileg úrræði:

Nei ... fór samt einu sinni með strák þangað, en ekki fyrir mig ... ég tengi Stígamót ekkert rosalega mikið við stráka af einhverjum ástæðum og ég tengi það meira við eitthvað sem er fyrir stelpur, en ég geri það kannski ekki í dag, ég geri það minna í dag en þá tengdi ég þetta örugglega bara við konur ... eða þú veist fordómar í mér, það er svona partur af mér sem [finnst] mikilvægara að berjast fyrir konur ....

Viðmælendur hafa orðið varir við umræðu um að þolendur KOF verði að gerendum og hefur sú umræða haft mismikil áhrif á líf þeirra. Einn viðmælandi segist hafa velt því fyrir sér hvort að hann hafi jafnvel brotið gagnvart bróður sínum en muni ekki eftir því. Sumir nefna tímabil þar sem mikil umræða var í samfélaginu um hversu miklar líkur væru á því að þeir, sem væru þolendur KOF, myndu verða gerendur sjálfir. Á þeim tíma átti Bragi lítil börn og upplifði hann umræðuna sem ofbeldi vegna þess að honum fannst hann ekki geta sagt frá ofbeldinu sem hann varð fyrir í æsku. Aðspurður segir Bragi að þessar hugmyndir hafi átt sinn þátt í þessari löngu þögn hjá honum og hann segir frá reynslu sinni af samtali við félagsráðgjafa um KOF sem hann var beittur:

... ég sagði henni frá þessu og þá spurði hún, hefur þú einhvern tímann haft áhuga á börnum ... mér leið náttúrulega ömurlega, enda setti ég bara lásinn á þetta, þetta er eitthvað það versta sem ég myndi vita um ... að segja frá

Þessu og vera þá stimplaður, heyrðu já þú verður eins ... það er miklu betra að fólk geti opnað á sín mál í heiðarleika og eiga ekki von á því að fá einhverja svona spurningu ....

Aðspurður hefur Eyþór ekki orðið fyrir miklum óþægindum vegna slíkra hugmynda en segir þetta um málið:

Nei ég spái ekkert mikið í það ... kannski af því að ég er svo langt frá því að ætla mér að koma opinberlega fram með þetta og kannski er það ótti við það ... ég hef alveg spáð í því, af þeim vinum mínum sem vita að ég hafi orðið fyrir þessu og síðan er ég kannski að leika svona við börnin þeirra og hef alveg spáð ætli þau haldi að ég sé svona líklegri, það hefur alveg komið sko ... bara svona hugsanaleiftur ... það hefur ekki svona þrengt að mér ...

#### 4.6 Bataferli/Bati/Framtíðarsýn

Allir viðmælendur hafa unnið mikið í sjálfum sér og sumir af þeim hafa einnig hjálpað öðrum karlkyns þolendum. Þeir hafa náð töluverðum árangri en viðurkenna flestir að það sé langt ferðalag framundan. Í síðasta þemanu verða tekin nokkur dæmi úr bataferli viðmælendanna.

Daði hefur alltaf átt erfitt með nánd en alltaf fundist hann þurfa að vera í föstu sambandi við konur. Hann er ekki í sambúð í dag og segir að það sé mikill sigur fyrir sig að þurfa ekki að vera í sambandi. Hann segir frá því hvernig hann hefur náð árangri með aðstoð sjálfshjálparsamtaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis:

Þetta er bara hluti af ævisögu minni ... og ég hef ekkert mikinn áhuga á þessum kafla ... ég get tengt mig frá þessu ... ég var þolandi, ég var staddur á röngum stað á röngum tíma ... ég get verið í samböndum [og] verið tilfinningatengdur manneskjum eftir þetta, ég hef getað verið með þeim og faðmast og allt eftir 12 sporakerfið, ég vann mig bara í gegnum þetta ... [samtökin] hafa bjargað tilfinningahluta mínum ... og vinna mig að virðingu við kvenmann, það er kominn [jafnvægi] á lífið ....

Eyþór hefur svipaða sögu að segja:

Ég er miklu minna tengdur fórnalambinu í dag, minna í þessum sárum sko, það er samt alltaf einhver vinna eftir ... ég er mjög tengdur tilfinningalega og ég stunda hugleiðslu og reyni að lifa mjög andlegu lífi að mörgu leyti ... og er svona mjög áhugasamur um tilfinningar, það er svona mjög mikill fókus hjá mér þú veist, en það er rosa erfitt oft að vera þar að vera mjög meðvitaður þar og ég held að það sé erfitt fyrir alla að vera meðvitaður tilfinningalega, af því að við gerum endalaust af hlutum til að vera ekki tengd ....

Freyr lýsir upplifun sinni af því þegar hann byrjaði að vinna í afleiðingum KOF og hvernig bataferli hans hefur verið:

... þá finn ég þínu lítið hálmstrá af einhverju sem heitir frelsi ... og þá fór ég að skilja það ... að bati felst í því að ég þarf að segja frá öllu og fjarlægjast þetta og fá frelsi og þá byrja sárin að gróa ... ég er kominn ákveðin skref frá þessu, búinn að fá ákveðna heilun og bata, ég er í einhverju ferðalagi sem ég hef ekki græna glóru um hvað það er langt ... og þess vegna hvet ég menn til þess að fara og leita sér hjálpar vegna þess að það versta sem ég get gert sjálfum mér það er að þegja, þögnin er besti vinur gerandans ....

## 5 Umræða

Í þessum kafla verða helstu niðurstöður teknar saman og tengdar við fræðilega þekkingu sem kom fram í öðrum kafla ritgerðarinnar.

Áður en rannsóknarvinna hófst voru hugmyndir rannsakanda um kvenkyns gerendur að þær brytu aðallega gegn unglingsstrákum eða að þær séu þvingaðar af karlmanni til að brjóta gegn börnum. Það kom þar af leiðandi á óvart hversu ungir viðmælendurnir voru þegar KOF átti sér stað. Enginn af þeim var kominn á kynþroskaaldur, algengast var að þeir væru á aldrinum 7 til 11 ára við fyrsta brot og gerandinn hafði alltaf verið einn. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að meirihluti kvenkyns gerenda hefur brotið gegn barni án karlkyns samgeranda (Colson o.fl., 2013; Heil o.fl., 2010). Þá má einnig velta því fyrir sér hvort afleiðingar af KOF, þar sem gerandinn er kona og þolandinn unglingsstrákur, gætu verið öðruvísi og hvort ólíklegra sé að þeir leiti sér faglegrar aðstoðar.

Það er einnig áhugavert að kvenkyns gerendurnir eiga það allir sameiginlegt að brjóta gagnvart fleiri en einum þolanda. Það er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að það sé algengt að á bak við hvern kvenkyns geranda séu mörg fórnarlömb (Saradjian, 2010; Wijkman o.fl., 2010).

Einn viðmælandi segir frá því hvernig KOF, sem móðir hans beitti hann, hafi til að byrja með verið undir því yfirsýni að um þvott á kynfærum væri að ræða, sem er einmitt algengt afbrotamynstur kvenkyns gerenda. Erlendir rannsakendur telja að það sé hluti af ástæðunni fyrir því að síður komist upp um KOF þegar gerandinn er kona. KOF fari oft fram í skjóli hefðbundinnar barnaumönnunar eða sé túlkað sem óviðeigandi ástúð fremur en KOF (Denov, 2001; Matthews o.fl., 1991; Miller-Perrin og Perrin, 1999; Nelson, 1994).

Það hefur komið á óvart hversu mikið er gert til að reyna að finna ástæðurnar á bak við ofbeldið, þegar gerandinn er kona. Ofbeldið er fremur afsakað (Nelson, 1994) með því að vísa í andleg veikindi, erfiðar aðstæður eða að þær séu þvingaðar af karlmanni (Denov, 2001). Út frá takmörkuðum upplýsingum um gerendur í þessari rannsókn er að minnsta kosti vitað að ein af konunum var sjálf þolandi KOF í æsku. En ekkert bendir til þess að einhver þeirra hafi glímt við alvarlega geðsjúkdóma. Sumar koma fyrir sem elskulegar og venjulegar konur og aðrar í versta falli stressaðar og yfirgangssamar. Þær virðast hafa verið með

einbeittan brotavilja og skipulagt brotin með þeim hætti að ekki kæmist upp um þær. Samkvæmt kenningu Gannon o.fl. (2008) eru þrjár gerðir skipulagningar í fasa II en engin af konunum notaðist við stýrða skipulagningu sem felur í sér að karlmaður stýri skipulagningunni. Þær virðast allar hafa skipulagt kynferðisofbeldið meðvitað og vandlega sjálfar og flokkast það því sem skýr skipulagning. Hinsvegar gæti hugsast að önnur nágrannakonan, sem var gerandi í máli eins viðmælandans, hafi notað óbeina skipulagningu en það á við þegar konan virðist ómeðvitað hagræða aðstæðum á þann hátt að það auki líkur á líkamlegri eða tilfinningalegri nánd við þolandann. Umræddur gerandi braut að minnsta kosti gegn tveimur börnum og gaf þeim áfengi. Það gæti hafa verið til að vekja upp sektarkennd hjá börnunum og draga úr líkum á því að þau segðu frá KOF. Kannski var tilgangur konunnar að lokka börnin í heimsókn og búa þar með til aðstæður sem væru þægilegar fyrir hana til að brjóta gegn þeim.

Eins og áður hefur komið fram hefur fyrningartími alvarlegustu kynferðisbrota verið afnuminn og fyrningartími vægari brota hefst ekki fyrr en barnið hefur náð 18 ára aldri (Svala Ísfeld Ólafsdóttir, 2011). Þessi breyting hefur mikið gildi fyrir þolendur KOF þar sem algengar afleiðingar slíks ofbeldis eru skömm og sektarkennd sem gerir það að verkum að börnum reynist erfitt að segja frá reynslu sinni meðan þau eru enn ung að árum (Hrefna Ólafsdóttir, 2011). Sérstaklega á þetta við vegna þess að oft hafa þolendur ekki áttað sig almennilega á því sem gerðist og setja það í samhengi fyrr en þau eru orðin eldri, eins og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Það er sameiginlegt með öllum viðmælendum að enginn þeirra sagði frá kynferðisofbeldi þar sem gerandinn var kona áður en þeir náðu 18 ára aldri. Flestir þögðu langt fram á fullorðinsárin með tilheyrandi skömm, sektarkennd og vanlíðan. Í flestum tilfellum var það síðasta úrræðið að segja frá KOF og byrja að vinna úr afleiðingum kynferðisofbeldisins. Sumir ætluðu með leyndarmálið með sér í gröfina en kvölin var orðin þeim svo mikil að það var annað hvort að segja frá eða enda líf sitt. Það gæti hugsanlega verið að afleiðingar KOF gætu verið áhrifavaldur á sjálfsvígstíðni karlmanna en eðli málsins samkvæmt reynist erfitt að rannsaka það. Eins og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar var algengt að sjálfsvígshugsanir sóttu á viðmælendur og þeir jafnvel búnir að gera nokkrar tilraunir.

Þeir voru allir sammála um að hafa upplifað mikla vanlíðan á fullorðinsaldri sem fæli meðal annars í sér þunglyndi, skömm, kvíða, félagsfælni, sjálfsskaðandi hegðun, lélega



sjálfsmynd, að eiga erfitt með að setja öðrum mörk og erfiðleika í kynlífi og nánum samböndum.

Flestir upplifðu að verða fyrir kynferðislegri örvun við KOF sem varð til þess að þeir upplifðu innri togstreitu, truflun á kynvitund og einnig myndaðist hjá þeim neikvæð reynsla af kynlífi. Það varð til þess að þeir áttu allir erfitt með að stunda kynlíf og stofna til heilbrigðra sambanda þegar þeir voru ungir. Þegar þeir byrjuðu að geta stundað kynlíf fóru þeir yfir í stjórnlausu kynlífshegðun og voru lauslátir um tíma. Þegar birtingarmyndir afleiðinga eru settar inn í kenningu Finkelhor og Browne (1985) hefur KOF meðal annars skapað hjá þeim áfallatengda kynlífsvæðingu sem hefur haft mótandi og brengluð áhrif á kynvitund þeirra.

Þeir hafa allir leitað í brotin sambönd við alkahólista og/eða þolendur KOF sem hafa ekki heldur unnið úr eigin reynslu. Vegna þess að þeir voru með litla sjálfsvirðingu og eiga erfitt með að setja mörk, reyndist þeim erfitt að fara úr aðstæðum sem voru þeim skaðlegar. Samkvæmt kenningu Finkelhor og Browne (1985) hafa þeir upplifað hjálparleysi, sem er þriðji þátturinn í kenningu þeirra, en það getur haft áhrif á upplifun manna á eigin getu til að stjórna eigin lífi. Þar af leiðandi geta þeir verið varnalausir gagnvart fólki sem reynir að ráðskast með þá og forða sér ekki úr skaðlegum aðstæðum. Samkvæmt erlendum rannsóknum eru þessar afleiðingar algengar meðal karlkyns þolenda KOF þar sem gerandinn er kona (Denov, 2004; Dube, o.fl., 2005). Einnig sýna erlendar rannsóknir sömu afleiðingar óháð kyni gerandans (Sigurdardóttir o.fl., 2012; Kendall-Tackett o.fl., 1993; Lisak, 1994).

Flestir viðmælendur áttu erfitt með að nálgast konur kynferðislega og sýna þeim nánd. Þeir upplifðu mikinn kvíða og ótta, sem varð til þess að flestir þeirra forðuðust kvenfólk. Einnig kom fram að sumir af þeim áttu erfitt með að setja öðrum mörk í kynferðislegum aðstæðum og gerðu hluti sem þeir vildu ekki gera. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að viðbrögð sem þessi eru mjög algeng meðal karlmannna sem hafa orðið fyrir KOF í æsku, sérstaklega þeir sem hafa verið misnotaðir af konum (Lisak, 1994).

Tveir viðmælendur sögðu frá neikvæðri reynslu af starfsmönnum sem þeir leituðu til vegna KOF sem þeir urðu fyrir í æsku. Samkvæmt Aroni fékk hann neikvæðar móttökur af hálfu ráðgjafa þegar hann var að missa tókin á lífi sínu og Bragi var spurður af félagsráðgjafa hvort að hann hefði einhvern tímann haft áhuga á börnum. Rannsakandi hefur efasemdir um að kona, sem er þolandi KOF í æsku og er þolandi í ofbeldissambandi, myndi fá slíkar

móttökur hjá starfsmanni sem vinnur með þolendum KOF. Einnig efast rannsakandi um að kvenkyns þolandi sé spurður án tilefnis hvort að hún hafi einhvern tímann haft áhuga á börnum, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að meirihluti kvenkyns gerenda hafi einnig verið þolendur KOF í æsku (Colson o.fl., 2013). Rannsakandi veit ekki hvað þeim fór á milli en það er augljóst að ekki var búið að mynda traust í sambandi félagsráðgjafans og Braga til að varpa fram slíkri spurningu. Þetta er sett fram hér til að undirstrika hversu mikilvægt það er fyrir fagfólk, sem mætir þolendum ofbeldis, að gera það af virðingu og varkárni. Það er vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að viðbrögð fagaðila geta skipt miklu máli við úrvinnslu áfalla (Denov, 2003). Allir viðmælendur voru almennt ánægðir með þau úrræði sem þeir hafa fengið en töldu að það vantaði sértæka meðferð fyrir karkyns þolendur. Rannsakandi ber mikla virðingu fyrir því starfi sem er fyrir hendi á Íslandi en telur líklegt að þörf sé fyrir úrræði sem er betur sniðið að þörfum karlmanna. Alveg eins og rannsakandi telur mjög mikilvægt að til sé úrræði sem er sérsniðið að þörfum kvenkyns þolenda.

Umræðan um KOF hefur lengi verið á þann veg að gerendur eru karlmenn og þolendur stúlkur enda er það algengasta form KOF gagnvart börnum (Asgeirsdóttir o.fl., 2011; Finkelhor, 1994; Hrefna Ólafsdóttir, 2011; Pereda o.fl., 2009). Þegar orðið barnaníðingur eða kynferðisafbrotamaður er notað er líklegt að karlmaður komi í hugann. Það þarf að taka sérstaklega fram þegar um konu er að ræða sem hefur framið kynferðisofbeldi. Eins og kom fram í niðurstöðunum gat verið erfitt fyrir karlmennina að setja sig í þolendahlutverk vegna ríkjandi staðalímynda. Það gerði þeim erfitt fyrir að viðurkenna að þeir væru þolendur KOF og var algengt að þeir reyndu að gera lítið úr afleiðingum þess. Þeim fannst skrytið að KOF hefði svona mikil áhrif á sig. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (Lisak, 1994).

Rannsóknir hafa sýnt að hátt hlutfall gerenda kynferðisofbeldis segjast sjálfir hafa verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku (Hindman og Peters, 2001). Það er algengt að fólk dragi þá ályktun að miklar líkur séu á því að karlkyns þolendur verði gerandur seinna meir (Fortney o.fl., 2007). En í raun þýðir það einungis að það séu meiri líkur á að þolendur, bæði konur og karlar sem hafa upplifað KOF í æsku, eigi eftir að fremja sjálf slíkan verknað heldur en þeir sem hafa ekki slíka reynslu. Það eru mun fleiri, sem hafa orðið fyrir KOF, sem ekki beita börn slíku ofbeldi samkvæmt rannsóknum (Hindman og Peters, 2001; Salter o.fl., 2003). Þessi mýta getur dregið sérstaklega úr karlkyns þolendum að segja frá reynslu sinni og þar af

leiðandi skert möguleika þeirra til að fá aðstoð (Sigurdardóttir, Halldorsdóttir og Bender, 2012).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að meirihluti gerenda á það til að ýkja stórlega eigin reynslu af KOF í æsku (Hindman og Peters, 2001). Rannsakandi telur varhugavert að karlkyns þolendur KOF séu stimplaðir sem gerendur, einungis vegna þess að þeir eru þolendur KOF. Margir áhættuþættir geta aukið líkur á að fólk eigi eftir að fremja kynferðisbrot, til dæmis að vera þolandi vanrækslu, andlegs og/eða líkamlegs ofbeldis í æsku (Widom og Ames, 1994). Þrátt fyrir að það séu meiri líkur á að kvenkyns þolendur KOF í æsku verði gerendur, heldur en konur sem hafa ekki slíka reynslu (Colson o.fl., 2013), er líklegt að þessar konur lifi ekki í ótta við það að vera stimplaðir kynferðisafbrotamenn fyrir það eitt að vera þolendur. Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að hafa í huga að stærstur hluti rannsókna styður þá fullyrðingu að langflestir þolendur KOF eiga ekki eftir að misnota aðra (Hindman og Peters, 2001; Salter o.fl., 2003).

Velta má fyrir sér hvort sá hópur gerenda, sem hefur verið beittur KOF í æsku, sé öðruvísi en þeir sem ekki hafa slíka reynslu. Hugsanlegt er að vegna afleiðinga, sem eru algengar meðal þolenda KOF, sé sá hópur líklegri til að upp komist um KOF sem hann beitir en meðal gerenda sem ekki eru þolendur. Eins og áður hefur komið fram er algeng afleiðing meðal karlkyns þolenda að þeir leiðist út í afbrotahegðun og misnoti vímuefni. Það gæti haft áhrif á afbrothegðunina á þann hátt að líklegra sé að það komist upp um þá.

Eins og áður hefur komið fram er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar um að sú líðan og þær aðstæður, sem lýst er, eigi við um alla karlkyns þolendur kynferðisofbeldis þar sem gerandinn er kona. Hins vegar veita niðurstöður þessarar rannsóknar innsýn í upplifun þolenda af KOF þar sem gerandinn hefur verið kona.

Upphaflega var stefnt að ræða við sex til átta karla en vegna eðlis viðfangsefnisins reyndist erfitt að finna fleiri viðmælendur sem treystu sér til að taka þátt í rannsókninni. Fimm viðmælendur eru of fámennt úrtak til að hægt sé að draga miklar ályktanir út frá einstökum þáttum en rannsóknin er þó ágæt vísbending um afleiðingar ofbeldis af því tagi sem hér hefur verið reifað og eins og fram hefur komið eru helstu niðurstöður í samræmi við erlendar rannsóknir. Þrátt fyrir að tekin hafi verið löng og ítarleg viðtöl í þessari rannsókn telur rannsakandi að betra væri að taka tvö viðtöl þegar rannsakað er viðkvæmt viðfangsefni.

Helst mættu líða nokkrar vikur milli viðtalanna líkt og í öðrum svipuðum rannsóknum (Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2011; Sigurdardóttir, Halldorsdóttir og Bender, 2012).

Það þarf ekki að vera að þeir karlmenn, sem tóku þátt í þessari rannsókn, séu hefðbundnir þolendur KOF þar sem gerandinn er kona. Þeir hafa allir leitað sér aðstoðar vegna afleiðinga KOF í æsku hjá fagaðilum og/eða í sjálfshjálparsamtökum fyrir þolendur KOF. Þrír hafa einnig verið í öðrum 12 spora samtökum áður en þeir fóru í sjálfshjálparsamtök fyrir þolendur KOF.

Það kom rannsakanda á óvart að ekki væri búið að gera fleiri stórar tíðnirannsóknir á KOF gagnvart börnum á Íslandi en raun ber vitni. Rannsakandi telur afar mikilvægt að byrjað verði að gera reglulegar tíðnirannsóknir á KOF á Íslandi, svipað og Hrefna Ólafsdóttir gerði á sínum tíma. Með því að gera slíkar rannsóknir reglulega er hægt að fylgjast með þróun vandamálsins. Sem dæmi má nefna að þá er hægt að sjá hvort að börn séu í meira mæli að segja fyrr frá KOF sem þau verða fyrir og getur það verið vísbending um að fræðsla sé að skila sér til barna. Það væri einnig áhugavert að geta fylgst með hvort að hlutfall drengja, sem eru þolendur KOF, sé að hækka með árunum líkt og erlendar rannsóknir hafa verið að sýna (Pereda o.fl., 2009). Þar að auki væri hægt að sjá hvort breytingar verði milli ára á hlutfalli kvenkyns gerenda KOF gagnvart börnum. Rannsakandi telur mikilvægt að vekja athygli á því að ekki einungis karlmenn misnoti börn til að sinna eigin kynferðislegum þörfum. Þrátt fyrir að konur geri það í minna mæli en karlmenn eru afleiðingarnar ekki síður alvarlegar fyrir þolendur slíks ofbeldis eins og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Rannsakandi myndi gjarnan vilja sjá meiri áherslu á rannsóknir sem leitast við að finna þætti sem draga úr afleiðingum KOF á þolendur. Þannig fengjust verkfæri til að mæta þolendum snemma í ferlinu og hjálpa þeim að takast á við afleiðingar sem geta fylgt í kjölfar KOF. Rannsóknir hafa sýnt að það er hægt að draga úr neikvæðum afleiðingum KOF með því að efla félagslegan stuðning í umhverfi þolenda og draga úr streituvaldandi þáttum (Asgeirsdóttir o.fl., 2010; Asgeirsdóttir o.fl., 2011).

Rannsakandi telur að umræða, sem felur í sér að tala um KOF sem sálarmorð, geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir þolendurna. Nota megji aðrar aðferðir til að vekja athygli á alvarleika KOF gagnvart börnum án þess að það sé gert á kostnað þolenda. Viðmælendur í

Þessari rannsókn voru sammála um mikilvægi þess að vekja athygli á því að ná megi bata í kjölfar KOF og það sé þess virði að segja frá ofbeldinu þó að það geti verið erfitt.

Eitt af markmiðum rannsóknarinnar er að beina kastljósi að ákveðnum þáttum sem hafa ekki fengið mikla athygli í umræðu um KOF. Í fyrsta lagi eru það karlmenn sem eru þolendur KOF í æsku og konur sem eru gerendur KOF gagnvart börnum. Ljóst er að í flestum tilfellum er KOF framið af karlmönnum. Það er hinsvegar staðreynd að til eru karlar og konur sem hafa verið beittir KOF af hálfu kvenna. Sá hópur á rétt á því að vera viðurkenndur sem slíkur og fá aðstoð við að vinna úr erfiðleikum sínum þrátt fyrir að vera í minnihluta. Opnari umræða mun líklega gera þolendum auðveldara að stíga fram og leita sér aðstoðar.

Vonandi munu niðurstöður þessarar rannsóknar verða skref í að opna umræðuna um kynferðisofbeldi gagnvart drengjum og vekja áhuga annarra til frekari rannsókna á þessu málefni. Rannsakanda finnst viðeigandi að enda á orðum Freys:

... það versta sem ég get gert sjálfum mér er að þegja, þögnin er besti vinur gerandans ....

---

Hilmar Jón Stefánsson



## Heimildaskrá

*Almenn hegningarlög nr. 19/1940.*

- Andersson, N. og Ho-Foster, A. (2008). 13,915 reasons for equity in sexual offences legislation: A national school-based survey in South Africa. *International Journal for Equity in Health*, 7(1), 20. doi:10.1186/1475-9276-7-20
- Asgeirsdottir, B. B., Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F. og Sigfusdottir, I. D. (2010). Protective processes for depressed mood and anger among sexually abused adolescents: The importance of self-esteem. *Personality and Individual Differences*, 49(5), 402–407. doi:10.1016/j.paid.2010.04.007
- Asgeirsdottir, B. B., Sigfusdottir, I. D., Gudjonsson, G. H. og Sigurdsson, J. F. (2011). Associations between sexual abuse and family conflict/violence, self-injurious behavior, and substance use: The mediating role of depressed mood and anger. *Child Abuse & Neglect*, 35(3), 210–219. doi:10.1016/j.chiabu.2010.12.003
- Beck, A. J., Harrison, P. M. og Guerino, P. (2008). *Sexual violence reported by juvenile correctional authorities, 2005-06*. US Department of Justice, Office of Justice Programs, Bureau of Justice Statistics. Sótt 12. september 2013 af [http://njjn.org/media/resources/public/resource\\_816.pdf](http://njjn.org/media/resources/public/resource_816.pdf)
- Becker, J. V. og Murphy, W. D. (1998). What we know and do not know about assessing and treating sex offenders. *Psychology, Public Policy, and Law*, 4(1-2), 116.
- Berliner, L. og Elliott, D. M. (2002). Sexual abuse of children. Í J. E. B. Myers (ritstjóri), *The APSAC Handbook on Child Maltreatment* (bls. 55–78). SAGE.
- Colson, M.-H., Boyer, L., Baumstarck, K. og Loundou, A. D. (2013). Female sex offenders: A challenge to certain paradigmes. Meta-analysis. *Sexologies*. doi:10.1016/j.sexol.2013.05.002
- Cortoni, F. A. og Hanson, R. K. (2005). *A review of the recidivism rates of adult female sexual offenders*. Research Branch, Correctional Service of Canada. Sótt 22. september 2013 af [http://www.csc-scc.gc.ca/text/rsrch/reports/r169/r169\\_e.pdf](http://www.csc-scc.gc.ca/text/rsrch/reports/r169/r169_e.pdf)
- Denov, M. S. (2001). A culture of denial: Exploring professional perspectives on female sex offending. *Canadian Journal of Criminology*, 43(3), 303–329.
- Denov, M. S. (2003). To a safer place? Victims of sexual abuse by females and their disclosures to professionals. *Child Abuse & Neglect*, 27(1), 47–61. doi:10.1016/S0145-2134(02)00509-4
- Denov, M. S. (2004). The long-term effects of child sexual abuse by female perpetrators: A qualitative study of male and female victims. *Journal of Interpersonal Violence*, 19(10), 1137–1156. doi:10.1177/0886260504269093
- Dube, S. R., Anda, R. F., Whitfield, C. L., Brown, D. W., Felitti, V. J., Dong, M. o.fl. (2005). Long-term consequences of childhood sexual abuse by gender of victim. *American Journal of Preventive Medicine*, 28(5), 430–438. doi:10.1016/j.amepre.2005.01.015

- Embry, R. og Lyons, P. M. (2012). Sex-based sentencing: Sentencing discrepancies between male and female sex offenders. *Feminist Criminology*, 7(2), 146–162. doi:10.1177/1557085111430214
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. USA: The McGraw-Hill Companies, Inc.
- Finkelhor, D. (1994). The international epidemiology of child sexual abuse. *Child Abuse & Neglect*, 18(5), 409–417. doi:10.1016/0145-2134(94)90026-4
- Finkelhor, D. og Browne, A. (1985). The traumatic impact of child sexual abuse: A conceptualization. *American Journal of Orthopsychiatry*, 55(4), 530–541. doi:10.1111/j.1939-0025.1985.tb02703.x
- Finkelhor, D., Hotaling, G., Lewis, I. . og Smith, C. (1990). Sexual abuse in a national survey of adult men and women: Prevalence, characteristics, and risk factors. *Child Abuse & Neglect*, 14(1), 19–28. doi:10.1016/0145-2134(90)90077-7
- Fortney, T., Levenson, J., Brannon, Y. og Baker, J. N. (2007). Myths and facts about sexual offenders: Implications for treatment and public policy. *Sexual Offender Treatment*, 2(1).
- Freiburger, T. L. (2009). The effects of gender, family status, and race on sentencing decisions. *Behavioral Sciences & the Law*, 28, 378-395. doi:10.1002/bsl.901
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, Félagsvísindadeild* (bls. 181–189). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Gannon, T. A., Rose, M. R. og Ward, T. (2008). A descriptive model of the offense process for female sexual offenders. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 20(3), 352–374.
- Glasser, M., Kolvin, I., Campbell, D., Glasser, A., Leitch, I. og Farrelly, S. (2001). Cycle of child sexual abuse: links between being a victim and becoming a perpetrator. *The British Journal of Psychiatry*, 179(6), 482–494. doi:10.1192/bjp.179.6.482
- Harris, D. (2010). Theories of female sexual offending. Í T. A. Gannon og F. Cortoni (ritstjórar), *Female Sexual Offenders: Theory, Assessment and Treatment* (bls. 31–51). Wiley-Blackwell.
- Heil, P., Simons, D. og Burton, D. (2010). Using the polygraph with female sexual offenders. Í T. A. Gannon og F. Cortoni (ritstjórar), *Female Sexual Offenders: Theory, Assessment and Treatment* (bls. 143–160). Wiley-Blackwell.
- Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). *Tímarit félagsráðgjafa*, 2, 15-24.
- Hindman, J. og Peters, J. M. (2001). Polygraph testing leads to better understanding adult and juvenile sex offenders. *Federal Probation*, 65(3), 8–15.
- Holmes, G. R., Offen, L. og Waller, G. (1997). See no evil, hear no evil, speak no evil: why do relatively few male victims of childhood sexual abuse receive help for abuse-related issues in adulthood? *Clinical Psychology Review*, 17(1), 69–88.



- Hrefna Ólafsdóttir. (2011). Börn þvinguð til kynlífs – Rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 235–268). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hulme, P. A. (2004). Retrospective measurement of childhood sexual abuse: A review of Instruments. *Child Maltreatment*, 9(2), 201–217. doi:10.1177/1077559504264264
- Kendall-Tackett, K. A., Williams, L. M. og Finkelhor, D. (1993). Impact of sexual abuse on children: A review and synthesis of recent empirical studies. *Psychological Bulletin*, 113(1), 164–180. doi:10.1037/0033-2909.113.1.164
- Lisak, D. (1994). The psychological impact of sexual abuse: content analysis of interviews with male survivors. *Journal of Traumatic Stress*, 7(4), 525–548.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* nr. 19/2013.
- Maniglio, R. (2009). The impact of child sexual abuse on health: A systematic review of reviews. *Clinical Psychology Review*, 29(7), 647–657. doi:10.1016/j.cpr.2009.08.003
- Matthews, J. K., Mathews, R. og Speltz, K. (1991). Female sexual offenders: A typology. Í M. Q. Patton (ritstjóri), *Family Sexual Abuse: Frontline Research and Evaluation* (bls. 199–219). Newbury Park: Sage Publications.
- Merino, B. L. V. (2009). *Perceptions of gender and parental status in child sexual abuse*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Regent. Sótt 29. september 2013 af <http://search.proquest.com/docview/305248039/abstract/140CF190D854D59401/9?accountid=28822>
- Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (1999). *Child Maltreatment: An Introduction*. Thousand Oaks: Sage Publications.
- Nunes, K. L., Hermann, C. A., Malcom, R. J. og Lavoie, K. (2013). Childhood sexual victimization, pedophilic interest, and sexual recidivism. *Child Abuse & Neglect*, 37(9), 703–711. doi:10.1016/j.chiabu.2013.01.008
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau: Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Pereda, N., Guilera, G., Forns, M. og Gómez-Benito, J. (2009). The international epidemiology of child sexual abuse: A continuation of Finkelhor (1994). *Child Abuse & Neglect*, 33(6), 331–342. doi:10.1016/j.chiabu.2008.07.007
- Pérez-Fuentes, G., Olfson, M., Villegas, L., Morcillo, C., Wang, S. og Blanco, C. (2013). Prevalence and correlates of child sexual abuse: a national study. *Comprehensive Psychiatry*, 54(1), 16–27. doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.comppsy.2012.05.010
- Rannveig Traustadóttir. (1993). Nýjungar í atvinnumálum fatlaðra: Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðum frá starfsdeild Öskjuhlíðarskóla. Reykjavík: Landssamtökin Proskahjálp.
- Reid, S. T. (1997). *Crime and Criminology*. Madison: Brown & Benchmark.
- Rossegger, A., Wetli, N., Urbaniok, F., Elbert, T., Cortoni, F. og Endrass, J. (2009). Women convicted for violent offenses: Adverse childhood experiences, low level of education and poor mental health. *BMC Psychiatry*, 9(1), 81. doi:10.1186/1471-244X-9-81

- Salter, D., McMillan, D., Richards, M., Talbot, T., Hodges, J., Bentovim o.fl. (2003). Development of sexually abusive behaviour in sexually victimised males: a longitudinal study. *The Lancet*, 361(9356), 471–476. doi:10.1016/S0140-6736(03)12466-X
- Sandler, J. C. og Freeman, N. J. (2007). Typology of female sex offenders: A test of vandiver and kercher. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 19(2), 73–89. doi:10.1177/107906320701900201
- Saradjian, J. (2010). Understanding the prevalence of female-perpetrated sexual abuse and the impact of that abuse on victims. Í T. A. Gannon og F. Cortoni (ritstjórar), *Female Sexual Offenders: Theory, Assessment and Treatment* (bls. 9–30). Wiley-Blackwell.
- Schatzel-Murphy E. A., Harris, D. A., Knight, R. A. og Milburn, M. A. (2009). Sexual coercion in men and women: Similar behaviors, different predictors. *Archives of Sexual Behavior*, 38(6), 974–986. doi:10.1007/s10508-009-9481-y
- Schatzel-Murphy, E. A. (2011). *Expanding a Model of Female Heterosexual Coercion: Are Sexually Coercive Women Hyperfeminine?* Doktorsritgerð: Háskólinn í Massachusetts. Sótt 25. september 2013 af [http://scholarworks.umb.edu/doctoral\\_dissertations/47/](http://scholarworks.umb.edu/doctoral_dissertations/47/)
- Sigríður Björnsdóttir. (2011). Forvarnasamtökin Blátt áfram. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 473–483). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2011). Þögn þjáning: Samanburður á áhrifum kynferðislegs ofbeldis í bernsku á heilsufar og líðan karla og kvenna. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 317–353). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurdardóttir, S., Halldorsdóttir, S. og Bender, S. S. (2012). Deep and almost unbearable suffering: consequences of childhood sexual abuse for men's health and well-being. *Scandinavian Journal of Caring Sciences*, 26(4), 688–697. doi:10.1111/j.1471-6712.2012.00981.x
- Stígamót. (e.d.). *Ársskýrslur*. Sótt 20. ágúst 2013 af <http://stigamot.is/index.php/arsskyrslur>
- Svala Ísfeld Ólafsdóttir. (2011). Refsiákvæði sem varða kynferðisbrot gegn börnum. Í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstjóri), *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum* (bls. 57–107). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Taylor, S. J. og Robert, B. (1998). *Introduction to qualitative research methods: a guidebook and resource* (3. útgáfa). Canada: John Wiley & Sons, Inc.
- Tsopelas, C., Tsetsou, S., Ntounas, P. og Douzenis, A. (2012). Female perpetrators of sexual abuse of minors: What are the consequences for the victims? *International Journal of Law and Psychiatry*, 35(4), 305–310. doi:10.1016/j.ijlp.2012.04.003
- Umboðsmaður barna. (e.d.). *Kynferðisofbeldi*. Sótt 19. september 2013 af <http://www.barn.is/barn/adalsida/malaflokkar/ofbeldi/kynferdisofbeldi/>
- Vandiver, D. M. og Walker, J. T. (2002). Female sex offenders: An overview and analysis of 40 cases. *Criminal Justice Review*, 27(2), 284–300. doi:10.1177/073401680202700205
- Vandiver, Donna M. (2006). Female sex offenders: A comparison of solo offenders and co-offenders. *Violence and Victims*, 21(3), 339–54.

- Ward, T. og Hudson, S. M. (1998). The construction and development of theory in the sexual offending area: A metatheoretical framework. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 10(1), 47–63. doi:10.1023/A:1022106731724
- Widom, C. S. og Ames, M. A. (1994). Criminal consequences of childhood sexual victimization. *Child Abuse & Neglect*, 18(4), 303–318. doi:10.1016/0145-2134(94)90033-7
- Wijkman, M., Bijleveld, C. og Hendriks, J. (2010). Women don't do such things! Characteristics of female sex offenders and offender types. *Sexual Abuse: A Journal of Research and Treatment*, 22(2), 135–156. doi:10.1177/1079063210363826
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2009). *Á mannamáli: Ofbeldi á Íslandi: Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*. Reykjavík: JPV útgáfa.



## Viðauki 1 – Viðtalsvísir

### Kynning

Byrja á að fá almennar bakgrunns upplýsingar eins og menntun (menntunarstig), hjúskaparstöðu, fjöldi barna, atvinna og svo framvegis.

### Upphaf KOF (mun nota það orð sem viðmælandi notar yfir KOF)

Hvað varstu gamall þegar KOF byrjaði?

Hvernig byrjaði það?

- ef það stigmagnaðist, hve langan tíma tók það?

Yfir hversu langt tímabil (mörg skipti) stað KOF yfir?

Hvað fól KOF í sér?

### Gerandinn (kannski byrja á þessum hluta)

Hver eru tengsl þín við gerandann?

Hversu gamall var gerandinn? (þegar KOF hófst)

### Endir á KOF

Hvað varð til þess að þú sagðir frá KOF? Hverjum sagðir þú frá KOF? Varstu búin að gera tilraunir til að segja frá KOF fyrir þann tíma?

Hvernig voru viðbrögðin þegar þú sagðir frá KOF?

Hvernig leið þér með viðbrögðin? Hvernig hefðir þú viljað að þau væru?

### Staðan í dag

Hvaða afleiðingar telur þú að þessi reynsla hafi haft á þig? (spyrja náið út í hvert og eitt atriði).

Hvernig hefur gengið í nánnum samböndum? Samskipti við maka/tengsl við börnin.

Hefur þú leitað þér að faglegrri aðstoð? Ef svo, hvenær? Finnst þér það hafa skilað árangri.

Var eitthvað sérstakt sem gerði það að verkum að þú leitaði þér að aðstoð?

Hefur þú sagt einhverjum frá KOF eftir að þú varst fullorðinn? Hvernig hafa viðbrögðin verið?

Finnst þér þú geta talað um þessa reynslu við einhvern í dag?

## **Framtíðarsýn**

Hvernig finnst þér úrræði fyrir þolendur KOF vera á Íslandi? En fyrir karlmenn? Myndir þú vilja hafa eitthvað öðruvísi/annað?

Hver er þín upplifun á umræðunni/viðhorfum um KOF gegn drengjum?

Hefur þú orðið var við fordóma gagnvart KOF gegn drengjum/karlkyns þolendum?

Að lokum, er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri sem hefur ekki komið fram.

Muna: Ef þú telur þig þurfa að ræða við einhvern eftir þetta viðtal þá stendur þér til boða að ræða við Jóhann Loftsson sálfræðing þér að kostnaðarlausu. Þú getur pantað tíma hjá honum í síma: 568-8772.

## Viðauki 2 – Upplýsingar til þátttakenda rannsóknarinnar



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku þar sem gerandinn er kona – afleiðingar á líf og líðan karlkyns þolenda.**

### Upplýsingar til þátttakenda rannsóknarinnar

Kæri viðtakandi,

Fyrirhugað er að hefja ofangreinda rannsókn á vegum Félagsráðgjafadeildar Háskóla Íslands. Rannsóknin er meistaraverkefni í félagsráðgjöf til starfsréttinda.

#### Ábyrgðarmaður rannsóknar:

Dr. Freydis Jóna Freysteinsdóttir, dósent við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands.

Aðsetur: Sæmundargata 2, 101 Reykjavík

Netfang: [fjf@hi.is](mailto:fjf@hi.is) Sími: 525-4334

#### Rannsóknaraðili:

Hilmar Jón Stefánsson, MA nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands.

Netfang: [hjs6@hi.is](mailto:hjs6@hi.is) Sími: 691-7533

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hverjar eru afleiðingar kynferðisofbeldis á líf og líðan drengja sem hafa verið misnotaðir í æsku af konum.

#### Þátttaka í þessari rannsókn felur í sér:

- Eigindlegt viðtal við rannsóknaraðila, þar sem spurningar verða opnar og viðtal tekið upp á upptökutæki.
- Staðsetning viðtala verður ákveðin í samráði við þátttakendur í því umhverfi sem þeim þykir ákjósanlegt.
- Við áætlum að viðtalið muni taka um það bil klukkustund.
- Í viðtalinu er leitast eftir að fá innsýn í líf og líðan karlmanna sem hafa verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku þar sem gerandinn var kona.

#### Persónuvernd:

- Rannsóknaraðili er bundinn trúnaði og þagnarskyldu varðandi þær upplýsingar sem þú veitir. Persónueinkenni verða með öllu afmáð og nöfnum og



staðháttum breytt. Fyllstu nafnleyndar gætt og farið að íslenskum lögum varðandi persónuvernd, vinnslu og eyðingu frumgagna.

- Rannsóknargögn verða varðveitt á öruggum stað hjá ábyrgðarmanni á meðan á rannsókn stendur og öllum gögnum verði eytt að rannsókn lokinni.
- Rannsóknaraðili hefur tilkynnt rannsóknina til Persónuverndar.
- Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar.
- Í tengslum við rannsóknina mun einungis ábyrgðarmaður rannsóknar og rannsóknaraðili hafa aðgang að viðtalinu.

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Sími: 551-7100, fax: 551-1444, tölvupóstfang: [visindasidanefnd@vs.n.stjr.is](mailto:visindasidanefnd@vs.n.stjr.is).

#### **Frekari upplýsingar:**

- Rannsóknaraðili og ábyrgðarmaður rannsóknar áskilja sér rétt til að nota gögn rannsóknarinnar þar til MA verkefnið verður birt.
- Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í MA-verkefni rannsóknaraðila, en rannsóknaraðili og ábyrgðarmaður rannsóknar áskilja sér rétt til að birta niðurstöður á öðrum vettvangi.
- Við viljum vekja athygli á að þér ber engin skylda til að taka þátt í þessari rannsókn. Þátttakanda er heimilt að hætta hvenær sem er og án eftirmála.
- Þetta upplýsta samþykki er í tveimur eintökum og mun rannsóknaraðili halda öðru eintakinu en þátttakandi hinu.
- Framlag þitt er forsenda þess að hægt sé að framkvæma þessa rannsókn og bendum við á að þátttaka þín gæti stuðlað að aukinni þekkingu á kynferðisofbeldi gegn karlmönnum og afleiðingum á líf þeirra.
- Ef þátttakandi telur sig þurfa á stuðning að halda eftir viðtalið þá stendur til boða að fá viðeigandi aðstoð þér að kostnaðarlausu. Vinsamlegast hafið sambandi við rannsakanda eða ábyrgðarmann rannsóknar fyrir nánari upplýsingar.





Kær kveðja,  
með von um góðar undirtektir,

---

Undirskrift ábyrgðarmanns rannsóknar.

Sími: 525-4334

---

Undirskrift rannsóknaraðila.

Sími: 691-7533



## Viðauki 3 – Upplýst samþykki



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Drengir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku þar sem gerandinn er kona – afleiðingar á líf og líðan karlkyns þolenda.**

### Upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókn

#### Ábyrgðarmaður rannsóknar:

Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent við Félagráðgjafadeild Háskóla Íslands.

Netfang: fjf@hi.is

#### Rannsóknaraðili:

Hilmar Jón Stefánsson, MA nemi í félagráðgjöf til starfsréttinda við Háskóla Íslands.

Netfang: hjs6@hi.is

Sími: 691-7533

#### Þátttaka í þessari rannsókn felur í sér:

- Eigindlegt viðtal við rannsóknaraðila, þar sem spurningar verða opnar og viðtal tekið upp á upptökutæki.
- Í viðtalinu er leitast eftir að fá innsýn í líf og líðan karlmanna sem hafa verið þolendur kynferðisofbeldis í æsku þar sem gerandinn var kona.
- Við áætlum að viðtalið muni taka um það bil klukkustund.

#### Persónuvernd:

- Rannsóknaraðili er bundin trúnaði og þagnarskyldu varðandi þær upplýsingar sem þú veitir. Engin persónuauðkenni verða notuð í rannsókninni og fyllstu nafnleyndar gætt.
- Rannsóknaraðili hefur tilkynnt rannsóknina til Persónuverndar.
- Í tengslum við rannsóknina mun einungis ábyrgðarmaður rannsóknar og rannsóknaraðili hafa aðgang að viðtalinu.

#### Frekari upplýsingar:

- Rannsóknaraðili og ábyrgðarmaður rannsóknar áskilja sér rétt til að nota gögn rannsóknarinnar þar til MA verkefnið verður birt.



- Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í MA-verkefni rannsóknaraðila, en rannsóknaraðili og ábyrgðarmaður rannsóknar áskilja sér rétt til að birta niðurstöður á öðrum vettvangi.
- Við viljum vekja athygli á að þér ber engin skylda til að taka þátt í þessari rannsókn. Þátttakanda er heimilt að hætta hvenær sem er og án eftirmála.
- Þetta upplýsta samþykki er í tveimur eintökum og mun rannsóknaraðili halda öðru eintakinu en þátttakandi hinu.
- Framlag þitt er forsenda þess að hægt sé að framkvæma þessa rannsókn og bendum við á að þátttaka þín gæti stuðlað að aukinni þekkingu á kynferðisofbeldi gegn karlmönnum og afleiðingum á líf þeirra.
- Ef þátttakandi telur sig þurfa á stuðning að halda eftir viðtalið þá stendur til boða að fá viðeigandi aðstoð. Vinsamlegast hafið sambandi við rannsakanda eða ábyrgðarmann rannsóknar fyrir nánari upplýsingar.

Ég staðfesti hér með undirskrift minni að ég hef lesið upplýsingarnar um rannsóknina sem mér voru afhentar, hef fengið tækifæri til að spyrja spurninga um rannsóknina og fengið fullnægjandi svör og útskýringar á atriðum sem mér voru óljós. Ég hef af fúsum og frjálsum vilja ákveðið að taka þátt í rannsókninni. Mér er ljóst, að þó ég hafi skrifað undir þessa samstarfsyfirlýsingu, get ég stöðvað þátttöku mína hvenær sem er án útskýringa og án áhrifa á þá lækniþjónustu sem ég á rétt á í framtíðinni.

Mér er ljóst að rannsóknargögnum verður eytt að rannsókn lokinni og eigi síðar en einu ári frá úrvinnslu rannsóknargagna. Mér hefur verið skýrt frá fyrirkomulagi trygginga fyrir þátttakendur í rannsókninni.

---

Dagsetning.

---

Undirskrift og kennitala þátttakanda.

---

Undirskrift rannsóknaraðila.